

Leiðarvísir

Designer Brilliance™ | 80

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28 og UL1594.

ÁRÍÐANDI ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þegar þið notið rafmagnstæki ætti ávallt að gæta grundvallar öryggisatriða og þar á meðal eftirfarandi:

Lesið allar leiðbeiningar áður en þið byrjið að nota saumavélina. Geymið allar leiðbeiningar á hentugum stað og nálægt vélinni. Munið að láta þriðja aðila fá allar leiðbeiningar með vélinni ef þið lánið vélina.

HÆTTA — TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR RAFMAGNSSTUÐ:

- Saumavélina á aldrei að skilja eftir tengda við rafmagn, og auðvelt verður að vera að komast að rafmagnstenglinum sem vélin er tengd við. Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn eftir notkun og einnig þegar þið þurfið hreinsa hana, losa um lok, smyrja eða þegar þið eruð að framkvæma einhverjar stillingar sem teknar eru fram í leiðarvísinum.

VIÐVÖRUN — TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR HÆTTU AF BRUNA, ELDI, RAFMAGNS- STUÐI EÐA SLYSI Á FÓLKI:

- Leyfið engum að nota vélina sem leikfang. Þið þurfið að fylgjast vel með þegar saumavélin er notuð af eða nálægt börnum.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísi vélarinnar og notið eingöngu þá fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar og lýst er í þessum leiðbeiningum.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslur eða klær á þeim eru skemmdar, né ef vélin hefur skemmst eða dottið í vatn. Komið vélinni þá sem allra fyrst til næsta umboðsaðila til athugunar, viðgerðar eða stillinga.
- Notið saumavélina aldrei ef loftraufarnar á henni eru ekki vel opnar. Gætið þess vel að engin ló eða önnur óhreinindi safnist fyrir í loftraufum vélarinnar eða fótómótstöðunnar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið ávallt viðeigandi stingplötu. Röng plata getur orsakað að nálin brotni.
- Notið aldrei bognar nálar.
- Togið ekki eða ýtið á efnið þegar þið saumið — það gæti orsakað að nálin rekist í málmhluti vélarinnar.
- Notið jafnvel öryggisgleraugu.
- Slökkvið ávallt á vélinni (“0”) þegar unnið er nálægt nálar svæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipta um nál, saumfót eða spólu.
- Gætið þess að engir smáhlutir detti í gegn um raufarnar inn í vélina.
- Notið vélina aldrei utanhúss.
- Notið vélina ekki þar sem verið er að nota úðæfni (spray) eða þar sem unnið er með súrefni.
- Til að aftengja vélina setjið þið allar stillingar á (“0”) stöðu, og takið rafleiðsluna síðan úr sambandi við vegg tengil.
- Aftengið vélina ekki við rafmagn með því að toga í leiðsluna — takið um klóna en ekki leiðsluna.
- Fótómótstaðan er eingöngu notuð til að láta vélina ganga. Setjið aldrei farg á fótómótstöðuna

- Notið vélina aldrei ef hún er rök eða blaut.
- Ef díóðu lýsingin (LED) er skemmd eða brotin verður viðurkenndur þjónustuaðili framleiðanda að skipta um hana.
- Það sama á við um rafleiðslurnar í mótstöðuna — viðurkenndur þjónustuaðili framleiðanda á að skipta um hana.
- Saumavél þessi er með tvöfalda einangrun. Sjá nánar leiðbeiningar um viðgerðir á tækjum sem eru með tvöfalda einangrun.

GEYMIÐ LEIÐBEININGARNAR

AÐEINS FYRIR EVRÓPU (GENELEC) LÖND:

Börn 8 ára og eldri svo og aðilar með líkamlega eða andlega skerta starfsemi eða skynjun mega nota saumavélina ef þau hafa fengið tilsögn í notkun hennar og skilja hætturnar sem af svona vél geta stafað, og/eða ef fylgst er með þeim þegar þau nota hana. Börn eiga þó aldrei að nota vélina sem leikfang. Hreinsun og annað viðhald eiga þó eingöngu fullkomnir að framkvæma.

Hávaðastig í venjulegri notkun er minni en..

Vélina má eingöngu nota með fótómótstöðu framleidda af Shanghai Binao Precision Mould Co., Ltd.

FYRIR ÖNNUR LÖND EN EVRÓPU (GENELEC):

Þessi saumavél er ekki ætluð til notkunar þeirra (börn þar með talin) sem eru líkamlega eða andlega skert eða með skerta skynjun, eða sem ekki hafa fengið til þess kunnáttu eða reynslu, nema því aðeins að þau hafi fengið leiðbeiningar og kennslu um notkun saumavélarinnar hjá aðila sem er ábyrgur fyrir öryggi þeirra.

Hávaðastig í venjulegri notkun er minni en..

Vélina má eingöngu nota með fótómótstöðu framleidda af Shanghai Binao Precision Mould Co., Ltd.

ÞJÓNUSTA Á RAFTÆKJUM MEÐ TVÖFALDA EINANGRUN

Í tækjum með tvöfalda einangrun eru tvö kerfi af einangrun í stað jarðtengingar. Engin jarðtenging er notuð á tækjum með tvöfalda einangrun, og ekki má jarðtengja slík tæki. Þjónustu við tæki með tvöfalda einangrun mega eingöngu þeir framkvæma sem hafa til þess þekkingu og réttindi. Varahlutir í tæki með tvöfaldri einangrun verða ávallt að vera nákvæmlega eins og hluturinn sem var í tækinu. Tæki sem er með tvöfalda einangrun eru merkt með orðunum 'DOUBLE INSULATION' eða 'DOUBLE INSULATED'.

EFNISYFIRLIT

I Inngangur 9

Þetta er sami leiðarvísir og er innbyggður í vélina	10
Uppfærðar upplýsingar.....	10
Rápað um leiðarvísinn.....	10
Yfirlit yfir vél.....	11
Að framan	11
Nálarsvæði.....	12
Að aftan	12
Hólf fyrir fylgihluti	12
Útsaums áhaldið	12
Aðgerðarhnappar	13
Hraði	13
Nálin stöðvast uppi eða niðri	13
Klippi aðgerð	13
Afturábak	13
Start/Stop.....	13
FIX aðgerð	14
STOP aðgerð	14
Saumfótur niður og í sveifluhæð	14
Saumfótur upp og í aukalega hæð.....	14
Ábendingar í sambandi við skjáinn.....	15
Fylgihlutir	16
Fylgihlutir vélarinnar.....	16
Rammar sem fylgja	16
Saumfætur	17
Yfirlit yfir sauma	19
Nytjasaumar.....	19
Saumavalmynd - yfirlit.....	22
Stafróf.....	22

2 Undirbúningur 23

Vélin og útsaumsáhaldið tekið upp.....	24
Tengið vélina við rafmagn og fótómststöðuna við vélina.....	24
Gengið frá vélinni að saum loknum.....	25
USB tengill	25
Notkun á USB tæki	25
Byrjað á WiFi og mySewnet™ skýinu (Cloud).....	26
Díóðu ljós.....	26
Fríarmur.....	26
Handvirkir tvinnahnífar	26
Tvinnanemi	27
Keflispinnar	27
Lárétta staðan.....	27
Lóðrétt staða.....	28
Aukalegi keflispinninn.....	28
Tvinnar	29
Nálar	30
Áríðandi upplýsingar um nálar.....	30
Skipt um nál	31
Þræðing á yfirtvinna	31

Láréttur keflispinni	31
Þræðari fyrir nál	32
Val á réttum tvinna / og réttri nál fyrir þann tvinna.....	33
Þræðing á tvíburanál	34
Spólað á spóluna.....	35
Spólun í gegn um nálina.....	35
Sérstakir tvinnar spólaðir á spóluna	36
Spólað á spóluna á meðan þið saumið	36
Spólan sett í vélina	37
Skipt um saumfót.....	37
Hnappagatafóturinn með nemanum settur á vélina.....	38
“Sensor” Q-fóturinn settur á vélina.....	38
Yfirflytjari með skiptanlegum saumfótum.....	38
Skipt yfir í stingplötu fyrir beint spor.....	40

3 Undirbúningur fyrir útsauma..... 41

Útsaums áhaldið	42
Yfirlit yfir útsaumsramma	42
Sensor Q-fótur	42
Stingplata fyrir beina sauma.....	43
Mynstur	43
DESIGNER BRILLIANCE™ 80 Mynsturbók	43
Útsaumsáhaldið tengt við vélina.....	43
Útsaumsáhaldið fjarlægt	44
Efnið spennt í útsaumsrammann	44
Ramminn settur á og tekinn af	44

4 Alhliða skjárinn 45

Alhliða skjár	46
Dæmi.....	46
Snjall kistan (smart toolbox)	47
Algengar aðgerðir.....	48
OK.....	48
Hætta við	48
Útsaums undirbúningur (edit).....	48
Útsaums saumaskapur (stitch out)	48
Snertið og haldið.....	48
Efri tækjastika	49
WiFi	49
mySewnet™	50
Uppfærsla á þráðlausa fasthugbúnaðinum.....	50
JoyOS advisor™ Aðgerð.....	50
Hraðhjálp	51
Stillingar	51
Víxlað á milli sauma og útsauma	51


5 WiFi & mySewnet™ þjónustur 53

Kynning á WiFi.....	54
Byrjað að nota WiFi.....	54
Falið netkerfi	54

Uppfærsla á fasthugbúnaði með því að nota WiFi.....	55	Sporbreidd.....	85
Uppfærsla hugbúnaðar með því að nota USB tæki.....	56	Sporlegu eða nálar staðsetning.....	85
Ókeypis hugbúnaður (PC).....	57	Sporlengd.....	85
Fyrir PC og MAC tölvur.....	57	Sporþéttleiki.....	86
mySewnet™ þjónusta.....	58	Stærð á tölu.....	86
mySewnet™Reikningur.....	58	Töluáfesting.....	86
mySewnet™Skýið.....	59	Þrýstingur á “Sensor” saumfót.....	87
Notaðrými í mySewnet™ skýinu.....	59	deLuxe™ Stitch System.....	87
Uppsetning á mySewnet™samstillingar tóli á milli skýsins og tölvunnar ykkar.....	60	Speglun.....	88
mySewnet™ Vefgátt.....	61	Byrja á byrjun saums.....	88
mySewMonitor Appið.....	61	Jafnvægi.....	88
6 JoyOS advisor™.....	63	Fríhendis valkostir.....	88
JoyOS advisor™ Kynning.....	64	Ráðleggingar um sauma.....	90
JoyOS advisor™Verkefna valmynd.....	64	Vista saum.....	91
JoyOS advisor™Verkefna skoðari.....	64	Snjall vistun.....	91
JoyOS advisor™Verkefna skoðari - yfirlit.....	65	Umfangsmiklir saumar - Valmynd L.....	92
Myndir í JoyOS advisor™ verkefna skoðara.....	66	Þemu saumar - Valmynd M.....	92
Myndlífgun í JoyOS advisor™verkefna skoðara.....	66	Skrautlegir saumar - Valmynd N.....	93
Saumar í JoyOS advisor™ verkefna skoðara.....	66	“Tapering” (mjókkandi/breikkandi/)	
mySewnet blogg.....	66	saumar - valmynd Q.....	94
Leitað.....	67	“Taper” flatsaums æfingar.....	94
SAUMA RÁÐGJAFI™ - yfirlit.....	68	Fjögurra átta saumar - valmynd S.....	95
Val á efni.....	69	8-átta saumar - Valmynd T.....	96
Hópar af saumatekni.....	70	Sérstakir saumar fyrir aukalega saumfætur.....	97
Grundvallar saumatekni.....	70	Skilaboð í sauma sprettigluggum.....	97
Byrjun.....	73	8 Útsaumur.....	99
Haldið áfram.....	73	Byrjað, að sauma út.....	100
Hlaðið inn snjall vistun (smart save).....	73	Útsaums undirbúningur (edit) - yfirlit.....	101
Bútasaums ráðgjafi.....	74	Hlaðið mynstri í vélina.....	102
Bútasaums tæknihópur.....	74	Hlaða inn saum.....	102
ÚTSAUMS RÁÐGJAFINN™ - Yfirlit.....	75	Hlaða inn stafrófi.....	102
Litur á bakgrunni.....	76	Skráarstjórn.....	103
Valkostir um rúðufleti.....	76	Kista (Toolbox).....	103
Aðlögun.....	76	Fara í rammann.....	103
Útsaums tækni-hópar.....	76	Eyða.....	103
Byrjun.....	76	Afrita.....	103
Haldið áfram.....	76	Hliðarspeglun og endapeglun.....	104
Hlaðið inn snjall vistun (smart save).....	77	Sauma mynstrið núna eða seinna.....	104
Þekkingar-miðja - yfirlit.....	78	Hópa/afhópa.....	104
Leiðbeiningar um undirleggsefni.....	79	Velja allt.....	105
Hrað-leiðbeiningar.....	79	Fjölval.....	105
Sauma leiðbeiningar.....	79	Hvernig á að velja mynstur.....	105
Haldið áfram.....	79	Val á ramma.....	106
7 Saumað.....	81	Snerti aðgerðir.....	107
Byrjað að sauma.....	82	Staðsetning.....	107
Sauma aðgerð - yfirlit.....	83	Snúið.....	107
Hvað er spor eða saumur.....	84	Kvarða.....	108
Veljið saum eða bókstaf.....	84	Flakk.....	109
Hlaðið inn saum eða staf frá öðrum stað.....	84	Súmna.....	109
Stillingar á saumum.....	85	Súmna valkostir.....	109
		Afturkalla/ endurtaka.....	110
		Saumaröð mynstursins.....	110
		Heildarfjöldi spora í heildarmynstrinu.....	110

Vista mynstur.....	111	Valkostir um liti	142
Snjall vistun	111	Raða litablokkum	142
Senda mynstur.....	112	Sameina litablokkir	142
GO	112	Einn litur	142
Farið yfir núverandi mynstur eða texta.....	112	Auðkennið núverandi litablokk.....	143
Breytingar á tvinnalitum.....	114	Valkostir um þræðingar	144
Forrita útsaums texta.....	116	Skilaboð í sprettiglugga í útsaums	
Hanna texta.....	116	saumaskap.....	145
Bæta staf við	116		
Eyða staf	117		
Textamótun.....	117		
Mynstur-form	119		
Æfingar fyrir mynstur-form	119		
Samtenging Endurtaka/Afrita síðasta			
mynstur.	120		
Undirbúið fyrirleggjandi form	120		
Veljið millibil	121		
Veljið línu staðsetningu	121		
Veljið hliðar staðsetningu.....	121		
Fastur mynstur skái	121		
Sjá földan af mynstrunum.....	121		
Mynstur applíkering.....	122		
Breyta stærð	124		
Stillingar fyrir stærðarbreytingar.	125		
Byrjið breytingu á stærð	126		
Áriðandi upplýsingar um breytingu á stærð	126		
Sprettigluggar í útsaums undirbúningi.....	127		
9 Útsaums saumaskapur (stitch out).....	129		
Útsaums saumaskapur - yfirlit.....	130		
Velkomin í útsaums saumaskap	131		
Listi yfir litablokkir	132		
Súmma	133		
Súmm valkostir.....	133		
Athugun á hornum	133		
Valkostir um staðsetningu ramma	133		
Núverandi spor staðsetning	133		
Geymslustaða.....	133		
Klippistaða	134		
Miðstaða/staða til að fjarlægja ramma	134		
Mynstur staðsetning.....	135		
Súmma að bendli	135		
Stilla bendilspunkt	136		
Staðsetjið og snúið mynstri	136		
deLuxe™ Stitch System.....	139		
Snjall vistun	139		
Sjálfvirk snjall vistun	140		
Litur á tvinnakeflumi.....	140		
Farið til baka í útsaums undirbúning.....	140		
Sauma spor fyrir spor / Fara á spor			
númer.....	141		
Fjöldi spora í núverandi litablokk.....	141		
Fjöldi spora í mynstur samsetningunni.....	141		
Tími sem eftir er í litablokkinni	141		
		10 Forrit.....	147
		Forrit - yfirlit.....	148
		Hannaytt forrit.....	149
		Breyta eða laga hannað forrit.	150
		Breyta eða laga stafa forrit	151
		Stillið heildar mynstrið.	152
		Skipanir í sauma forritum	152
		Vistaforrit	154
		Saumið eða saumið út forritið.....	154
		Sprettiglugga skilaboð í forritun.	154
		11 Stillingar	157
		Bráðabirgða sauma stillingar.....	158
		deLuxe™ Stitch System.....	158
		Sjálfvirk fótlyfting.....	158
		Sjálfvirk tvinnaklipping.....	158
		Sjálfvirkt FIX	158
		Valkostir við að takmarka sauma.....	158
		Valkostir fyrir flytjara	159
		Bráðabirgða útsaums stillingar.....	159
		deLuxe™ Stitch System.....	159
		Tegund útsaumsfótar	159
		Valkostir um tvinnaklippingar.....	159
		Tvíburanálar - valkostir	160
		Sjálfgefnar stillingar	161
		deLuxe™ Stitch System - Sjálfgafið	161
		“Sensor” fótlyfting - sjálfgefin	161
		Sjálfvirk tvinnaklipping - sjálfgefin.....	161
		Sjálfvirkt FIX - sjálfgafið	161
		Fríhendis valkostir - sjálfgefnir.....	161
		Sjálfgefnar útsaums stillingar	162
		deLuxe™ Stitch System - Sjálfgafið	162
		Valkostir um tvinnaklippingar - sjálfgefnar.....	162
		Útsaums sveifluhæð - sjálfgafið.....	162
		Mínir rammar	162
		Véla stillingar.....	163
		Tungumál	163
		Hljóðstýrkur.....	163
		Sjálfvirk endurtekning	163
		Gælunafn fyrir vélina	163
		Læsið skjánum.....	163
		Birtustilling á díóðu ljósinu	163
		Mæli-einingar.....	163
		Stillingar á klukkunni	163
		Notkun	163
		WiFi stillingar	164

	mySewnet™ Stillingar.....	164
	Upplýsingar um vélina.....	164
12	Skráarstjórn.....	165
	Skráarstjórn - Yfirlit.....	166
	Skráarsnið	167
	Skoðið skráarstjórnina	167
	Opnið skrá eða möppu	167
	Farið upp um eina möppu.....	168
	Skoðun á listum/smámyndum	168
	mySewnet™ Mappa í skýinu	168
	Innbyggð mynstur	168
	USB tæki.....	168
	Skipuleggja	169
	Hanna nýja möppu.....	169
	Endurskíra skrá eða möppu	169
	Færa möppu eða skrá.....	169
	Afrita skrá eða möppu	169
	Eyða skrá eða möppu	170
	Víxlið á milli “breytinga” (edit) og “síu” (filter) skoðunar	170
	Sía skrár.....	170
	Sprettigluggar í skráarstjórn.....	171
13	Viðhald.....	172
	Vélin hreinsuð að utan.....	173
	Fjarlægjið stingplötuna og hreinsið gríparasvæðið	173
	Hreinsað undir spólusvæðinu.....	173
	Stingplatan sett á sinn stað.....	174
	Gangtruflanir og ráð við þeim.....	174
	Tengjanleiki - bilanagreining.....	177
	Þjónusta	177
	Hlutir og aukahlutir sem ekki eru frá PFAFF.....	177
	Tæknilegar upplýsingar.....	178
14	ÁRÍÐANDI.....	179
	ÁRÍÐANDI ÖRYGGIS LEIÐBEININGAR....	179
	HÆTTA — TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR RAFMAGNSSTUÐ:	179
	VIÐVÖRUN — TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR HÆTTU AF BRUNA, ELDI, RAFMAGNS- STUÐI EÐA SLYSI Á FÓLKI:	179
	GEYMIÐ LEIÐBEININGARNAR.....	179
	ÞJÓNUSTA Á RAFTÆKJUM MEÐ TVÖFALDA EINANGRUN	180
	Licenses	180

An abstract graphic design featuring a series of parallel diagonal stripes in various shades of blue, ranging from dark navy to light sky blue. A thick, dark blue curved line starts near the top left and sweeps across the page towards the bottom right. The text 'I Inngangur' is positioned in the upper right area of the page.

I Inngangur

Þetta er sami leiðarvísir og er innbyggður í vélina

Innbyggði leiðarvísirinn er með sömu upplýsingar og eru í þessum prenthæfa leiðarvísi sem fylgir DESIGNER BRILLIANCE™ 80 sauma-og útsaumsvélinni, ásamt upplýsingum varðandi aðgerðir og eiginleika sem nálgast má á skjá vélarinnar.

Innbyggði leiðarvísirinn er alltaf með nýjustu uppfærslum ef vélin er sjálfkrafa uppfærð af ykkur með reglulegu millibili.

Uppfærðar upplýsingar

Snertið leitartáknið (search) og þá opnast gluggi sem gerir ykkur kleift að leita innan leiðarvísisins. Stimplið inn leitarorðið og snertið síðan stækkunarglerið. Vélín sýnir árangur leitarinnar.

Til að leita að upplýsingum í stafrófsröð, snertið þið táknið fyrir atriðaskrána (index).

Til að leita að efni með því að fletta í gegn um kafla leiðarvísisins snertið þið hnappinn fyrir efnisyfirlitið.


Ath: Atriðaskráin og efnisyfirlitið koma fram sem felligluggar hægra megin á skjánum og hylja þá myndir sem eru þar fyrir. Snertið hnappinn á ný til að loka glugganum.

Rápað um leiðarvísinn.

Í innbyggða leiðarvísinum getið þið rennt fingri upp eða niður til að rápa innan viðkomandi blaðsíðu, dregið fingur saman eða sundur til að draga textann að ykkur til að stækka hann eða snerta undirstrikaða tengingu til að fara á þann stað.


Lesið meira um ráp á skjánum í uppflettikaflanum .

Ef þið rápið í gegn um leiðarvísinn með því að snerta tengla, þá getið þið auðveldlega farið fram og til baka með því að snerta örvarnar. Fyrir neðan örvarnar sjáið þið nafnið á þeim kafla sem þið eruð stödd í hverju sinni.




Nálarsvæði

1. Innbyggður þræðari fyrir nál
2. Nálstöng
3. Nálárhalda
4. Þræðirauf fyrir yfirtvinna
5. Fótstöng með fóthöldu
6. Saumfótur



Að aftan


1. Handfang
2. Tengill fyrir aukahluti
3. Fríarmur
4. Tengill fyrir útsaumstæki



Hólf fyrir fylgihluti

Í hólfinu eru sérstök svæði fyrir saumfætur, spólur auk svæða fyrir nálur og aðra fylgihluti. Geymið fylgihlutina ávallt í hólfinu þar sem þeir eru þá aðgengilegir.


1. Svæði fyrir aukahluti
2. Svæði fyrir saumfætur
3. Fjarlægjanleg spóluhalda
4. Göt fyrir nálur




Útsaums áhaldið

(tegund BE 17)

1. Losunartakki fyrir útsaumsáhald(neðantil)
2. Útsaumsarmur
3. Mótstykki fyrir útsaumsrammana.
4. Stillanlegir fætur.
5. Tengill fyrir útsaumsáhald



Aðgerðarhnappar



- | | | |
|------------------------------------|------------------------------|------------------------------------|
| 1. Hraði | 4. Nálin stöðvist uppi/niðri | 7. Saumfótur niður og í sveifluhæð |
| 2. Hnappur fyrir tvinnaklippu | 5. STOP aðgerð | 8. Start/stop |
| 3. Saumfótur upp og í aukalega hæð | 6. FIX aðgerð | 9. Afturábak |

Hraði

Allir saumar og mynstur í vélinni eru með fyrirfram ákveðinn hámarks saumhraða til að tryggja góðan árangur.

Vélin mun aldrei sauma hraðar en fyrirfram ákveðinn saumhraði sem valinn var fyrir þann saum sem verið er að sauma. Ýtið á hnappinn fyrir saumhraðann þegar vélin er ekki í gangi og upp kemur sprettigluggi sem sýnir valinn hraða. Þið getið stillt hraðann með sledanum í sprettiglugganum eða með því að snerta hnappinn fyrir hraðann. Hver snerting á hnappinn eykur hraðann um eitt þrep. Ef vélin er stillt á hámarkshraða, þá mun hver snerting minnka hraðann þar til komið er niður á lágmarkshraða. Síðan eykur vélin hraðann aftur um eitt þrep við hverja snertingu. Ef þið breytið hraðanum á meðan þið saumið þá kemur enginn sprettigluggi á skjáinn.

Nálin stöðvast uppi eða niðri

Ýtið á hnappinn “nálin uppi eða niðri” til að ákveða hvort vélin stöðvist með nálina uppi eða niðri. Þegar vélin er stopp og þið ýtið á þennan hnapp, fer nálin annaðhvort upp eða niður. Ef vélin er stillt þannig að vélin stöðvist með nálina niðri, þá kemur nálartákn með ör sem vísar niður á skjánum.

Ráð: Þið getið einnig komið lauslega við fótstöðuna til að láta nálina stöðvast annaðhvort uppi eða niðri. Snerting á fótstöðu breytir hins vegar ekki þeirri stillingu sem þið voruð búin að ákveða áður.

Klippi aðgerð

Ef þið snertið hnappinn fyrir tvinnaklippingu þá klippir vélin báða tvinnana, lyftir saumfætinum og nálinni og gerir FIX aðgerðina virka fyrir næsta saum.

Til að gera klippingu virka í lok saums snertið þið einfaldlega hnappinn fyrir tvinnaklippingu á meðan þið saumið. Tákn fyrir skæri blikkar á skjánum sem gefur til kynna að beðið hafi verið um klippingu. Þegar saumurinn eða mynstrið er

fullsaumað, klippir vélin báða tvinnana, lyftir saumfætinum og nálinni og gerir FIX aðgerðina virka fyrir næsta ssum.

Ath: Ef sjálfvirk FIX aðgerð og fótþyfting hefur verið afvalin í bráðabirgða stillingum, verður FIX aðgerðin ekki framkvæmd og fótþyfting ekki heldur.

Snertið hnappinn fyrir klippingu á meðan þið eruð að sauma og vélin klippir þá bæði yfir og undirtvinna samstundis.



Sum aukalega fáanleg hjálpartæki eru fest í tvö kringlóttu götin á stingplötunni rétt fyrir ofan lokid yfir gríparanum. Notið aldrei tvinnaklippingu þegar einhver áhöld eru fest í þessi göt, því þau gætu hindrað tvinnahnífinn í að vinna því hann er staðsettur rétt undir stingplötunni.

Afturábak

Þegar afturábak saumur er virkur, kviknar ljós á gaumvísinum. Til að láta vélina ganga stöðugt afturábak ýtið þið einu sinni á afturábak hnappinn áður en þið byrjið að sauma. Það kviknar á afturábak gaumljósinu og vélin saumar afturábak þar til þið snertið hnappinn á ný. Ef þið ýtið á afturábak hnappinn á meðan saumað er, saumar vélin afturábak eins lengi og þið haldið við hnappinn.

Afturábak er einnig notað t.d. þegar þið saumið handstýrð hnappagöt, við ístopp, viðgerðir og mjókkandi/breikkandi sauma (tapering).

Start/Stop

Snertið start/stop hnappinn til að setja vélina í gang eða stöðva hana t.d. þegar þið látið vélina ganga í útsaum án þess að stíga á fótstöðuna. Snertið hnappinn til að láta vélina byrja að sauma og einnig til að stöðva hana.

FIX aðgerð

Fix aðgerðin er notuð til að ganga frá saum í byrjun og lok hans. Snertið hnappinn til að kveikja og slökkva á aðgerðinni Gaumljósið við hliðina á FIX hnappnum logar þegar FIX aðgerðin er virk. Þegar FIX aðgerðin er virk, þá saumar vélin fyrst nokkur heftispor áður en hún byrjar á saumnum sjálfum. Snertið FIX á meðan þið eruð að sauma og þá saumar vélin nokkur heftispor í lok saumsins og stöðvast síðan sjálfkrafa.

Þið getið gert FIX aðgerðina virka í stillingum, sjá Sjálfvirkir FIX sjálfvirkir FIX í innbyggða leiðarvísinum .

STOP aðgerð

Snertið STOP á meðan þið saumið til að ljúka við spor eða saum. Vélin gengur frá í lok saums og stöðvast sjálfkrafa þegar hún hefur lokið við saumaröðina eða sporið. Snertið STOP áður en þið byrjið að sauma og þá saumar vélin sauminn eða sporið aðeins einu sinni. Aðeins einn saumur eða spor er sýnt á skjánum. Kveikt er á gaumljósinu við hliðina á STOP hnappnum svo lengi sem aðgerðin er virk. Til að afturkalla aðgerðina snertið þið STOP á ný eða þegar þið veljið annan saum. Hætt er við STOP aðgerðina þegar vélin hefur lokið við sauminn.

STOP aðgerðin er einnig notuð til að sauma samskonar lengd af saum á nýjan leik t.d. þegar þið eruð að sauma “tapering”

sauma (sjá “Tapering” (mjókkandi/breikkandi/) saumar - valmynd Q, “tapering” saumar í innbyggða leiðarvísinum) og einnig þegar þið saumið handstýrð hnappagöt.

Saumfótur niður og í sveifluhæð

Saumfóturinn fer sjálfkrafa niður þegar þið byrjið að sauma. Til að setja saumfótinn niður áður en þið byrjið að sauma, snertið þið hnappinn fyrir saumfótunið og í sveifluhæð. Saumfótuinn fer alla leið niður og heldur vel við efnið. Snertið hnappinn saumfótur niður og fóturinn fer þá í sveifluhæð.

Í útsaums aðgerð ýtið þið á saumfótur niður til að lækka saumfótinn í útsaums stöðu.

Saumfótur upp og í aukalega hæð.

Snertið hnappinn fyrir fótlyftingu einu sinni til að lyfta saumfætinum. Snertið hann aftur og fóturinn fer þá í aukalega hæð og um leið verður flytjarinn tekinn úr sambandi þannig að auðveldara sé að setja þykk efni undir saumfótinn.


Í útsaums aðgerð er einnig auðveldara að setja og fjarlægja útsaumsrammann á sinn stað.

Ábendingar í sambandi við skjáinn

Rápið um skjáinn samkvæmt ábendingunum hér að neðan.
Frekari upplýsinga, sjá Alhliða skjárkaflann um skjáinn í innbyggðu leiðbeiningunum


Snertið

Snertið hnapp eða skjáinn einu sinni til að velja.




Snertið og haldið

Snertið einu sinni án þess að sleppa í nokkrar sekúndur til að snerta og halda. Notað með nokkrum hnöppum og á skjánum til að komast að frekari upplýsingum.




Þjappa/Teygja

Snertið með tveimur fingrum samtímis og án þess að sleppa. Með því að auka eða minnka fjarlægðina á milli fingranna getið þið teygt á (súmmað að) eða þrengt að (súmmað frá).




Snerta og hreyfa

Snertið viðkomandi mynstur einu sinni og án þess að sleppa, færið þið fingurinn á annan stað á skjánum. Notað t.d. þegar þið færið mynstur til á útsaumsfletinum.



Renna

Snertið, rennið og færið og sleppið síðan fingrinum á skjótan hátt. Vinstri-hægri/hægri-vinstri snerting er notuð t.d. til að rápa á milli forrita fyrir sauma. Upp-niður/niður-upp snerting er notuð t.d. til að rápa innan forritsins sem verið er að nota.




Fylgihlutir

Fylgihlutir vélarinnar

1. Tvinnanet (2)
2. Skrufjárn
3. Sprettihnífur
4. Bursti
5. Jaðar/Bútaums stýring (Fest á fóthölduna eða á fótinn fyrir efri flytjarann)
6. Fíltskífur (2)
7. Skífa fyrir tvinnakefli - lítill (1)
8. Skífa fyrir tvinnakefli- meðal (1)
9. Skífa fyrir tvinnakefli - stór (2)
10. Spólur (11)
11. Rammaklemmur (10)
12. Alhliða verkfæri
13. Stingplata fyrir beina sauma


Fylgihlutir sem ekki eru í mynd

- Ókeypis forrit (PC) til niðurbætur, sjá Ókeypis hugbúnaður (PC). Ókeypis forrit í innbyggðu leiðbeiningunum
- Lok yfir vélina
- Ferðatöskulík taska fyrir útsaumsáhalðið
- Fótmótstaða
- Rafmagnsleiðsla
- Nálar
- DESIGNER BRILLIANCE™ 80Mynsturbók
- Skæri
- Sýnishorn af efnum og undirleggsefnum
- Microfiber klútur




Rammar sem fylgja

1. DESIGNER™ “Royal” rammi (360x200)
2. DESIGNER™ “Crown” rammi (260x200)
3. DESIGNER™ “Splendid” ferhyrndur rammi (120x120)




Saumfætur

Ath: Til að ná sem bestum árangri notið eingöngu þá fætur sem framleiddir eru fyrir ykkar DESIGNER BRILLANCE™ 80 vél.




Alhliða saumfótur A

Er á vélinni við afhendingu. Notaður aðallega fyrir beina sauma og zik zak með sporlengd lengri en 1,0 mm.




Skrautsaumsfótur B

Til að sauma þétt zik zak spor (flatsauma) með sporlengd styttri en 1,0 mm, ýmsa nytjasauma og skrautsauma. Raufin undir saumfætinum er hönnuð til að renna vel yfir þétta flatsauma.




Hnappagatafótur C

Fyrir handvirk hnappagöt. Fóturinn er með línur til að ákvarða lengd hnappagatsins. Miðjan er 15mm frá jaðri efnisins. Raufarnar tvær undir fætinum renna eftir raufum hnappagatsins og tryggja góða færslu efnisins. Pinninn aftan á fætinum er til að halda við undirleggssnúru þegar hún er notuð.




Blindsaumsfótur D

Fyrir blindsauma. Innri brúnin á fætinum er notuð sem stýring fyrir jaðarinn. Hægri táin á fætinum er hönnuð til að renna meðfram jaðri falðsins.




Rennilásafótur E

Þessum fæti er hægt að smella á hölduna bæði vinstra og hægra megin við nálina. Það gerir ykkur auðvelt að sauma báðar hliðar rennilásanna í sömu átt. Færið nálarstöðuna til hægri eða vinstri nær tönnum rennilássins, eða einnig nær miðseyminu ef þið eruð að sauma miðseymi.




Saumfótur H með rennislisplötu.

Þessi fótur tryggir örugga færslu efnisins þegar þið saumið svamp, vinyl, plast eða leður og tryggir að efnin loda ekki við saumfótinn.




Jaðarfótur J

Notaður við kastsauma þar sem saumarnir eru 5,0 og 5,5 mm að breidd. Sporin myndast yfir pinnann sem er á fætinum en hann kemur í veg fyrir að jaðarinn dragist inn eða að hann rykkist.



Bútasaums " 6mm fótur P


Notaður við að sauma saman búta í bútasaum. Þessi fótur er með fjarlægðarlínur "6mm (1/4") og "3mm (1/8") frá nálinni.



Sensor Q-fótur

Mælt er með þessum fæti fyrir útsauma í ramma.


Þessi fótur er einnig notaður fyrir frihendis bútasauma og útsauma. Þegar þið notið þennan fót fyrir frihendis sauma, veljið þið frihendis gorma-aðferð í frihendis sprettiglugganum í sauma aðgerð.



Útsaums/stoppfótur R


Notaður fyrir fríhendis útsauma, fríhendis bútsauma, fríhendis sauma og fríhendis ístopp. Þegar þið notið þennan fót, veljið þið fríhendis fljótandi valkost í sprettiglugganum í sauma aðgerð.

Þennan fót er einnig hægt að nota fyrir útsauma í ramma.




Hliðarflutnings-fótur S

Notaður fyrir sauma með hliðar og allra átta flutningi efnisins.




“Sensor” eins þrepa hnappagatafótur

Tengið fótinn við vélina og stillið síðan þá lengd af hnappagati sem þið viljið sauma inn á skjáinn. Miðjumerkið sýnir "15 mm frá jaðri efnisins.




Sjálflímandi rennslisplötur

Þegar þið saumið svampefni, plast, vinyl eða leður geta þau efni festst við málmfætur og plöturnar koma í veg fyrir það. Þegar þið saumið slík efni, saumið þá alltaf þrúfusaum á efnisbúta af sama efni til að kanna hvort vélin geti flutt þau. Festið þessar rennslisplötur undir sóla saumfótanna.



Efri flytjari

Efri flytjarinn sem hægt er að nota ýmsa fætur með er hannaður til að flytja erfið þykk og hál efni á öruggan hátt. Hentar mjög vel til að sauma flauel, teygjanleg efni, gerfileður og efni þar sem rendur og mynstur þurfa að standast á. Smellið beinsaumfætinum á þegar þið saumið beina sauma með nálarstöðu í miðju og sporlengd upp að 6 mm. Smellið zik zak fætinum á þegar þið notið sauma sem eru allt að 7mm á breidd og 6mm að lengd.



Yfirlit yfir sauma

Nytjasaumar

Spor	Nr.	Saumfótur	Nafn	Lýsing
	A1	A	Beint spor - nálarstaða í miðju	Fyrir allan saumaskap.
	A2	A	Beint spor með styrktri heftingu	Fyrir allan saumaskap. Byrjar og endar með áfram og afturábak sporum
	A3	A	Teygjanlegt spor, nálarstaða til vinstri	Fyrir sauma á trikot og teygjanleg efni.
	A4	A	Zik Zak - nálarstaða í miðju	Til að sauma blúndur við efni og applíkeringar
	A5	A	Styrkt beint spor - nálarstaða í miðju.	Þrefalt spor og teygjanlegur saumur. Fyrir stungusauma aukið þið sporlengdina.
	A6	B	Styrkt zik zak spor	Til að sauma efni saman jaðar við jaðar eða leður lagt á mis. Fyrir skrautsauma
	A7	J	Saumur/kastsaumur	Saumar og kastar sauminn í einum saum. Fyrir þunn teygjanleg og venjuleg efni.
	A8	B	Teygjanlegur saumur / overlock saumur	Saumar og kastar sauminn í einum saum. Fyrir meðal og gróf teygjanleg efni
	A9	B	Tvöfalt overlock spor	Saumar og kastar sauminn í einum saum. Fyrir gróf teygjanleg og ofin efni.
	A10	B	Overlock spor	Saumar og kastar sauminn í einum saum. Fyrir meðal teygjanleg efni.
	A11	B	Flatlock saumur	Fyrir skrautlega falda, belti og bendla. Fyrir meðal/meðalgróf efni.
	A12	D	Teygjanlegur blindfaldur	Blindfaldur á meðal og meðalgróf efni
	A13	D	Ofinn blindfaldur	Blindfaldur á meðal og gróf ofin efni.
	A14	A	Skeljasaumur fyrir jaðra	Saumað á jaðra á þunn ofin efni. Saumið þetta á skáskorin efni
	A15	A	Fjögurra þrepa zik zak	Til að kasta sauma, gera við, sauma á bætur og teygjur á lausofin efni.
	A16	B	Teygjanlegt spor	Fyrir sauma á trikot efni sem lögð eru á mis Til að sauma yfir mjóar teygjur.
	A17	A	Bugðóttur saumur	Fyrir viðgerðir og teygjanlegar viðgerðir
	A18	B	Teygjanlegur vöflusaumur	Saumar yfir tvær raðir af teygjubandi fyrir teygjanlega rykkingu.
	A19	B	Tengispor	Til að sauma saman tvö efni með frágengnum jöðrum og fyrir teygjanlega rykkingu.

Spor	Nr.	Saumfótur	Nafn	Lýsing
	A20	J	Þriggja þrepa zik zak	Til að kasta jaðra, gera við, sauma á bætur og teygjur. Hentar vel á þunn og meðalþykk efni.
	A21	A	Tveggja þrepa zik zak	Til að tengja saman jaðra á blúndum, og fyrir teygjanlega rykkingu
	A22	B	Handvirk hefting	Til að styrkja vasaop, skyrtuklaufar, beltalykkjur og neðri enda á rennilásum.
	A23	A	Ístopp (áfram og afturábak)	Gera við lítul göt og rifur á vinnufatnaði, gallabuxum, dúkum og klútum. Saumið yfir gatið, ýtið síðan á afturábak hnappinn og sjálfvirkt stop.
	A24	A	Ístopp (sporin eru hlið við hlið)	Til að gera við litlar rifur.
	A25	A	Styrkt ístopps spor	Stoppa í og gera við vinnuföt, gallabuxur, dúka og fleira. Saumið yfir gatið, ýtið síðan á afturábak hnappinn og sjálfvirkt stop.
	A26	B	Ístoppsspor (fjögurra þrepa)	Hópur fjögurra spora til að gera við litlar rifur. Saumur #1 og #3 eru saumaðir áfram, en saumar #2 og #4 afturábak. Til að breyta um sauma og saumaátt, ýtið þið á afturábak hnappinn. <i>Ráð: Strauðið bræðanlegt undirleggsefni á rönguna áður en þið gerðið við rifuna.</i>
	A27	A	Spor fyrir beltasprotu.	Til að ganga frá beltasprotum
	A28	A	Beint þræðispor	Til að þræða, stígið þið á fótmostöðuna og vélin saumar tvö spor, stöðvast og lyftir saumfætinum. Þegar saumfóturinn lyftist, færið þið efnið á næsta þræðipunkt og stígið aftur á fótmostöðuna. Flytjarinn er sjálfkrafa tekinn úr sambandi.
	A29	A	Zik zak þræðing	Til að þræða, stígið þið á fótmostöðuna og vélin saumar tvö spor, stöðvast og lyftir saumfætinum. Þegar saumfóturinn lyftist, færið þið efnið á næsta þræðipunkt og stígið aftur á fótmostöðuna. Flytjarinn er sjálfkrafa tekinn úr sambandi.
	A30	Hnappag- atafótur C með nema	Hnappagat með breiðri heftingu	Fyrir meðal og þykk efni og með breiðri skurðarlínu
	A31	Hnappag- atafótur C með nema	Hnappagat með afrúnnari heftingu	Fyrir blússur og barnafatnað
	A32	Hnappag- atafótur C með nema	Augahnappagat	Þversum hefting fyrir jakka, frakka o.s.frv.
	A33	Hnappag- atafótur C með nema	Mjókkandi hnappagat	Mjókkandi hnappagat
	A34	Hnappag- atafótur C með nema	Skrautlegt hnappagat	Fyrir flestar gerðir efna
	A 35	Hnappag- atafótur C með nema	Gróft hnappagat	Með styrktum heftingum
	A36	Hnappag- atafótur C með nema	Gróft styrkt hnappagat	Fyrir vinnu- og grófan fatnað

Spor	Nr.	Saumfótur	Nafn	Lýsing
	A37	Hnappag- atafótur C með nema	Meðal styrkt hnappagat	Fyrir meðal og þykkari efni
	A38	Hnappag- atafótur C með nema	Afrúnnað. aldmóta hnappagat	Fyrir handavinnuútlit á viðkvæm efni
	A39	A	Hnappagat fyrir leður (beint spor)	Fyrir leður og rúskinn
	A40	A	Afrúnnað hnappagat (beint spor)	Hnappagat m/aukalegri skurðarbreidd
	A41	-	Sjálfvirk töluáfesting	Til að festa tölur
	A42	B	Kóssagat	Fyrir belti, blúndur o.fl.

Saumavalmynd - yfirlit

Í vélinni eru sjö mismunandi forrit með saumum fyrir allt mögulegt. Notið hraðhjálpa til að fá nánari upplýsinga um sauma, sjá Hraðhjálphraðhjálpa í innbyggða leiðarvísinum.

Nafn á saumavalmynd	Lýsing
A - Nytjasaumar	Saumar fyrir fatnað og fleira
B - Applíkeringspor	Fyrir applíkeringar með mismunandi áhrifum
C - Aldamótasaumar	Skrautlegir saumar í aldamótastíl Saumar fyrir falda, vöffusauma, festa blúndur o.fl.
D - Bútaumaar	Saumar fyrir allar gerðir af bútaum
E - Handavinnuspor	Skrautsaumar til að skreyta fatnað
F - Skrautsaumar	Fyrir skrautsauma
G - Gamlir saumar	Úrval af bútaumssporum fyrir “crazy” sauma í bútaum og skrautsauma.
H - Barnasaumar	Saumar sem henta á barnafatnað
J - Hörpudisks saumar	Fallegir skrautsaumar á jaðra
K - Alátta saumar	Forritið þessa sauma á óteljandi vegu Sporin eru myndað með hliðarflutningi Saumurinn getur orðið allt að 49mm á breidd
L- Þrívíddar saumar	Inniheldur þrjár gerðir af saumum; applíkeringu og sprettispor, sambland af þessu og palliettu saumum
M - Þema saumar	Hver saumur í þessari valmynd samanstendur af fjórum saumum og hannaðir til að vera saumaðir saman á handahófskenndan hátt. Skiptið yfir á næsta saum með. Því að snerta afturábak hnappinn.
N - Saumar til skreytinga	Skrautlegir saumar sem hægt er að nota eins og þeir koma fyrir eða hægt að bæta saumum við þá eftir á. Notið hraðhjálpa til frekari upplýsinga.
O - Einstakir mótíf saumar	Stakir saumar til skreytinga á fatnaði Vélin stöðvast alltaf eftir að hafa saumað einn saum
P - Sérstakir saumar	Saumar sérstaka saumatekni þar á meðal kertakveiks-saum og fleiri. Þið gætuð þurft á aukalegum áhöldum eða hlutum að halda. Notið hraðhjálpa til frekari upplýsinga.
Q - Skrautlegir mjókkandi / breikkandi saumar	Skrautlegir “tapering” saumar
R - Myndtákn saumar	Myndtákn flatsaums hluti til að forrita “original” flatsaums mynstur
S - Fjögurra átta saumar	Skemmtilegir fjögurra átta saumar
T - Átta-átta saumar	Bein spor og styrkt bein spor í átta mismunandi áttir án þess að snúa efninu. Hægt að forrita með skrautsaumum til að búa til fallega jaðra.

Stafróf

Stafróf eru í blokkskrift, útlínu, brush line, skrifstöfum og kyrillísku stafrófi.

2 Undirbúningur

Vélin og útsaumsáhaldið tekið upp

Eftir að hafa tekið vélina upp úr kassanum og fjarlægt allar pakkningar og plastpokann, strjúkið þið vélina að utan með mjúkum klút og þá sérstaklega í kring um nálarsvæðið til að hreinsa óhreinindi og olíubrák.

Þegar þið takið útsaumsáhaldið upp gætið þess að henda ekki svarta “Styrofoam” plastinu, sem er inni í töskunni, því það er hannað til að geyma útsaumsáhaldið í þegar það er ekki í notkun.

Ath: VélinDESIGNER BRILLIANCE™ 80er hönnuð til að vinna sem best við venjulegan herbergishita. Mikill hiti eða kuldi geta haft áhrif á vélina.

Tengið vélina við rafmagn og fótómótstöðuna við vélina.


Rafmagnsleiðsluna og fótómótstöðuna finnið þið hjá aukahlutunum.

Ath: Áður en þið stingið fótómótstöðunni í samband við tengilinn á vélinni fullvissið ykkur um að hún sé af gerðinni “FR5” (Sjá neðan á fótómótstöðunni).

1. Togið leiðsluna út úr fótómótstöðunni. Tengid fótómótstöðuna við fremri tengilinn neðst á hægri hlið vélarinnar.
2. Tengid rafmagnið við aftari tengilinn neðst á hægri hlið vélarinnar. Tengid rafleiðsluna síðan við vegg tengil.
3. Ýtið á aðalrofann ON/OFF til að tengja vélina og ljósið við rafmagn.

Fyrir USA og Kanada.

Þessi vél er með pólur tengli (annar armurinn er breiðari en hinn). Til að koma í veg fyrir rafstuð, þá er þessi tengill eingöngu fyrir pólur vegg tengil. Ef tengillinn gengur ekki í vegg tengilinn, reynið þá að snúa honum 180°. Ef það gengur ekki heldur hafið þá samband við rafvirkja til að breyta vegg tenglinum. Alls ekki má breyta tengli vélarinnar.



Gengið frá vélinni að saum loknum

1. Ýtið aðalrofanum ON/OFF á 0 til að slökkva á vélinni.
2. Aftengið rafleiðsluna fyrst við vegg tengil og síðan við vélina.
3. Aftengið fótmótstöðuna við vélina Togið lauslega í snúruna og sleppið. Við það fer snúran inn í fótmótstöðuna.
4. Setjið alla fylgihluti í hólfið fyrir þá. Rennið bakkanum á vélina utan um fríarminn.
5. Setjið fótmótstöðuna í plássið ofan á fríarminum.
6. Setjið lokið ofan á vélina.

Ráð: Hægt er að geyma leiðarvísinn og rafleiðsluna í hólfinu á lokinu yfir vélina.

USB tengill

Vélin er með USB tengil þar sem hægt er að tengja t.d. USB minnislykil. USB tengla er aðeins hægt að tengja á eina vega - Notið aldrei afl til að reyna að tengja USB tengi. Til að fjarlægja USB tengi tugið þá ávallt beint út.

Ath: Verið viss um að USB tenglar sem þið notið séu af gerðinni FAT32



Notkun á USB tæki

Aukalegi hnappurinn í skráarstjórn (File Manager) er aðeins virkur þegar eitthvað tæki er tengt við USB tengilinn

Ath: Ekki taka USB tæki úr sambandi ef spunamerkið er á skjánum eða þegar skráarstjórn er sýnd. Ef þið fjarlægjið minnislykil of fljótt geta skrárnar á USB tækinu eyðilagst.

Lesið meira um þetta í Skráarstjórn - Yfirlit Skráarstjórn í innbyggða leiðarvísinum .

Byrjað á WiFi og mySewnet™ skýinu (Cloud)

Farið eftir þrepunum hér að neðan til að tengja vélina.

Tengist netinu með WiFi

Snertið WiFi hnappinn í efra vinstra horninu á skjánum. Veljið af listanum yfir fyrirliggjandi nettengla. Ef nettengilinn er háður aðgangsorði, verðið þið beðin um að skrá það til að komast að tenglinum.

Frekari upplýsingar, sjá Kynning á WiFínnbyggðu leiðbeiningarnar



WiFi hnappur

tengist við mySewnet™ skýið

Þegar þið hafið náð WiFi sambandi snertið þið skýja-hnappinn sem er við hliðina á WiFi hnappnum á skjánum. Snertið hnappinn til að skrá ykkur inn., Þá opnast vefsýn þar sem þið getið skráð ykkur inn. Ef þið hafið ekki notendanafn og aðgangsorð, veljið þið “Register” til að búa til aðgang.

Frekari upplýsingar, sjá mySewnet™Skýiðinnbyggðu leiðbeiningarnar



mySewnet™ skýja-hnappur.

Díóðu ljós

Vélin er með díóðulýsingu sem dreifir ljósmagninu jafnt yfir allan vinnuflötinn og kemur í veg fyrir skugga. Þið getið stillt birtumagnið í ljósinu í stillivalmyndinni (settings menu), sjá Birtustilling á díóðu ljósinu Ljósmagnið af díóðu ljósinu í innbyggðu leiðbeiningunum




Fríarmur

Til að nota fríarminn rennið þið hólfinu fyrir aukahlutina af vélinni. Látill krókur heldur hólfinu við arminn þegar það er á vélinni. Fjarlægjið bakkann með því að renna honum út til vinstri.

Handvirkir tvinnahnífar

Það eru þrír handvirkir tvinnahnífar á vélinni.

- Sá fyrsti (A) er nálægt spólaranum til að klippa tvinnann fyrir og eftir spólun
- Sá næsti (B) er vinstra megin á vélinni til að klippa yfir og undirtvinnana handvirkt. Togið báða tvinnnaendana aftan frá inn í hnífinn og togið síðan fram á við og snögglega niður.
- Þriðji hnífurinn (C) er á gríparasvæðinu til að klippa undirtvinnann eftir að hafa sett spóluna í vélina.



Tvinnanemi

- Ef yfirtvinninn slitnar eða ef undirtvinninn er við að klárast á spólunni, stöðvast vélin og sprettigluggi kemur á skjáinn. Ef yfirtvinninn slitnar: Fjarlægð tvinnann, þræðið vélina á nýjan leik og snertið síðan OK í sprettiglugganum.
- Ef undirtvinninn er að klárast á spólunni: Þið getið haldið áfram að sauma án þess að loka sprettiglugganum áður en undirtvinninn klárast alveg. Það gefur ykkur tækifæri til að velja hvar þið viljið stoppa til að skipta um tvinna í gríparanum. Þegar þið eruð búin að skipta um spólu, snertið þið OK í sprettiglugganum.

Keflispinnar

Vélin er með tvo keflispinna - aðal keflispinnann og aukalega keflispinnann.

Keflispinnarnir henta fyrir allar gerðir af tvinnakeflum. Aðal keflispinninn er stillanlegur og hægt að nota hann hvort sem er í láréttri (tvinninn rekst af keflinu) eða lóðréttri stöðu (tvinnakeflið snýst). Notið lárétta stöðuna fyrir allan venjulegan tvinna, en lóðrétta stöðuna fyrir stærri kefli og sérstakan tvinna.



Lárétta staðan

Setjið skífu og tvinnakefli á keflispinnann. Gætið þess að tvinninn rakni réttisæl af keflinu og setjið síðan aðra skífu á keflispinnann.

Ath: Öll tvinnakefli eru ekki framleidd á sama hátt. Ef þið lendið í vandræðum með tvinnakefli prófið þá að snúa því við eða prófið lóðrétta stöðuna.

Notið skífu sem er aðeins stærri en tvinnakeflið sjálft. Fyrir mjó tvinnakefli notið þið litla skífu fyrir framan það. Fyrir stærri tvinnakefli notið þið stærri skífu fyrir framan keflið.


Flata hliðin á skífunni á að liggja þétt upp að tvinnakeflinu. Það á ekkert bil að vera á milli skífunnar og tvinnakeflisins.



Lóðrétt staða

Setjið keflispinnann í lóðréttu stöðu. Setjið stóra skífu á keflispinnann. Fyrir kefli sem eru minni en miðstærðin af skífunum setjið þið filtskífu til að koma í veg fyrir að keflin snúist of hratt þegar saumað er. Setjið tvinnakefli á keflispinnann.

Ath: Setjið aldrei skífu ofan á tvinnakefli þegar þau eru á lóðréttum keflispinna.





Aukalegi keflispinninn.

Aukalegi keflispinninn er notaður þegar þið þurfið að spóla af öðru tvinnakefli eða þegar þið eruð að sauma með tvíburanál.

Lyftið auka keflispinnanum upp. Setjið stóra skífu á hann og síðan filtskífu á hana undir tvinnakeflið. Setjið tvinnakefli á aukalega keflispinnann.

Ath: Þegar þið saumið með tveimur tvinnakeflum, gerið þá deLuxe™ saumakerfið óvirkt.



Tvinnar

Í dag er fjöldinn allur af tvinnategundum á markaðnum, og hannaðir fyrir ýmis konar verkefni.

Alhliða tvinni

Alhliða tvinni er framleiddur úr gerviefnum, baðmull eða polyester tvinna sem er umofinn baðmull. Þess konar tvinni er notaður við allan venjulega saumaskap.

Útsaumstvinni

Útsaumstvinni er framleiddur úr alls konar mismunandi þráðum. rayon, polyester, acryl eða málmum. Þessir tvinnar hafa þann eiginleika að vera með glansandi áferð og henta því vel fyrir útsauma og skrautsauma.

Útsaumstvinni er yfirleitt ekki notaður sem undirtvinni, nema að bæði rétta og rangan komi til með að sjást. Best er að nota sérstakan fingerðan útsaums undirtvinna á spóluna þegar verið er að sauma út. Þessi finni undirtvinni kemur í veg fyrir að tvinninn hlaðist upp á röngunni. Notið aldrei grófari tvinna á spóluna en þið notið sem yfirtvinna.

Ath: Þegar þið notið málmtvinna eða flatan málmþráð í útsauma, þá gætuð þið þurft að nota nál með stærra auga og einnig að minnka hraða vélarinnar.

Glær tvinni

Glær tvinni sem einnig er kallaður “monofilament” tvinni er eins þráða glær gervitvinni. Hann er notaður í bútaum og ýmsa skrautsauma. Notið hann ekki á flíkur - allavega ekki þar sem hann kemst í snertingu við hörund. Þegar þið spólið slíkan tvinna spólið þá aðeins á hálfa spólu og spólið einnig með hálfum hraða.

Nálar


Saumavélanálin leikur ávallt stórt hlutverk í öllum saumum. Notið aðeins gæðanálar. Og eingöngu nálar af gerðinni 130/705H. Nálar sem fylgja með vélinni eru af mest notuðu nálargróflekunum.



Gætið þess að grófleiki nálarinnar sé ávallt í réttu blutfalli við grófleika tvinnans sem þið notið. Grófur tvinni þarfnast grófarí nálar með stærra auga.


Alhliða nál

Alhliða nálar eru með dálítið afrúnnaðan odd og hægt er að fá þær í ýmsum gróflekum. Þær eru fyrir alhliða sauma á hin ýmsu efni og grófleika af efnum.




“Stretch” nál fyrir teygjanleg efni

“Stretch” nálar eru með sérstakt úrtak til að koma í veg fyrir að vélín hlaupi yfir þegar og ef efnið gefa eftir þegar nálin kemur í þau. Fyrir þrjón, sundfatnað, flís, gerviefni og leður.




Útsaums nál

Útsaums nálar eru einnig með sérstakt úrtak, afrúnnaðan odd og aðeins stærra auga til að koma í veg fyrir skemmd á viðkvæmum efnum. Þessar nálar á að nota þegar þið notið málmþræði og aðra sérstaka tvinna við úsaum og skrautsauma.




“Denim” gallabuxna nál

“Denim” nálar eru mjög oddhvassar til að fara örugglega í gegn um þétt og þykk ofn efni án þess að nálin bogni. Fyrir tjaldduk, gallabuxnaefni og mikroefni.



“Wing” húllsaumsnál

Wing nálar eru með nokkurs konar vængi á hliðunum til að gera göt í efnið þegar þið saumið húllsauma í efni sem henta fyrir slíkt.




Áríðandi upplýsingar um nálar

Skiptið oft um nálar. Notið ávallt beina nál með góðum oddi (A).


Skemmd nál (B) getur orsakað að vélín hlaupi yfir spor, slíti tvinnann o.fl. Skemmd nál getur einnig skemmt út frá sér t.d. saumfætur og stingplötu.

Notið ekki nálar sem ekki eru symmetrískar (C) þ.e.a.s. koma ekki jafnt út til hliðanna frá miðlegnum því þær geta skemmt vélina.



Skipt um nál

1. Notið gatið í alhliða áhaldinu til að halda nálinni.
2. Losið um skrufuna í nálarhöldunni með skrufjárn.
3. Fjarlægið nálina.
4. Setjið nýja nál í nálarhölduna og notið alhliða áhaldið. Ýtið nálinni eins hátt og hún kemst og þannig að flati leggurinn snúi frá ykkur.
5. Herðið skrufuna í nálarhöldunni með skrufjárn.




Þræðing á yfirtvinna

Fullvissið ykkur um að saumfóturinn sé uppi og nálín í efstu stöðu.

Láréttur keflispinni

1. Haldið á tvinnanum með hægri hendinni nálægt keflinu.
2. Notið vinstri hendina til að fara með tvinnaendann yfir og aftur fyrir forspennuna og tvinnastýringuna (A) og undir stýringuna (B). Komið tvinnanum á milli skífanna í spennunni (C).
3. Haldið áfram að þræða eins og örvarnar sýna. Farið með tvinnann frá hægri þegar þið þræðið tvinnann í raufina á þráðgjafanum.
4. Farið með tvinnann niður og í síðustu tvinnastýringuna (E) sem er rétt fyrir ofan nálina.





Þræðari fyrir nál

Þræðarinn fyrir nálina hjálpar ykkur að þræða hana. Náin verður að vera í efstu stöðu til að hægt sé að nota innbyggða þræðarann.

1. Setjið saumfótinn niður.
2. Notið handfangið til að toga þræðarann alla leið niður. Krókurinn á þræðaranum (A) sveiflast í gegn um nálaraugað.
3. Leggið tvinnann aftan frá yfir krókinn (B) og síðan undir tvinnakrókinn (A).
4. Látið þræðarann fara hægt og rólega til baka. Krókurinn togar nú tvinnann í gegn um nálaraugað og myndar lykkju fyrir aftan nálina. Togið lykkjuna í gegn um nálaraugað.

Ath: Þræðarinn er hannaður fyrir nálar í gróðfleikum 70-120. Ekki er hægt að nota þræðarann fyrir nálar í gróðfleika 60 eða finni, ekki við Wing húllsaumsnálar eða trúburanálar, eða þegar hnappagata-fóturinn með nemanum er á vélinni. Þið getið einnig þurft að þræða nálina á handvirkkan máta þegar þið notið suma aukalega fylgihluti.

Þegar þið þræðið nálina verður ávallt að þræða hana framan frá. Løkið yfir gríparanum er einnig hægt að nota sem stækkanargler til að auðvelda þræðingu.



Val á réttum tvinna / og réttri nál fyrir þann tvinna.

Efni		Tvinni	Nál
Þunn ofín	Chiffon, organza, batist, krep o.þ.h.	Fínn tvinni : - fínn baðmullar, polyester eða silkitvinni - rayon útsaumstvinni	Alhliða 130/705H 70-80
Meðal ofín	Calico, bútaumsefni, krep, þétttofinn dúkur, flauel o.þ.h.	Meðalgrófur tvinni - fínn/venjulegur baðmullar eða polyester tvinni - rayon útsaumstvinni	Alhliða 130/705H 80-90
Gróf ofín	Gallabuxnaefni, tweed, tjaldúkur, frotté o.þ.h.	Meðalgrófur/grófur tvinni - venjulegar baðmullar eða polyester tvinni - tvinni fyrir stungur - rayon útsaumstvinni	Alhliða 130/705H 90-110
Þunn teygjanleg	Tricot, þunnt prjón o.þ.h.	Fínn tvinni : - fínn baðmullar eða polyester tvinni - rayon útsaumstvinni	“Stretch” 130/705H-S 75
Meðal teygjanleg	Peysur, tvöfalt prjón, velúr, sundfatnaður o.þ.h.	Meðalgrófur tvinni - venjulegar baðmullar eða polyester tvinni - rayon útsaumstvinni	“Stretch” 130/705H-S 90
Gróf teygjanleg	Peysur, flís o.þ.h.	Meðalgrófur tvinni - venjulegar baðmullar eða polyester tvinni - rayon útsaumstvinni	“Stretch” 130/705H-S 90
Leður	Gervileður og leður	Meðalgrófur tvinni - venjulegar baðmullar eða polyester tvinni - rayon útsaumstvinni	“Stretch” 130/705H-S 90
Vinyl	Vinyl, gervileður og rúskinn	Meðalgrófur tvinni - venjulegar baðmullar eða polyester tvinni - rayon útsaumstvinni	Alhliða 130/705H 80



Ath: Sérstök efni og tvinnar gætu þurft á sérstökum nálum að balda til að árangur verði sem bestur. Hafið samband við HUSQVARNA VIKING® umboðsaðilann til að fá frekari ráðleggingar um nálategundir og grófleika þeirra.

Þræðing á tvíburanál

Skiptið um nál og setjið tvíburanál í nálarhölduna. Fullvissið ykkur um að saumfóturinn og nálin séu uppi.

1. Lyftið lárétta keflispinnanum í lóðrétta stöðu. Lyftið aukalega keflispinnanum í lóðrétta stöðu. Setjið skífu og filtskífu á keflispinnana. Setjið tvinnakefli á keflispinnana.
2. Farið með tvinnann yfir og aftur fyrir forspennuna og stýringuna (A) og undir tvinnastýringuna (B). Farið eftir tvinnaraufinni og setjið tvinnann á milli skífanna í spennunni (C). Fullvissið ykkur um að þegar þið eruð með tvo tvinna að þeir fari sitt hvoru megin við miðskífuna.
3. Þræðið síðan niður eftir hægri þræðiraufinni og síðan upp eftir þeirri vinstri.
4. Leggið tvinnana síðan hægra megin frá í þráðgjafann (D) og síðan niður vinstri þræðiraufina. Gætið þess síðan að annar tvinninn sé inni í þræðistýringunni fyrir nálina (E), en hinn fyrir utan hana. Gætið þess að tvinnarnir flækist ekki saman.

Ath: Grófleiki og óreglulegt yfirborð á sérstökum tvinum eins og t.d. málmþræði eykur á núningsmótstöðu tvinnans. Minnkið tvinnaspennuna til að forðast að nálin brotni eða að tvinninn slitni.




Spólað á spóluna

Spólun í gegn um nálina.

Fullvissið ykkur um að saumfóturinn og nálin séu í efstu stöðu.

1. Setjið tóma spólu á spólarann ofan á vélinni. Spólan fer aðeins á einn veg á spólarann þ.e.a.s. vörumerkið á henni þarf að snúa upp. Notið aðeins HUSQVARNA VIKING spólur.
2. Þræðið vélina og látið keflispinnann vera í láréttri töðu.

Ath: Ef tvinnakeflið er of stórt til að komast á pinnann í láréttri stöðu, spólið þá á spóluna eins og hjst er hér "Sérstakir tvinnar spólaðir á spóluna" að neðan.




3. Farið nú með tvinnann aftur undan nálinni, undir saumfótinn og þaðan upp til hægri í tvinnastýringuna (A).

Ath: Notið eingöngu saumfatur úr málm þegar spólað er í gegn um nálina.

4. Þræðið tvinnann í gegn um gatið á spólunni innan frá og út.

Ath: Ef þið eruð að nota eldri gerðir af HUSQVARNA VIKING spólum sem ekki eru með gati á hliðinni, vindið þið tvinnann nokkra bringi réttisalis á spóluna.



5. Ýtið arminum fyrir spólunina að spólunni til að byrja spólun. Sprettigluggi kemur á skjáinn. Til að stilla hraða vélarinnar í spólun rennið þið sledanum með skjápennanum. Stoppið og byrjið spólunina með hnöppunum á skjánum. Haldið aðeins við tvinnnaendann á meðan vélin byrjar spólunina. Þegar spólan er byrjuð að spóla getið þið klippt tvinnann sem stendur út úr spólunni.

Ath: Klippið tvinnann nálægt spólunni.


Þegar spólan er full, fer armurinn fyrir spólarann til baka og spólunin stoppar sjálfkrafa. Sprettiglugginn lokast. Fjarlægið spóluna og klippið tvinnann með tvinnahnífnunum sem er við spólarann.

Sérstakir tvinnar spólaðir á spóluna

Við mælum ekki með því að spóla sérstakan tvinna (málmþráð, glæran þráð eða grófan tvinna) á spóluna og alls ekki í gegn um nálina.

Spólið slíka tvinna ávallt á litlum hraða ef þið ætlið að nota þá.

1. Setjið tóma spólu á spólarann framan á vélinni. Spólan fer aðeins á einn veg á spólarann þ.e.a.s. vörumerkið á henni þarf að snúa upp. Notið aðeins HUSQVARNA VIKING spólur.
2. Setjið stóra skífu á keflispinnann og filtskífu ofan á hana þegar keflispinninn er í lóðréttri stöðu.
3. Farið með tvinnann yfir forspennuna og stýringuna (B) og síðan niður og í kring um spennudiskana (C) og síðan í gegn um tvinnastýringuna (D) eins og sýnt er.
4. Sjá Spólun í gegn um nálina., Prep 4-5




Spólað á spóluna á meðan þið saumið

1. Lyftið auka keflispinnanum upp. Setjið stóra skífu, filtskífu og tvinnakefli á keflispinnann.
2. Farið með undirtvinnann í kring um tvinnaskífurnar (A) og síðan í gegn um tvinnastýringuna (B) eins og sýnt er.
3. Þræðið tvinnann í gegn um gatið á spólunni innan frá og út.
4. Ýtið spólaraarminum að spólunni til að byrja spólun. Sprettigluggi kemur á skjáinn. Til að stilla hraða vélarinnar í spólun rennið þið sleðanum með skjápennanum. Stoppið og byrjið spólunina með hnöppunum á skjánum. Haldið aðeins við tvinnnaendann á meðan vélin byrjar spólunina.

Þegar spólan er orðin full fer armurinn aftur í sína fyrri stöðu og spólunin stöðvast sjálfkrafa. Sprettiglugginn lokast. Fjarlægið spóluna og klippið tvinnann með tvinnahnífnum sem er við spólarann.

Ath: Gætið þess að tvinninn snerti ekki efsta hlutann á lárétta keflispinnanum þegar þið spólið á spóluna. Ef svo er þá farið tvinnann yfir á lóðrétta keflispinnann




Spólan sett í vélina




Notið eingöngu spólur sem eru hannaðar fyrir þessa DESIGNER BRILLIANCE™ 80 vél.

1. Fjarlægjið lokið yfir gríparanum með því að renna því að ykkur.
2. Setjið spóluna í spóluhúsið. Hún á aðeins að fara á einn hátt í spóluhúsið - þannig að vörumerkið snúi upp. Tvinninn á að renna af spólunni til vinstri. Spólan snýst þá rangsælis þegar þið tugið í tvinnann.
3. Setjið finger á spóluna þannig að hún snúist ekki þegar þið tugið í tvinnann ákveðið til hægri og síðan til vinstri inn í spennifjöðrina (A) þar til hann “smellur” á sinn stað. Haldið áfram og þræðið í kring um (B) og síðan til hægri í tvinnahnífinn (C).
4. Setjið gríparalokið á sinn stað (D). Tugið tvinnann til vinstri til að klippa hann (E).


①




②



③





④




Skipt um saumfót

1. Gætið þess að nálin sé í efstu stöðu. Setjið saumfótinn niður.
2. Látið pinnana á fætinum vera á móts við raufarnar á fóthöldunni. Ýtið fætinum inn í raufina þar til hann smellur á sinn stað.



Hnappagatafóturinn með nemanum settur á vélina


1. Hnappagatafætinum með nemanum smellt á vélina
2. Setjið tengilinn í samband við tengilinn aftan á vélinni og látið punktana þrjá snúa út.



“Sensor” Q-fóturinn settur á vélina

1. Notið skrufjárn og fjarlægjið fóthölduna af fótstönginni.
2. Setjið Sensor Q-fóttinn aftan frá og setjið nálina niður í gegn um opið á fætinum með því að snúa handhjólinu fram á við.

Staðsetjið fótinn þannig að gatið á fætinum sé á móts við gatið á fótstönginni. Armurinn á fætinum á að liggja ofan á skrufunni sem heldur nálinni. Setjið skrufuna í gegn um fótinn og festið hann við fótstöngina og herðið hana með skrufjárninu.




Yfirflytjari með skiptanlegum saumfótum

Efri flytjarinn sem hægt er að nota ýmsa fætur með er hannaður til að flytja erfð þykk og hál efni á öruggan hátt. Hentar mjög vel til að sauma flauel, teygjanleg efni, gerfileður og efni þar sem rendur og mynstur þurfa að standast á. Smellið beinsaumfætinum á þegar þið saumið beina sauma með nálarstöðu í miðju og sporlengd upp að 6 mm. Smellið zik zak fætinum á þegar þið notið sauma sem eru allt að 7mm á breidd og 6mm að lengd.


1. Efri flytjari
2. Útskiptanlegur fótur fyrir zik zak
3. Útskiptanlegur fótur fyrir beina sauma

Ath: Kíkið á fáanlega aukahluti fyrir efri flytjarann á netinu www.husqvarnaviking.com eða hjá HUSQVARNA VIKING® umboðsaðilanum á ykkar svæði.



Efri flytjarinn settur á vélina.


1. Notið skrufjárn til að fjarlægja fóthölduna af fótstönginni.
2. Setjið efri flytjarann á vélina aftan frá og gætið þess að armurinn liggi ofan á skrufunni sem heldur nálinni. Skrufið fótinn síðan fastan á fótstöngina með skrufunni sem hélt fóthöldunni.



Smellið saumfæti á efri flytjarann eða til að fjarlægja hann af efri flytjaranum

3. Með fótstöngina í efri stöðu staðsetjið þið saumfót undir efri flytjarann.
4. Ýtið fætinum upp á við þar til hann smellur á sinn stað.
5. Til að fjarlægja fótinn þrýstið þið á fótinn upp á við að framan þar til hann dettur af.

Ath: Geymið efri flytjarann ávallt með saumfæti á þegar hann er ekki á vélinni sjálfri.




Hvernig á að setja jaðarstýringu á

Tvær stýringarnar - jaðarstýringu og bútasaumsstýringu sem fylgja með vélinni hjálpa til að sauma samhliða sauma með jöfnu millibili. Önnur stýring er fyrir vinstri hlið og hin fyrir hægri hlið.

6. Setjið stýringuna í gatið aftan til á efri flytjaranum. Stillið bilið sem þið viljið hafa með því að toga stýringuna annaðhvort til hægri eða vinstri

Ath: Einnig er hægt að nota stýringarnar án efri flytjarans. Þá eru þær settar í gatið aftan til á fóthöldunni og fest þar með, skrifðu.



Skipt yfir í stingplötu fyrir beint spor.

Við mælum með stingplötu fyrir beinan saum fyrir útsaum. Það er einnig gott að nota hana fyrir ýmsa aðra sauma, eins og við bútasauma. Minna gatið í stingplötunni fyrir beina sauma hentar betur fyrir þynnri efni, og kemur í veg fyrir að nálin ýti efninu ofan í gatið á stingplötunni, sérstaklega í byrjun og lok saums.

1. Fjarlægðu saumfótinn og rennið lokinu yfir gríparanum af vélinni.
2. Fullvissið ykkur um að flytjarinn sé ekki í sambandi. Setjið skúfjárn undir stingplötuna eins og sýnt er á myndinni og snúið því varlega þar til stingplatan smellur upp.


Ath: Takið neðri flytjarann úr sambandi með því að lyfta saumfætinum í sína efstu stöðu.

Ath: Þegar þið skiptið um stingplötu notið þá tækisfærð og breinsið allt svæðið í kring um gríparann.

3. Með flytjarann úr sambandi setjið þið stingplötuna þannig að hún falli í hakið að aftan (A). Þrýstið síðan á stingplötuna þar til hún smellur á sinn stað. Setjið lokið aftur yfir gríparann.



Til að forða því að nálin brotni eða skemmi stingplötuna verður að fjarlægja allt sem ekki á að nota við sauma með stingplötu fyrir beina sauma, eins og t.d. tvíburanál



3 Undirbúningur fyrir útsauma


Útsaums áhaldið

(tegund BE 17)

1. Losunartakki fyrir útsaumsáhald (neðantil)
2. Útsaumsarmur
3. Mótstykki fyrir útsaumsrammana.
4. Stíllanlegir fætur.
5. Tengill fyrir útsaumsáhald




Þegar þið fjarlægjið útsaumsáhaldið í fyrsta sinn úr pakkningunum gætið þess þá að fjarlægja flutningsfestinguna neðan á áhaldiinu.



Yfirlit yfir útsaumsramma


1. Tengi fyrir útsaumsramma
2. Ytri ramminn
3. Innri ramminn
4. Hraðlosun
5. Festiskrúfa
6. Rifflur fyrir klemmurnar
7. Miðju merking



Sensor Q-fótur

Við mælum eindregið með “Sensor” Q-fæti við útsauma í ramma.


Sjá “Sensor” Q-fóturinn settur á vélina, bls. 38.



Stingplata fyrir beina sauma

Við mælum með stingplötu fyrir beina sauma við útsauma í ramma.

Sjá Skipt yfir í stingplötu fyrir beint spor., bls. 40.



Mynstur

Yfir 570 mynstur eru í minni vélarinnar. Þessi mynstur ásamt átta innbyggðum leturgerðum eru öll sýnd í DESIGNER BRILLIANCE™ 80mynsturbókinni.

DESIGNER BRILLIANCE™ 80 Mynsturbók



Flettið í gegn um DESIGNER BRILLIANCE™ 80mynsturbókina og skoðið mynstrin og leturgerðirnar.

Öll mynstur og númer þeirra eru sýnd þar. Fyrir mynstur þar sem unnið er með sérstakri tækni koma fram upplýsingar um sporafjölda í mynstrinu, stærð mynstursins, svo og listi yfir allar litablokkir og upplýsingar um tækniblokkirnar.

Útsaumsáhalðið tengt við vélina

1. Fjarlægðu hólfið yfir fylgihlutina.
2. Rennið útsaumsáhaldinu á friarminn þar til það tengist vel við tengilinn aftan á vélinni. Ef nauðsyn krefur, notið stillanlegu fæturnar þannig að vélin og tækið séu jafnhá. Ef slökkt er á vélinni - kveikið þið á henni.
3. Ef þið eruð þegar í útsaums aðgerð eða þegar þið skiptið yfir í útsaums aðgerð kemur sprettigluggi á skjáinn og minnir ykkur á að hreinsa vel til í kring um vélina og einnig að taka útsaumsramma af áhaldinu áður en þið kvarðið. Snertið OK. Vélina kvarðar sig og útsaumsarmurinn fer í grunnstöðu.

Ath: ALLS EKKI MÁ kvarða vélina með útsaumsramma tengdan við tækið, því hann gæti skemmt nálar, saumfót og áhaldið sjálft. Fullvissið ykkur einnig að ekkert lauslegt sé í kring um vélina áður en þið kvarðið hana þannig að útsaumsarmurinn rekist ekki í eitthvað lauslegt.



Útsaumsáhalðið fjarlægt


1. Til að geyma útsaumsáhalðið á sínum stað byrjið þið á því að setja útsaumsáhalðið í geymslustöðu. Skoðið geymslustöðu “park position” í innbyggða leiðarvísinum.
2. Ýtið á vinstri hnappinn undir útsaumsáhalðinu (A) og rennið áhalðinu til vinstri til að losa það.
3. Geymið útsaumsáhalðið ávallt í upprunalegu svörtu frauðplast umbúðunum, sem eru í mjúka geymslupokanum.

Efnið spennt í útsaumsrammann

Til að ná sem bestum árangri er best að setja styrkingarefni eða undirleggsefni undir efnið sjálft. Þegar þið spennið svona tvö efni í ramma verður að gæta að því að þau séu bæði flöt og rennislétt.

1. Opnið hraðlæsinguna (A) á ytri rammanum og losið um skrufuna (B). Fjarlægið innri rammann. Setjið ytri rammann á sléttan flöt og látið skrufuna vera hægra megin að neðanverðu (B). Það er lítil ör í miðjunni á neðri hluta rammans en hún á að standast á við örina sem er á innri rammanum.
2. Setjið stöðugleikaefnið og efnið sjálft ofan á ytri rammann og látið réttuna snúa upp. Setjið innri rammann ofan á efnið og látið örina á rammanum snúa niður á við. Ef þið sjáið rammastærðina í neðri hlutanum á innri rammanum þá hafið þið sett ramma rétta saman.
3. Þrýstið innri rammanum ákveðið inn í ytri rammann.
4. Lokið hraðlæsingunni (A). Stillið þrýstinginn á ytri rammanum með því að herða skrufuna (B). Til að ná fullkomnum árangri verða efnin að vera bæði slétt og vel strekkt í rammanum.


Ath: Ef þið ætlið að sauma fleiri mynstur á sama efni, opnið þið hraðlæsinguna, farið rammann yfir á nýja staðinn og lokið honum aftur með hraðlæsingunni. Ef þið farið hins vegar yfir á annað efni, þá gætuð þið þurft að stilla þrýstinginn á rammanum með stilliskrúfunni. Reynið aldrei of mikið á hraðlæsinguna.



Ramminn settur á og tekinn af

Rennið rammanum framan frá á mótstykkið (A) þar til það smellur á sinn stað.

Til að losa rammann frá útsaumsarminum ýtið þið á gráa hnappinn (B) á rammataekinu og rennið rammanum í áttina að ykkur.



4 Alhliða skjárinn


Alhliða skjár

Vélin DESIGNER BRILLIANCE™ 80 er með alhliða skjá sem er mjög auðveldur í notkun. Nokkur einföld dæmi - snerta, snerta og halda, klemma/teygja, snerta og færa og sveifla og renna til - er allt sem þið þurfið til að nota skjáinn.

Dæmi


Snertið

Snertið einu sinni og sleppið til að velja það sem þið ætlið að nota þ.e.a.s. í stillingum (settings) eða mynstrum (designs).



Snertið og haldið

Snertið einu sinni án þess að sleppa í nokkrar sekúndur til að snerta og halda til að opna “snjall kistuna (smart toolbox) .




Þjappa/Teygja

Snertið með tveimur fingrum á sama tíma og án þess að sleppa færið þið fingurna saman til að draga frá. Snertið með tveimur fingrum á sama tíma og án þess að sleppa færið þið þá frá til að auka millibilið til að draga að.


Þessi aðgerð er mjög nytsöm í sauma valmynd og mynstur valmynd til að draga sauma og mynstur að eða frá. Þetta er einnig gott að nota þegar þið lesið innbyggða leiðarvísinn - þið getið dregið textann að.

Ath: Ef þið þrengið eða teygjið á völdu mynstri þá mun það virkja staðsetningar aðgerðina og þið færið mynstrið til í stað þess að draga útsaumsflötinn að.



Snerta og hreyfa


Snertið einu sinni og án þess að fjarlægja fingurinn - færið hann þá á annan stað á skjánum til að snerta og færa, þ.e.a.s. að færa valda mynstrið á annan stað á útsaumsfletinum.



Renna

Snertið og færið fingurinn samfleytt frá vinstri til hægri eða frá hægri til vinstri lárétt þ.e.a.s. yfir valmyndina til að rápa á milli valmynda í vélinni.

Snertið og færið fingurinn samfleytt ofan frá og niður eða neðan frá og upp lóðrétt þ.e.a.s. yfir valmyndinni til að rápa á milli innan valinnar valmyndar.



Snjall kistan (smart toolbox)

Snjall kistan er fyrir hendi fyrir mynstur eða forrit á saumafletinum eða fyrir sauma og forrit á útsaumsfletinum. Snertið og haldið við saumaforrit eða mynstur til að opna kistuna, færið fingurinn til að auðkenna valkostinn sem þið ætlið að nota og sleppið síðan til að velja hann.

Valkostirnir sem eru í kistunni eru mismunandi eftir því hvar og fyrir hvað þið ætlið að nota þá Dæmi um valkosti eru afritun, eyðing, speglun og undirbúningur.



Algengar aðgerðir

Eftirtaldar aðgerðir á skjánum eru mikið notaðar.

OK

Staðfestir breytingar sem þið hafið framkvæmt og skilaboð í sprettiglugga og fer aftur í fyrri glugga.



Hætta við

Hætir við breytingar og skilaboð í sprettiglugga og fer aftur í fyrri glugga



Útsaums undirbúningur (edit)

Í neðra hægra horninu á útsaums undirbúnings gluggans (edit) er GO hnappur. Snertið hnappinn til að fara í gluggann fyrir velkomin í gluggann fyrir útsaums saumaskap.



Útsaums saumaskapur (stitch out)

Snertið til baka hnappinn í neðra hægra horninu í glugganum fyrir útsaums saumaskap til að fara aftur í útsaums undirbúning (edit).



Snertið og haldið

Sumir hnappar eru einnig fyrir fleiri aðgerðir, og eru þeir þá merktir með ör í neðra hægra horninu. Til að fara í þær aðgerðir, snertið þið og haldið hnappnum í nokkrar sekúndur.



Efri tækjastika

Á efri tækjastikunni finnið þið eftirfarandi aðgerðir. WiFi *mySewnet*TM hnapp, hnapp fyrir uppfærslu fasthugbúnaðar JoyOS *advisor*TM hraðhjálp, stillingar og víxlskiptingu á milli sauma og útsaums aðgerða.

Ath: Allar aðgerðir eru ekki aðgengilegar á sama tíma .



1. WiFi
2. *mySewnet*TM
3. Uppfærsla á þráðlausum fasthugbúnaði.
4. JoyOS *advisor*TM Aðgerð
5. Hraðhjálp
6. Stillingar
7. Aðgerð til að víxla á milli sauma og útsauma

WiFi

Snertið WiFi hnappinn á efri tækjastikunni til að gera WiFi virkt. Veljið net-aðgang af listanum sem kemur upp. Ef net-aðgangurinn krefst aðgangsorðs, þá þurfið þið að stimpla það inn í sprettigluggann.

Þið getið einnig tengt ykkur við WiFi í stillingum .


Ef þið náðið engum netstyrkleika eða eruð með veikt merki farið þá í gangtruflanir og ráð við þeim.

	WiFi er tengt og styrkleiki góður
	WiFi er tengt og styrkleiki meðalgóður
	WiFi er tengt og styrkleiki lélegur .
	WiFi er tengt en netið vinnur ekki rétt.
	WiFi er ekki tengt. Tengjið við net-aðgang í gegn um WiFi hnappinn eða WiFi í stillingum.

Lesið meira um WiFi fyrir vélina í WiFi kaflanum .

mySewnet™

Snertið *mySewnet™* hnappinn á efri tækjastikunni og snertið innskráningar hnappinn (sign in) til að opna sprettigluggann. Skráið ykkur inn *mySewnet™* á ykkar aðgang eða búið til nýjan *mySewnet™* aðgang



Þegar þið hafið skráð ykkur inn sjáið þið hversu mikið laust rými þið hafið í *mySewnet™* skýinu.

Samstillingar ástand er sýnt á *mySewnet™* hnappnum á tækjastikunni.

Ef vélin getur ekki tengst við *mySewnet™* skýið eða vill ekki samstillast, farið þá í gangtruflanir og ráð við þeim.

	Allar skrár í vélinni og <i>mySewnet™</i> skýinu eru nú samstilltar.
	Vélin er nú að samstilla skrár við <i>mySewnet™</i> skýið.
	<i>mySewnet™</i> Skýið getur ekki samstillt skýið og vélina. Athugið hvort þið hafið nægjanlegt rými í <i>mySewnet™</i> skýinu
	Þið hafið náð að skrá ykkur inn <i>mySewnet™</i> en vélin nær ekki WiFi sambandi. Tengid vélina við WiFi net
	Ekki tengd við <i>mySewnet™</i> reikninginn ykkar. Tengist og búið til <i>mySewnet™</i> reikning til að getað samstillt skrárnar í vélinni inn í <i>mySewnet™</i> skýið.

Lesið meira um *mySewnet™* skýið í *mySewnet™* kaflanum.

Uppfærsla á þráðlausa fasthugbúnaðinum

Ykkar *viDESIGNER BRILLIANCE™ 80* er nýttu sauma og útsaums vél. Það er alltaf mælt með því að þið setjið nýjustu útgáfu af fasthugbúnaði í vélina ykkar. Uppfærsla á fasthugbúnaði er ávallt til hagsbóta fyrir notandann og vélina.

Til að ná í nýjasta fasthugbúnaðinn verðið þið að vera tengd við netið í gegn um WiFi eða uppfæra í gegn um USB tækjabúnað. Þegar vélin er tengd mun hún sjálfkrafa leita að fyrirliggjandi fasthugbúnaði. Snertið hnappinn fyrir fasthugbúnaðinn en hann er á efri tækjastikunni og halið niður og setjið upp nýjustu útgáfuna.

Lesið meira um þráðlausan fasthugbúnað í kaflanum Fasthugbúnaður og uppfærsla í gegn um WiFi.



JoyOS advisor™ Aðgerð

Snertið *JoyOS advisor™* aðgerðarhnappinn til að opna sjálfkrafa fyrir *JoyOS advisor™* aðgerðina. Lesið um *JoyOS advisor™* aðgerðina



Hraðhjálp

Snertið hraðhjálpina á efri tækjastikunni. Það kviknar á hnappnum og hann blikkar sem gefur til kynna að hraðhjálpin sé virk. Snertið tákn, hnapp eða svæði á skjánum sem þið viljið fá frekari upplýsingar um. Sprettigluggi opnast og gefur ykkur stuttar upplýsingar um viðkomandi tákn, hnapp eða svæði. Snertið OK til að loka sprettiglugganum og fara út úr hraðhjálpinni.

Sumt í hraðhjálpinni vísar ykkur á innbyggða leiðarvísinn þar sem þið getið fengið nánari upplýsingar. Þetta er sýnt með bláum hnapp. Snertið hnappinn til að opna fyrir innbyggða leiðarvísinn.



Stillingar

Snertið stillihnapp til að opna gluggann fyrir stillingar. Lesið um stillingar fyrir vélina.

Ef sauma eða útsaums tækni hefur verið hlaðið inn JoyOS *advisor*TM verða sum atriðin sem mælt er með hlaðin inn sjálfkrafa þegar saumar eða mynstur eru notuð úr JoyOS *advisor*TM þessari valmynd. Þetta er gefið til kynna með upphrópunarmerki á stillihnappnum. Snertið hnappinn til að opna fyrir stillingar til að sjá hvaða stillingu(m) hefur verið breytt.



Stillihnappar í sauma aðgerð



Stillihnappar í útsaums aðgerð

Víxlað á milli sauma og útsauma

Víxlið á milli sauma og útsaums aðgerða með því að snerta táknid í efra hægra horninu á skjánum.



5 WiFi & *mySewnet*[™] þjónustur

Kynning á WiFi

Vélin ykkar DESIGNER BRILLIANCE™ 80 er með WiFi búnað sem gerir ykkur kleyft að tengja vélina þráðlaust við *mySewnet*™ net-þjónustur .

Byrjað að nota WiFi

Snertið WiFi hnappinn á efri tækjastikunni til að gera WiFi virkt. Veljið net-aðgang af listanum sem kemur upp. Ef netkerfið er varið með aðgangsorði, verðið þið að gefa upp aðgangsorð í sprettluggann sem kemur á skjáinn.

Snertið “I” hnappinn hægra megin til að opna upplýsinga sprettlugga um netkerfið. Þið getið einnig séð styrk netsins og einnig ef netið er læst með aðgangsorði en þá er það táknað með mynd af hengilás.

Þið getið einnig tengst netinu með WiFi í WiFi stillingum .

Ef þið náðið engu merki eða eru með veikt merki frá netinu farið þá í gangtruflanir og ráð við þeim .



	WiFi er tengt með. sterku merki .
	WiFi er tengt með meðalsterku merki .
	WiFi er tengt og styrkleiki lélegur .
	WiFi er tengt en netið vinnur ekki rétt.
	WiFi er ekki tengt. Tengist netinu með WiFi hnappnum eða WiFi stillingum .

Falið netkerfi

Snertið hnappinn til að tengjast falda netkerfinu. Sprettluggi kemur á skjáinn þar sem þið getið skráð nafnið á falda netkerfinu.

Uppfærsla á fasthugbúnaði með því að nota WiFi

Sauma DESIGNER BRILLIANCE™ 80 og útsaumsvélin ykkar er nýttísku uppfæranleg vél. Það er alltaf mælt með því að þið setjið nýjustu útgáfu af fasthugbúnaði í vélina ykkar. Uppfærsla á fasthugbúnaði er ávallt til hagsbóta fyrir notandann og vélina.

Til að geta nálgast nýjustu uppfærslur þráðlaust, verðið þið að vera tengd netinu í gegn um WiFi . Þegar vélin er tengd mun hún sjálfkrafa leita að fyrirbyggjandi fasthugbúnaði. Ef vélin finnur að fyrirbyggjandi séu nýrri uppfærslur, mun uppfærsluhnappurinn verða sýnilegur á efri tækjastikunni. Snertið hnappinn til að opna sprettiglugga til að hlaða niður og setja upp hugbúnaðinn.

Þegar uppfærslu lýkur mun vélin fara sjálfkrafa í gegn. Athugið númerið á uppfærslunni í stillingum í véla-upplýsingum .



Uppfærsluhnappur fyrir fasthugbúnað á efri tækjastikunni.

	Vísbending um að vélin sé ekki með nýjustu uppfærslu. Snertið hnappinn til að opna sprettiglugga til að hlaða niður og setja upp hugbúnaðinn.
	Spunahjól kemur í uppfærsluhnappinn og sýnir að verið sé að setja upp nýjan hugbúnað.
	Upphrópunarmerki kemur á hnappinn sem gefur til kynna að það bíði uppfærsla eftir því að verða sett upp í vélina.

Uppfærsla hugbúnaðar með því að nota USB tæki.

Farið á heimasíðuna HUSQVARNA VIKING® með því að nota tölvuna ykkar www.husqvarnaviking.com og finnið vélina ykkar. Þar finnið þið þær uppfærslur sem kynnu að vera fyrir hendi.

Þið getið einnig skráð ykkur inn á *mySewnet™* vefgáttina til að finna uppfærslur.

1. Halið nýju þjöppuðu (zip) uppfærsluskránni niður Afþjappið skrána og afritið hana (.clo) á USB tæki.

Ath: Breytið ekki nafninu á skránni og afritið hana heldur ekki í möppu á USB tækinu.

Ath: Fullvissið ykkur um að ekki sé gömul uppfærsluskrá (.clo) í USB minnislykilinum þegar þið afritið nýju uppfærsluskrána (.clo). Skráarnafnið er ekki einstakt.

2. Fullvissið ykkur um að slökkt sé á vélinni. Tengid USB minnislykilinn með nýju uppfærslunni við USB tengilinn á vélinni.
3. Ýtið á og haldið afturábak hnappnum sem er hægra megin á vélinni og haldið honum inni um leið og þið kveikið á vélinni. Sleppið afturábak hnappnum þegar þið sjáið uppfærslutákn koma á skjáinn.
4. Uppfærslu-hugbúnaðurinn verður nú settur upp í vélina. Vélín gæti farið nokkrum sinnum í gang á meðan á uppfærslunni stendur. Slökkvið þá ekki á vélinni.
5. Þegar uppfærslu lýkur mun vélín fara sjálfkrafa í gegn. Athugið númerið á uppfærslunni í stillingum í véla-upplýsingum

Ókeypis hugbúnaður (PC).

PC hugbúnaður er fyrir hendi fyrir DESIGNER
BRILLIANCE™ 80 vélina ykkar. Hann býður upp á
eftirfarandi kosti:

- *mySewnet*™ Skýja samstillingar tólið gerir ykkur kleift að samstillast innihald *mySewnet*™ þess sem er í skýinu og þess sem er í vélinni með möppu í tölvunni ykkar (PC) Dragið og sleppið skrár í möppuna á tölvunni og skrárnar munu sjálfkrafa verða fluttar í *mySewnet*™ skýið og verða aðgangshæfar frá vélinni þegar þið skráið ykkur inn á *mySewnet*™ reikning ykkar.

Fyrir PC og MAC tölvur.

PREMIER+™ 2 Free - Ókeypis stuðningur við vélina.

Fyrir Windows® 10, Windows® 8 og Windows® 7 (á ensku, frönsku, þýsku og ítölsku).

Fyrir Mac OS X - El Capitan®, Sierra®, og High Sierra®
(aðeins á ensku).

- Þessi ókeypis hugbúnaður gerir ykkur kleift að opna PREMIER +™ 2 útsaums forritseiningu á ókeypis hátt. Þið getið opnað útsaums saumaskrár, velt, snúið, sameinað, litagreint, breytt tvinnalitum, breytt sniðmáti, og flutt yfir í önnur saumasnið.
- Það er engin ræsingarkóði eða uppsetningarkóði notaður með ókeypis PREMIER+™ eða 2.
- PREMIER+™ Quick Font-Create staforitum (.VF3) fyrir útsaumsvélina ykkar úr flestum TrueType® eða OpenType® stafrófum úr tölvunni ykkar.
- PREMIER+™ Explorer Plug-in -Skoða útsauma sem smámyndir í Windows® Explorer.

Auðvelt að leita að og flokka útsauma. Þið getið rápað á milli og skoðað þau í mismunandi stærðum og prentað þau.

Breytt mynstrum ykkar í önnur útsaums-snið, bætt við klippingum skipunum eða breytt röð á tvinnalitum.

Heimsækið HUSQVARNA VIKING® vefsíðuna til að www.husqvarnaviking.com fá stuðning. Veljið ykkar vélartegund og hlaðið niður hugbúnaði. Þið getið einnig fundið ókeypis hugbúnaðinn í *mySewnet*™ vefgáttinni.

Frekari upplýsingar og ítarlegar leiðbeiningar eru þar fyrir hendi.

mySewnet™ Þjónusta

DESIGNER BRILLIANCE™ 80Vélin ykkar býður ykkur mySewnet™ upp á eftirfarandi þjónustur:


- mySewnet™reikning- persónulegan innskráðan reikning til að komast að hinum ýmsu mySewnet™ þjónustum.
- mySewnet™skýið- Þjónusta í skýinu þar sem þið getið vistað og haft aðgang að ykkar persónulegu skrár úr þremur mismunandi stöðum mySewnet™möppu í skýinu á vélinni mySewnet™og á eigin tölvu og mySewnet™vefgáttinni. Frá mySewnet™netinu getið þið skoðað núverandi véla og útsauma ástand í gegn um mySewMonitor appið.
- mySewnet™Vefgátt - Vefsíða með mismunandi mySewnet™ þjónustu eins og skráningu vélar, ganga frá persónulegri uppsetningu og stjórna skrár í mySewnet™skýinu.

mySewnet™ Reikningur

Byrjið á því að opna mySewnet™reikning til að geta notað mySewnet™þjónustuna. Þið getið opnað reikning frá mySewnet™hnappnum á efri tækjastikunni eða í mySewnet™stillingum.

Snertið innskráningarnappinn og sprettigluggi opnast þar sem þið getið valið umað skrá nýjan mySewnet™reikning.

mySewnet™Reikning er einnig hægt að stofna í gegn um mySewnet™vefgátt á husqvarnaviking.mysewnet.com.



mySewnet™ Skýið

mySewnet™ Skýið er þjónusta til að geyma skrár í “skýinu” sem stendur öllum eigendum og notendum mySewnet™ véla sem hægt er að tengja við skýið eins og t.d. ykkar DESIGNER BRILLIANCE™ 80 vél. mySewnet™ Skýið býður upp á einfalda leið til að stjórna og hafa aðgang að persónulegum skráum frá þremur mismunandi stöðum: mySewnet™ skýja möppunni í vélinni ykkar, mySewnet™ skýja samhfæingar tækinu í tölvunni ykkar og mySewnet™ vefgáttinni.

- mySewnet™ Skýja mappan á DESIGNER BRILLIANCE™ 80 vélinni - í skráarstjórn finnið þið mySewnet™ skýjamöppu þar sem þið geymið og samstillið skrárnar ykkar við mySewnet™ skýið.
- mySewnet™ Skýja samstillingar tækið í tölvunni ykkar - Setjið upp mySewnet™ skýja samstillingar tól í tölvuna ykkar til að hafa möppu í tölvunni sem er samstillt við mySewnet™ skýið.
- mySewnet™ Vefgátt - stjórnið skránum í mySewnet™ skýinu í gegn um venjulegan vafra.

Staða samstillingarinnar er sýnd á mySewnet™ hnappnum á efri tækjastikunni:

	Allar skrár í vélinni og mySewnet™ skýinu eru samstilltar.
	Vélin er nú að samstillta skrár við mySewnet™ skýið.
	mySewnet™ Skýið getur ekki náð samstillingu við vélina ykkar. Gætið að því hvort þið hafið ekki fyrirbyggjandi rými í mySewnet™ skýinu.
	Tengd við mySewnet™ reikninginn en það er engin tenging við mySewnet™ netþjóninn.
	Ekki tengd við ykkar mySewnet™ reikning. Skráið ykkur inn eða skráið mySewnet™ reikning til að geta samstillt skrár frá vélinni við mySewnet™ skýið.


Vélin nær ekki sambandi við mySewnet™ skýið eða getur ekki náð samstillingu, - sjá gangtruflanir og ráð við þeim.

Notaðrými í mySewnet™ skýinu

mySewnet™ Skýið mun geyma mynstur, leturgerðir, sauma og aðrar skrár frá vélinni.

Snertið mySewnet™ hnappinn á efri tækjastikunni eða farið í mySewnet™ stillingar. Þegar lítið rými er eftir lætur vélin ykkur vita einu sinni. Ef þið haldið áfram að hlaða inn á minnið, minnir hún ykkur ekki aftur, fyrr en minnið er alveg fullt. Eyðið eða flytjið skrár yfir á USB tæki til að losa um rými.

Ath: Rýmið í mySewnet™ skýinu verður gert virkt í fyrsta sinn sem þið skráið ykkur inn á ykkar mySewnet™ reikning með vélinni.



Uppsetning á mySewnet™ samstillingar tóli á milli skýsins og tölvunnar ykkar.

Setjið upp mySewnet™ skýja samstillingar tól til að styðja við samstillingu á möppu í tölvunni ykkar við efnið sem geymt er í mySewnet™ skýinu. Uppsetningin þarfnast eins af eftirtöldum tölvubúnaði: Windows®7, Windows®8 eða Windows®10.

Leiðbeiningar um uppsetningu

1. Halið niður samstillingar tóli á tölvuna úr mySewnet™ vefgáttinni husqvarnaviking.mysewnet.com
2. Á tölvunni tvísmellið þið á skrána “mySewnetCloudSyncSetup.exe” til að keyra uppsetningarforritið. Farið í gegn um þrepin í uppsetningarforritinu til að setja það upp.
3. Þegar það hefur verið sett upp sjáið þið mySewnet™ möppu fyrir skýja samhæfingu á harða drifinu ykkar. Bætið við, breytið eða eyðið innihaldi á mySewnet™ möppunni ykkar í tölvunni til að geta bætt við, breytt eða eytt innihaldinu á mySewnet™ möppunni fyrir skýið iDESIGNER BRILLIANCE™ 80 vélinni ykkar.


Samstillingar ástand verður sýnt á mySewnet™ hnappnum á verkreininni:

	Skráð inn í mySewnet™ skýið.
	Samstillir skrár við mySewnet™ skýið.
	Ekki skráður inn á mySewnet™ samstilli-tólið í skýinu
	Get ekki samstillt við mySewnet™ samstilli-tólið í skýinu Athugið notað rými í mySewnet™ skýinu.

Samstillir skrá

Fullvissið ykkur um að þið séuð skráð inn á mySewnet™ reikning í vélinni ykkar. Fullvissið ykkur einnig um að mySewnet™ samstillinga-tólið í skýinu sé uppsett og keyri á tölvunni ykkar.

1. Dragið og sleppið skránni í mySewnet™ möppuna í skýinu í tölvunni ykkar.



2. Táknið er sýnilegt á meðan samstilling er í gangi.



3. Táknið þýðir að skráin hefur verið samstillt og sé nú tiltækileg frá *mySewnet*™ möppu í skýinu í skráarstjórn í DESIGNER BRILLIANCE™ 80 vélinni og einnig í *mySewnet*™ vefgáttinni.



mySewnet™ Vefgátt

mySewnet™ Vefgáttin er persónuleg vefsíða með aðgang við hinar ýmsu *mySewnet*™ þjónustur. Skráið ykkur inn á *mySewnet*™ vefgáttina með *mySewnet*™ reikningi ykkar. Þið getið fengið aðgang við *mySewnet*™ vefgáttina á husqvarnaviking.mysewnet.com til að nota eftirfarandi þjónustur:

- Mín vél - yfirlit yfir ýmislegt í vélinni eins og innbyggða leiðarvísinn, innblástur um sauma-verkefni, upplýsingar um aukahluti o.s.frv.
- Mín uppsetning (profile) - yfirlit yfir ykkar persónulegu uppsetningu, með upplýsingum um tengiliði, e-mail áskrifur, upplýsingar um vexti og smáatriði um reikningsáskrift o.s.frv.
- *mySewnet*™ Skýið - möguleikar á að stjórna persónulegum skráum. Skrárnar eru sjálfkrafa samstilltar við *mySewnet*™ möppuna í skýinu DESIGNER BRILLIANCE™ 80 sem er í vélinni og *mySewnet*™ samstillingar tólið fyrir skýið.

mySewMonitor Appið

Með mySewMonitor appinu í færanlegu tæki getur DESIGNER BRILLIANCE™ 80 vélin sent skilaboð til þín þegar hún þarf á því að halda. Hlaðið inn mySewMonitor appinu í færanlega tækið í App-búðinni eða á Google Play. Þið getið einnig hlað appinu niður í gegn um *mySewnet*™ vefgáttina hjá husqvarnaviking.mysewnet.com.

Appið mun sýna núverandi útsaums-stöðu.


- Allar litablokkir í innhlöðnu mynstri eða mynstrum.
- Núverandi spornúmer og núverandi litablokk.
- Sprettigluggar með skilaboðum eins og skipta um tvinnalit og að tvinninn sé að verða búinn á spólunni.



6 JoyOS *advisor*TM

JoyOS *advisor*TM Kynning

JoyOS *advisor*TM Aðgerðin inniheldur m.a. SAUMA-RÁÐGJAFITM, ÚTSAUMS-RÁÐGJAFITM, BÚTASAUMS-RÁÐGJAFI, Þekkingamiðstöð og innbyggðan leiðarvísir. Í JoyOS *advisor*TM aðgerðinni finnið þið líka gagnvirkar leiðbeiningar um sauma og útsaums tækni og leiðbeiningar um undirleggsefni.



JoyOS *advisor*TM Verkefna valmynd

Í JoyOS *advisor*TM verkefna valmyndinni eru sýndir ráðlagðir saumar og/eða mynstur fyrir þá sauma eða útsaums-tækni sem nú er innhlaðin í vélinni. Hnappurinn er sjálfkrafa valinn þegar þið veljið tækni frá JoyOS *advisor*TM aðgerðinni.




JoyOS *advisor*TM Verkefna skoðari

Þegar þið hlaðið JoyOS *advisor*TM verkefni úr þessari JoyOS *advisor*TM aðgerð verður það sýnt í verkefna skoðaranum sem er alltaf aðgengilegur á skjánum. Þegar verkefna skoðarinn er minnkaður, snertið þið hnappinn til að stækka hann.



JoyOS *advisor*™ Verkefna skoðari - yfirlit



1. Færið skoðarann á skjánum að eigin vild og einnig til að getað náð til hnappa sem eru faldir þegar farið er eftir leiðbeiningum.
2. Minnkið eða stækkið textana í skoðaranum með því að snerta A- eða A+ hnappana.
3. Veljið efnið sem þið ætlið að nota. Saumarnir sem eru hlaðin inn í gegn um verkefnið eiga að henta vel fyrir valið efni.
4. Til að minnka, snertið þið efra hægra hornið. Til að stækka, veljið þið JoyOS *advisor*™ hnappinn fyrir verkefna skoðarann.
5. Snertið hægri örina til að færa ykkur áfram í leiðbeiningunum og snertið vinstri örina til að færa ykkur aftur á bak.
6. Upplýsingar sem eru sýndar fyrir hvert þrep í leiðbeiningunum.
7. Allar myndir er hægt að stækka með því að snerta þær í skoðaranum.
8. Hlaðið inn ráðlögðum saum fyrir innhlaðna tækni með því að snerta sauminn í skoðaranum.
9. Myndlífguner sýnd með leiktákni fyrir ofan myndina. Snertið leiktáknið til að hlaða inn myndlífgunina. Nánari lýsingar í myndlífgun.


Myndir í JoyOS *advisor*TM verkefna skoðara

Myndir í JoyOS *advisor*TM verkefna skoðara er hægt að stækka með því að snerta þær, sem er mjög gagnlegt fyrir myndir eins og lista yfir efni. Með því að snerta mynd af hnappi opnast leiðbeiningar um hvar hnappinn sé að finna.

Myndlífgun í JoyOS *advisor*TM verkefna skoðara


Myndlífganir eru sýndar í skoðara sem mynd með leiktákni að ofan. Snertið leik-hnapp til að skoða myndlífgunina. Í video-spilaranum sem opnast, getið þið gert hlé á myndlífguninni, spólað til baka, farið hratt áfram, stillt á endurtekningu og slökkt eða kveikt á fullri skjámynd. Lokið myndlífguninni með því að snerta “hætta við (cancel)” í neðra hægra horninu. Snertið og haldið á -spóla til baka - til að byrja myndlífgunina frá byrjun.

1. Tákn fyrir kafla / undirkafla
2. Spóla til baka (snerta og halda til að fara aftur á byrjunina)
3. Spila / gera hlé
4. Hratt áfram
5. Endurtaka á/af
6. Allur skjárinn á/af
7. Loka



Saumar í JoyOS *advisor*TM verkefna skoðara

Ef mælt er með ákveðnum saum eða spori í ákveðinni tækni þá getið þið hlaðið því inn beint frá skoðaranum með því að snerta hnappinn fyrir sauminn. Vélin mun sjálfkrafa stilla sig á hentugustu stillingar fyrir viðkomandi saum.



mySewnet blogg

Snertið þennan flipa til að opna *mySewnet* bloggið þar sem þið getið skoðað nýjustu upplýsingar um framleiðsluvörur okkar, sauma-leiðbeiningar og náð í innblástur.

Lítið rautt umslags-tákn efst á flipanum gefur til kynna að nýjar upplýsingar séu þar síðan þið heimsóttuð þennan stað síðast.

Snertið flipann til að fá meiri upplýsingar um það sérstaka verkefni.

Vélin þarf að vera tengd við netið til að hægt sé að sjá þetta.



Leitað


Snertið flipann fyrir leit og þá opnast gluggi sem gerir ykkur kleift að leita með JoyOS ráðgjafanum. Sláið inn leitarorðinu og snertið OK. Vélín sýnir árangur leitarinnar.

Þið getið einnig fundið flipa fyrir leit í leiðarvísinum til að finna ákveðnar upplýsingar í leiðarvísinum.



SAUMA RÁÐGJAFI™ - yfirlit

Þegar þið hlaðið inn ákveðinni saumatakni mun vélin velja besta sauminn og stillingar fyrir valið efni og verkefni. Allt eftir vali ykkar mun JoyOS *advisor*™ aðgerðin mæla með hentugustu saumatakni fyrir verkefnið.



1. Val á efni
2. Hópar í saumatakni
3. Saumatakni
4. Halda áfram með núverandi JoyOS *advisor*™ verkefni
5. JoyOS *advisor*™ Verkefnaskjár
6. hlaða inn snjallvistun
7. Byrja upp á nýtt
8. Leitað JoyOS *advisor*™

Val á efni

Byrjið á að velja það efni sem þið ætlið að sauma.
Uppástungur um efni í þeim hópi sem þið völduð.

Ath: Sum efni innihaldi mjög mikil litarefni sem geta litað frá sér í önnur efni og einnig á yfirborð vélarinnar. Og það getur verið mjög erfitt að ná þessum litum úr flík eða af vélinni.


Flís og gallabuxnaefni, og sérstaklega rauð og blá eru oftast með mjög mikil og battuleg litarefni.

Ef ykkur grunar að efnið eða fullunna flíkin innihaldi mikið af litarefnum ráðleggjum við eindregið að þvo efnið/flíkina áður en þið farið að vinna með þau á vélinni.


Ofin eða prónuð

Munurinn á milli ofinna og prjónaðra er hvernig þræðirnir eða garnið er sett saman. Ofin efni eru búin til af tveimur þræðum, langþræði og svo ívafspræði sem kemur þversum á langþræðinn. Prjónuð efni eru hins vegar yfirleitt aðeins úr einum þræði eða þá þræðum sem eru fléttaðir eða lykkjaðir saman. Prjónuð efni eru yfirleitt mjög teygjanleg.

Almenna reglan er sú að velja ofin JoyOS *advisor*TM fyrir öll stöðug efni, en teygjanleg (stretch) fyrir teygjanleg efni.



Ofin efni



Prjónuð efni

Ofin efni

Ofin þunn efni Chiffon, organza, batist, þunn prentuð efni, krep o.fl.

Ofin meðal Calico, bútasaumsefni, þéttofin baðmullarefni, flauel o.fl.

Ofin þykk Gallabuxnaefni, tweed, segldúkur, frottéefni

Teygjanleg efni

Teygjanleg þunn Trikot, einfalt prjón o.s.frv.


Teygjanleg meðal Peysuprjón, tvöfalt prjón, velúr, sundfataefni o.s.frv.

Teygjanleg þykk Prjón, flís o.s.frv.


Leður og Vinyl

Fyrir gerfileður og leður Leður er húð af dýrum þar sem hárin hafa verið fjarlægð. Leður getur verið mjög mjúkt og getur aðeins gefið eftir.

Fyrir vinyl, gervileður og rúskinn. Vinyl er gerviefni sem oft er þó með ofið efni á röngunni. Vinyl getur verið mjúkt eða mynstrað og sumt er teygjanlegt.



Leður



Vinyl

Hópar af saumataækni

Eftir að hafa valið efni, snertið þið hópinn yfir saumataækni og JoyOS *advisor*TM vélín mun velja saumataækni sem hæfir efninu sem þið völduð. Snertið saumataækni til að hlaða því inn JoyOS *advisor*TM á skjáinn.

Dæmi: Veljið ofín meðal og rennilása til að sýna alla tækni sem henta fyrir ofín meðal efni. Breytið efninu í teygjanlegt meðal og takið eftir því að þá fækkar möguleikum þar sem öll tækni hentar ekki fyrir teygjanleg meðal efni.

Ath: Notið braðhjálpinu í saumataækni til að fá stutta lýsingu á tækinni.

Grundvallar saumataækni


Í grundvallar saumataækni finnið þið allar helstu og mest notuðu saumataækni. Þegar þið veljið eina af grundvallar saumataækni, þá mun ráðlagður saumur koma sjálfkrafa á skjáinn.

Saumur


Venjulegur saumur saumar tvö efni saman og gert er ráð fyrir því að saumbrúnin verði pressuð út. Í flestum tilfellum er gert ráð fyrir því að efnisbrúnirnar séu fyrst kastaðar með overlock saum eða zik zak sporum.

Saumur á teygjanleg efni verður að teygjast eins og efnið sjálft. Teygjanlegir saumar henta því vel fyrir alls konar teygjanleg efni.

Aðgerðin JoyOS *advisor*TM mun velja hentugustu sporlengd og sporbreidd fyrir efnið sem valið var og mæla með ákveðnum saumfæti og nál.



Beint spor





Teygjanlegur saumur

Kastsaumur

Kastið jaðrana til að ekki rakni úr þeim og það heldur þeim einnig flötum. Best er að kasta jaðrana áður en efnin eru saumuð saman.


Aðgerðin JoyOS *advisor*TM mun velja hentugustu sporlengd og sporbreidd fyrir efnið sem valið var og mæla með ákveðnum saumfæti og nál.



Saumur og kastsaumur

Saumur/kastsaumur saumar efnin saman og kastar jaðarinn í einum saum. Saumur/kastsaumur hentar mjög vel til að sauma stroff og hálsból. Í vélinni eru nokkrir mismunandi saumar/kastsaumar.

Aðgerðin JoyOS *advisor*TM mun velja hentugasta sauminn fyrir það efni sem þið eruð. að sauma og stilla vélina sjálfkrafa og mæla með saumfæti og nál.




Þræðing

Þræðing er bráðabirgðaspor til að máta flík og einnig notað fyrir rykkingar og merkingar. Aðgerðin JoyOS *advisor*TM stillir sjálfkrafa á langa sporlengd og minnkar spennuna á tvínnana þannig að auðvelt verði að toga í tvínnana til að búa til rykkinguna.



Blindfaldur

Blindfaldurinn á ekki að sjást á réttunni. Um er að ræða tvenns konar blindfalda, annar er fyrir föst meðal og gróf efni, en hinn fyrir teygjanleg efni. Blindfaldur hentar ekki á mjög þunn efni, leður eða vinyl.



Faldur

Faldtæknin í JoyOS *advisor*TM aðgerðinni mun velja sjáanlegan eða stungusaums fald sem hentar best fyrir efnið sem þið hafið valið. Mælt er með beinu spori fyrir ofin efni, leður og vinyl. Fyrir teygjanleg efni verður að velja sauma sem teygjast.

Hnappagöt


Þessi JoyOS *advisor*TM aðgerð velur hentugasta hnappagatið og stillingar fyrir það efni sem þið hafið valið. Það ætti að setja stöðugleikaefni á milli efnanna eða alla vega undir efninu þar sem hnappagatið á að saumast í það.

Ráð: Í hólfinu fyrir fylgihlutina er sérstakur krókur þar sem þið getið hengt "Sensor" hnappagatafótinn.

Handvirk hnappagöt

Mælt er með handvirkum hnappagötum fyrir gróf ofin efni. Fyrir handvirk hnappagöt mælum við með hnappagatafæti C.


1. Saumið fyrsta legginn í þeirri lengd sem þið viljið hafa hann.
2. Snertið afturábak hnappinn. Vélin saumar fyrri heftinguna og seinni legginn.
3. Þegar leggir hnappagatsins eru orðnir jafnlangir snertið þið afturábak hnappinn til að sauma seinni heftinguna.
4. Snertið STOP aðgerðina til að sauma sömu lengd aftur og aftur.



Saumaátt fyrir hnappagöt án flatsaums eða með flatsaumssporum sem saumuð eru með saumfæti C.

Sjálfvirk hnappagöt


Þegar þið saumið hnappagöt á þunn ofin efni, meðalgróf efni, þunn teygjanleg efni eða vinyl þá getið þið notað “Sensor” hnappagatafótinn. “Sensor” hnappagatafóturinn með nemanum saumar hnappagöt sjálfvirk. Lesið hvernig best sé að setja hnappagatafótinn á vélina.



Saumaátt fyrir flatsaums hnappagöt sem saumuð eru með “Sensor” hnappagatafötinum með nemanum.

Hnappagat með undirleggsþræði

Mælt er með að setja undirleggsþræð undir leggina þegar hnappagöt eru saumuð á teygjanleg efni. Notið undirleggsþræð til að gera hnappagötin fallegri, sterkari og upphleyptari. Notið t.d. perlugarn sem undirleggsþræð. Setjið hnappagatafótinn C á vélina og notið hakið aftan á fætinum til að halda við undirleggsþræðinn.




Forritanleg töluáfesting.

Festið tölur og króka á fljótlegan hátt með vélinni. Veljið töluáfestingu á JoyOS advisor™ aðgerðinni.

Ath: Setjið þynnri enda albliða áhaldsins undir töluna þegar þið festið hana á flíkina. Notið þykkari endann fyrir þykk efni. Haldið áhaldinu á sínum stað með því að nota límband.

Ath: Yfirleitt er sporbreiddin 3,0mm sem bentar fyrir flestar tölur. Ef þið festið þínulitlar tölur eða mjög stórar káputölur, þá getið þið þurft að minnka (-) eða auka (+) sveifluna á nálinni þannig að öruggt sé að hún bitti örugglega í götin á tölunum..

Ath: Hægt er að kaupa aukalega fínanlegan töluáfestifót hjá næsta umboðsmanni.



Byrjun

Byrjið alltaf á því að velja það efni sem þið ætlið að sauma. Ef þið viljið byrja að sauma án þess að velja ákveðna saumatakni, snertið þá byrjunar hnappinn (start new) neðst í hægra horninu. Þið hlaðið þá inn saumatakni með efnisvalinu, og vélin hleður inn beint spor. Í sauma aðgerð getið þið skoðað og valið alla innbyggða sauma sem eru í saumavalmyndinni í vélinni

Start New

Haldið áfram

Ef ákveðinni tækni, hefur verið hlaðið inn og þið þurfið að fara inn í hana JoyOS *advisor*TM aftur þá kemur hnappur í ljós JoyOS *advisor*TM og sýnir innhlaðna verkefnið. Í saumaskap getið þið valið um annað efni. Snertið hnappinn “halda áfram” til að hlaða inn völdu efni í núverandi JoyOS *advisor*TM verkefni sem þið eruð að vinna.

Continue: Sew on
Button

Hlaðið inn snjall vistun (smart save)

Snjall vistun man og geymir allar stillingar um sauma, útsauma og stillingar. Sem þýðir að þið getið slökkt á vélinni og haldið áfram með sama verkefni seinna.


Ýtið þá einfaldlega á JoyOS *advisor*TM hnappinn og snertið hnappinn “hlaða inn smart vistun”. Vélin hleður inn saumnum, útsaumnum og stillingum alveg eins og það var þegar þið slökktuð á vélinni.

Lesið meira um snjall vistun.



Bútaumaums ráðgjafi

Bútaumaums ráðgjafinn gefur ykkur ráð um mismunandi bútaumaums tækni. Þegar þið veljið bútaumaums tækni, sýnir vélin ykkur allar tækni-útgáfur sem eru í hópnum.



1. Bútaumaums tæknihópur
2. Bútaumaums tækni
3. Verkefna skoðari
4. Byrjun
5. Leitað JoyOS advisor™


Bútaumaums tæknihópur

Snertið bútaumaums tæknihóp og JoyOS advisor™ aðerðin sýnir fyrirbyggjandi bútaumaums rækni í þeim hóp. Snertið bútaumaums tækni til að hlaða henni inn í JoyOS advisor™ verkefna skoðarann. Um er að ræða 5 mismunandi bútaumaums tæknihópa í bútaumaums ráðgjafanum.

Applíkering: er þegar þið saumið applíkeringarbúta í mismunandi stærðum og lögun á annað efni Applíkeringarbútana má annaðhvort sauma ofan á eða undir grunnefnið.

ÚTSAUMS RÁÐGJAFINN™ - Yfirlit

ÚTSAUMS RÁÐGJAFINN™ gefur ykkur góðar ráðleggingar um mismunandi útsaums tækni. Þegar þið veljið útsaums tækni mun vélin sýna ykkur alla fyrirbyggjandi tækni í þeim hóp sem þið eruð stödd í.



1. Bakgrunns litur
2. Útsaums tæknihópar
3. Útsaums tækni
4. Halda áfram með núverandi JoyOS advisor™ verkefni.
5. hlaða inn snjallvistun
6. Byrja upp á nýtt
7. Valkostir um rúðufleti
8. Valinn litur á bakgrunni
9. Samstillta útsaumsmyndur

Litur á bakgrunni

Veljið lit á bakgrunni sem hentar vel á móti litnum á efninu sjálfu. Veljið á milli mismunandi valkosta á lit fyrir bakgrunninn. Valinn litur á bakgrunni verður svo sýndur í rammanum.



Valkostir um rúðufleti

Snertið hnappinn fyrir rúðufleti til að setja þá á útsaumsflötinn til að auðvelda ykkur að staðsetja mynstrin. Snertið aftur til að fjarlægja rúðufletinn.

Snertið og haldið til að opna sprettiglugga þar sem þið getið stillt millibilið á rúðufletunum í millimetrum með því að nota - og + takkana. Þið getið einnig valið á milli 8 fyrirfram ákveðinna millibila. Þið getið einnig snert rúðunúmer til að opna takkaborð þar sem þið getið stimplað inn númer.



Aðlögun

Ef virkt, þá munu koma fram stýringar þegar þið færið mynstrið til á skjánum. Þetta auðveldar ykkur að staðsetja mynstur ef þau eru fleiri en eitt.




Útsaums tækni-hópar

Eftir að hafa valið lit á bakgrunni, snertið þið útsaums tæknihópinn og í ljós kemur JoyOS *advisor*TM fyrirbyggjandi útsaumstækni í þeim hóp. Snertið þá útsaumstækni sem þið ætlið að setja á JoyOS *advisor*TM verkefnaskjáinn.

Ath: Notið braðhjálpinu um útsaumstækni til að skoða stutta lýsingu á tækninni.


Byrjun

Ef þið viljið byrja útsaum án þess að hlaða inn útsaums tækni, snertið þið takkann “byrja á ný” (start new) í neðra hægra horninu á skjánum. Þið farið þá í útsaums undirbúning (edit) með valinn bakgrunn og rúðuflet ef þið hafið valið hann. Öll innbyggð mynstur verða þá sýnd í mynstur valmyndinni.



Haldið áfram

Ef tækninni er hlaðið inn og þið hlaðið henni inn aftur JoyOS *advisor*TM kemur áfram-hnappur fram með núverandi mynstri JoyOS *advisor*TM á skjáinn. Í ÚTSAUMS RÁÐGJAFANUM TM getið þið valið annan lit á bakgrunni og valið eða afvalið rúðufletinn. Snertið hnappinn til að halda áfram til að setja inn nýjan lit á bakgrunni og/eða rúðuflet á núverandi JoyOS *advisor*TM verkefni.



Hlaðið inn snjall vistun (smart save)

Snjall vistun man og geymir allar stillingar um sauma, útsauma og stillingar. Þetta gerir ykkur kleift að slökkva á vélinni og halda áfram með mynstrið seinna.


Farið bara í JoyOS *advisor*TM aðgerðina og snertið snjall vistunar hnappinn. Vélín hleður inn saumnum, útsaumnum og stillingum alveg eins og það var þegar þið slökktuð á vélinni.

Lesið meira um snjall vistun.



Pekkingar-miðja - yfirlit

JoyOS *advisor*TM Aðgerðin er einnig með þekkingar-miðju sem m.a inniheldur: leiðbeiningar um undirleggsefni, hraðleiðbeiningar og sauma ráðleggingar.



1. Sauma ráðleggingar.
2. Hópur með alls konar tækni
3. Fyrirliggjandi tækni í völdum hóp
4. Halda áfram með núverandi JoyOS *advisor*TM verkefni.
5. Leiðbeiningar um undirleggsefni
6. Leiðbeiningar um hraðstart

Leiðbeiningar um undirleggsefni

Veljið hóp undirleggsefna til að skoða undirleggsefni í þeim hóp. Veljið undirleggsefni til að skoða upplýsingar um hvenær eigi að nota það. Upplýsingar um undirleggsefnið er sýnt í skoðara í þekkingar miðjunni. Lokið skoðaranum til að skoða önnur undirleggsefni í hópnum.

- **Efni sem þarf að klippa frá** Þetta eru þétt undirleggsefni sem þarf að klippa frá á röngunni á eftir. En þessi efni eru sérstaklega stöðug og sterk.
- **Vattefni** Notið vattefni á milli efra efnisins og neðra efnisins JoyOS *advisor*TM (í bútaumi).
- **Undirleggsefni sem leysast upp í vatni:** Undirleggsefnin í þessum hóp eru efni sem leysast upp í vatni. Þau eru mjög góð þegar þið saumið mynstur með gatasaum eða blúndur.
- **Sérstök undirleggsefni** Í þessum hóp finnið þið undirleggsefni fyrir sérstök verkefni.
- **Efni sem hægt er að rífa frá saumnum** Þetta eru undirleggsefni fyrir stutta notkun. Mjög auðvelt að fjarlægja að saum loknum.

Hrað-leiðbeiningar

Snertið hrað-hóp til að skoða mismunandi leiðbeiningar um þennan hóp. Veljið eitt af verkefnunum til að fá leiðbeiningar beint í skoðarann í þekkingar-miðjunni. Í sumum leiðbeiningunum er sýndar hreyfimyndir

Sauma leiðbeiningar

Snertið sauma leiðbeiningar til að hlaða inn tækni-leiðbeiningum.

Halðið áfram

Ef JoyOS *advisor*TM forriti er hlaðið inn og þið hlaðið því inn aftur JoyOS *advisor*TM þá kemur “halda áfram” hnappur með innhlöðnu forriti JoyOS *advisor*TM á skjáinn Snertið hnappinn eða JoyOS *advisor*TM aðgerðar hnappinn

Continue: Sew on
Button

7 Saumað

Byrjað að sauma

Þegar vélin DESIGNER BRILLIANCE™ 80 fer í gang, JoyOS *advisor*™ þá opnast aðgerðin sjálfkrafa.

Fullvissið ykkur um að það efni sem þið ætlið að sauma sé valið í JoyOS *advisor*™ aðgerðinni.

Skoðið meira um efnisval.


Eftir að hafa valið efnið sem þið ætlið að sauma, veljið þið næst þá saumatekni sem þið ætlið að nota. Eftir að hafa valið saumateknina birtast gagnlegar upplýsingar í JoyOS *advisor*™ verkefna skoðaranum. Ef þið snertið byrja á ný farið þið í sauma aðgerð og beint spor verður valið sem sjálfgefinn saumur. Lesið meira um þessa JoyOS *advisor*™ aðgerð.

Sauma aðgerð - yfirlit

Í sauma aðgerð. getið þið valið sauma, breytt þeim og saumað. Valinn saumur birtist í raunstærð á saumfletinum. Ráðleggingar um þennan saum eru sýndar fyrir ofan.

Þið getið einnig farið í forritunar aðgerð til að hanna eigið forrit. Lesið meira hvernig eigi að forrita eigin sauma í forritun (program).


Ath: Öll tákni og valkostir eru ekki sýnd á sama tíma



- | | | |
|---|---|-------------------------------------|
| 1. Valið efni | 12. Endaspeglun | 23. Jafnvægisstilla saum |
| 2. Sauma valmynd | 13. Hliðarspeglun | 24. Nýtt forrit |
| 3. Nálin stöðvist niðri | 14. Sporlengd sporþéttleiki | 25. Undirbúa saumaforrit |
| 4. Stafrófs valmynd | 15. Sporbreidd staðsetning | 26. Saumaflokkar |
| 5. Beðið um klippingu | 16. Vista | 27. Upplýsingar um saum |
| 6. Tvinnaskömmun/tvinnaspenna/fótþrýstingur á "Sensor" fót. | 17. Snjall-vistun | 28. Valflötur |
| 7. Fara til baka á fyrri saum. | 18. mySewnet™ Blogg | 29. Nafn á saumaforriti |
| 8. Fara á næsta saum | 19. JoyOS advisor™ Verkefna skoðari | 30. Minnka/stækka valflötinn |
| 9. Skráarstjórn | 20. Aðgerða skiptir | 31. JoyOS advisor™ Verkefna-valmynd |
| 10. Farið yfir á næsta hluta saumsins | 21. Valmynd fyrir "tapering" sauma (mjókkandi/breikkandi sauma) | 32. Ráðleggingar um sauma |
| 11. Byrja sauminn á nýjan leik | 22. Fríhendis valkostir | 33. Byrjun á saum |

Hvað er spor eða saumur

Spor eða saumur samanstendur af einu spori eins og í beinu spori eða tveimur sporum eins og í zik zak. Ennfremur er spor heildarsporafjöldi í einu mynstri, byggður upp af fjölda einstakra spora í saumnum, eins og t.d. 3ja þrepa zik zak eða skrautsaum.




Veljið saum eða bókstaf

Til að hlaða inn saum, veljið þið saumavalmynd og snertið sauminn á valfletinum til að velja hann. Valinn saumur er sjálfkrafa valinn og upplýsingar um þennan saum koma á upplýsingaflötinn. Rennið fingri upp og niður á valfletinum til að rápa á milli saumanna í völdum hóp sauma. Rennið fingri frá vinstri eða hægri til að rápa um og velja annan hóp af saumum. Þið getið einnig rennt fingrum frá vinstri eða hægri í listanum yfir hópana til að velja annan flokk til að skoða. Valflöturinn breytist og sýnir nú saumana sem eru í þessum valda hóp.

Til að búa til texta, veljið þið stafrófs valmynd og snertið það stafróf sem þið viljið nota. Þegar stafróf er valið verður því sjálfkrafa hlaðið inn í nýtt forrit og lyklaborð verður sjáanlegt. Forritið textann ykkar með því að snerta stafina á lyklaborðinu. Minnkið lyklaborðið og snertið OK í forritunar-glugganum. Textanum verður hlaðið inn í sauma aðgerð og er tilbúinn til að verða saumaður. Kynnið ykkur frekar hvernig forrita eigi sauma og stafróf í forritunar kaflanum.

Hlaðið inn saum eða staf frá öðrum stað.

Hlaðið inn saumum eða forritum sem þið hafið vistað í *mySewer*™ möppu í skýinu eða á USB minniskubb frá skráarstjórn. Snertið skráarstjórn og hlaðið inn saum eða forriti með því að snerta og halda við skrána. Í skráarstjórn sjáið þið allar vistaðar skrár þ.e.a.s. sauma, mynstur og stafróf. Kynnið ykkur hvernig best er að skipuleggja skrárnar í skráarstjórn.




1. Sauma valmynd
2. Stafrófs valmynd
3. Skráarstjórn
4. Valflötur
5. Upplýsingar um saum
6. Saumaflokkar

Stillingar á saumum

Vélin stillir vélina á hentugustu stillingar fyrir valinn saum. Þið getið hins vegar framkvæmt ykkar stillingar á völdum saum. Breytingarnar koma til með að hafa eingöngu áhrif á þennan eina valda saum og saumurinn fer aftur á sínar fyrri sjálfgefnu stillingar þegar annar saumur verður valinn eða slökkt verður á vélinni. Til að vista þessum breytta saum er nóg að snerta “vista” (save).

Fyrirliggjandi stjórnæki á skjánum munu breytast allt eftir því hvaða saumur eða forrit er valið. Sumir saumar hafa fleiri en eitt stjórnæki, og þá birtist annar valkostur fyrir neðan þau. Snertið þá hinn valkostinn til að fara yfir á hitt stjórnækið fyrir sauminn. Snertið hann á ný til að fara aftur yfir á fyrri skjámynd. Hinum ýmsu sauma stillingum er lýst nánar hér að neðan.


Ath: Ef þið reynið að fara fram yfir lágmarks og/ eða hámarks takmarkanir fyrir lengd og breidd, þá gefur vélin frá sér hljóðmerki. Sjálfgefni stilling er ávallt sýnd með svörtum stöfum.



Sporbreidd

Aukið eða minnkið sporbreiddina með + og - hnöppunum. Tölurnar fyrir ofan stýrigluggann sýna sporbreiddina í mm.

Breytt sporlegustilling gæti takmarkað sporbreiddar stillingar.



Sporlegu eða nálar staðsetning


Á sérstökum saumum sem eru með sporbreidd minni en 7mm er hægt að færa til sporlegu eða nálar staðsetninguna. Notið + til að færa stöðuna til hægri og - til að flytja hana til vinstri. Tölurnar fyrir ofan stýringuna sýna byrjunarstöðu nálarinnar í mm með hliðsjón af miðstöðu hennar. Fyrir beint spor er hægt að velja um 29 mismunandi nálarstöður nálarinnar í saumfætinum.

Nálarstöðu er aðeins hægt að breyta að takmörkum á sporbreidd viðkomandi saums. Með breytingu á nálarstöðu verður einnig breyting á sporbreiddar möguleikum.



Sporlengd

Aukið eða minnkið sporlengdina með því að nota + eða - hnappana. Tölurnar fyrir ofan stýringuna sýna stillta sporlengd í mm. Ef þið lengið sporlengdina í skrautsaum, þá teygist á öllu mynstrinu. Ef þið lengið saum þar sem einnig er hægt að stilla þéttleikann í því, þá verður allur saumurinn lengri, en þéttleikinn heldur sér.



Sporþéttleiki

Stíllirinn fyrir sporþéttleikann breytir fjarlægðinni á milli flatsaumssporanna. Þéttleikinn hefur ekki áhrif á sporlengdina á saumnum.

Snertið + til að minnka þéttleikann. Snertið - til að auka þéttleikann. Talan fyrir ofan stýrigluggann sýnir fjarlægðina á milli flatsaumssporanna í mm.

Ráð: Minnkið þéttleikann til að fá mismunandi sýnileg áhrif þegar þið notið sérstaka tvinna (t.d. málmþræði og grófari tvinna).



Stærð á tölu

Þegar þið saumið hnappagöt með “Sensor” hnappagatafætinum, þá getið þið stillt hann á stærð tölunnar sem þið ætlið að nota. Mælið töluna með mælistikunni framan á vélinni og stimplið stærð hennar inn á viðeigandi flöt. Saumið ávallt prufu-hnappagat á efnisbút af því efni sem þið eruð að sauma til að fullvissa ykkur um að stærðin á því verði rétt.



Töluáfesting

Þegar þið festið tölu, þá getið þið valið sporafjöldann. Snertið + eða - hnappana til að minnka eða auka sporafjöldann.



Þrýstingur á “Sensor” saumfót

Snertið + til að auka og - til að minnka þrýstinginn á saumfótinn og efnid.

Ath: Snertið skiptiröndina á tvinnamötunar/ tvinnaspennunni til að skipta yfir á stjórnina fyrir fótþrýsting á hnappagatafótinn með nemanum.

EINSTAKT NEMAKERFI™

Þökk sé EINSTÖKU NEMAKERFI™ þá nemur saumfóturinn á vélinni stöðugt þykkt efnisins og breytir nauðsynlegum stillingum til að aðlagast þeirri þykkt og tryggir þar með öruggan flutning efnanna.

Farið í sauma aðgerð til að skoða stillinguna á þrýstinginn á fótinn á efnid sem þið völduð og breyta stillingunni ef með þarf.



deLuxe™ Stitch System

DeLuxe™ saumakerfið er með tvo valkosti um hvernig tvinnaspennunni er stjórnað: tvinnamötunarkerfi og tvinnaspennu. Til að ná sem bestum árangri stillir vélin sjálfkrafa á tvinnamötunarkerfi þegar það er hægt. Með tvinnamötunarkerfinu fylgist vélin sjálfkrafa og stöðugt með þykkt efnisins til að mata rétt magn af tvinna fyrir valið spor.

Þegar tvinnaspenna er notuð halda skífurnar í tvinnaspennunni sömu spennu á tvinnanum allan tímann. Við sumar sauma aðferðir verður eingöngu að notast við tvinnaspennuna. Afveljið deLuxe™sporakerfið í bráðabirgða saumastillingum til að tryggja að tvinnaspennan sé virk. Þegar deLuxe™sporakerfið er valið í bráðabirgða saumastillingum mun sýnilega stýringin í sauma aðgerð skiptast á milli tvinnamötunar og tvinnaspennu allt eftir núverandi stillingum og innhlöðnum saum.


Notið tvinnaskömmtunina til að stilla jafnvægið á milli yfir og undirtvinna þ.e.a.s. minnka hana þegar þið saumið með málmpæði og auka hana þegar þið saumið með grófum baðmullartvinna. Prófið ykkur áfram með mismunandi stillingar á efnisbútum af efninu sem þið ætlið að sauma til að skoða hvernig undir og yfirtvinnarnir hnýtast saman.

Ath: Þegar þið breytið tvinnaspennunni, þá hefur sú breyting aðeins áhrif á þann saum sem verið er að nota. Breyttar stillingar verða settar aftur á sjálfgefin gildi þegar þið veljið annan saum.

Ráð: Aukið spennuna á tvinnamötunar/ tvinnastillingunum til að ná betri árangri þegar þið saumið gallabúxnaefni með grófum tvinna.

Stillið tvinnaspennuna/tvinnamötunina.

Fyrir besta útlit og endingu á saumnum fullvissið ykkur um að tvinnarnir hnýtist saman á milli efnislaganna.



Stjórn á tvinnamötunarkerfinu

Stjórn á tvinnaspennunni




Rétt tvinnaspenna

Ef undirtvinninn sést á réttunni, þá er tvinnaspennan/ tvinnamötunin of mikil. Minnkið spennuna á tvinnaspennunni/ tvinnamötuninni.

Ef yfirtvinninn er sýnilegur á röngunni þá er tvinnaspennan/ tvinnamötunin of laus. Aukið spennuna á tvinnaspennunni/ tvinnamötuninni.

Þegar þið saumið flatsauma, skrautsauma og hnappagöt, þá á yfirtvinninn að sjást aðeins á röngunni.

Saumið nokkra þrífusauma á efnisbúta af sama efni og þið eruð að sauma til að skoða og e.t.v. leiðrétta tvinnaspennuna.



Spennan of mikil




Spennan of laus

Speglun

Til að spegla sauma langsum, snertið þið hnappinn fyrir speglun enda í enda. Til að spegla sauma þversum, snertið þið hnappinn fyrir hliðarspeglum.

Ráð: Notið snjall kistuna til að opna flýttivísun á speglun.

Ath: Suma sauma eins og t.d. hnappagöt er ekki hægt að spegla.



1. Endaspeglun
2. Hliðarspeglun

Byrja á byrjun saums


Þegar þið hættið að sauma og eruð stödd í miðjum saum eða skrautsaum getið þið ýtt á hnappinn byrjað á byrjun saums, og þá byrjar vélín að sauma viðkomandi saum frá byrjun hans. Sporið eða réttara sagt vélín man allar breytingar sem þið hafið framkvæmt þar til þið slökkvið á vélinni..



Jafnvægi

Þegar saumað er á sérstök efni eða verið er að vinna með sérstakri saumatekni, getur þurft að breyta jafnvægi saumanna. Til að stilla jafnvægið í virkum saum, snertið þið hnappinn fyrir jafnvægi á meðan þið eruð í sauma aðgerð.

Byrjið á því að sauma sauminn á efnisbúta. Breytið sýninni á skjánum þannig að hún verði eins og saumaða sýnishornið með því að nota + og - hnappana. Þegar þið saumið á ný verður búið að laga jafnvægið.



Hnappur fyrir jafnvægi í sauma aðgerð.

Fríhendis valkostir

Veljið á milli tveggja fríhendis valkosta: fríhendis gorma- aðferð eða fríhendis fljótandi- aðgerð.

Þegar þið saumið fríhendis með beinu spori, er betra að nota stingplötuna fyrir beina sauma. Lesið um hvernig á að skipta um stingplötu.



Fríhendis gorma-aðferð

Gerið fríhendis gorma-aðferð virka til að setja vélina í þá aðgerð og fyrir gorma-virkan fót þ.e.a.s. Q-fótinn með nemanum. Flytjarinn fer sjálfkrafa úr sambandi.

Gorma-aðferðar fóturinn lyftist og lækkar í hverju spori til að halda við efnið á stingplötunni á meðan sporið er myndað. Þegar þið saumið, færið þið efnið sjálf.

Mælt er með Q-fætinum með nemanum nema þegar verið er að nota sérstaka tækni eða fylgihluti þar sem ekki er hægt að nota Q-fótinn.



Táknið fyrir fríhendis fótinn verður sýnt í sauma ráðleggingunum.

Råd: Einnig er hægt að kaupa aukalega fáanlegan fríhendis fót þar sem fremri bluti hans er opin, og fást hann hjá umboðsaðilum okkar.

Fríhendis fljótandi

Gerið fríhendis fljótandi virkt til að stilla vélina á fríhendis fljótandi aðgerð fyrir fljótandi fætur þ.e.a.s. R-fótinn. Flytjarinn fer sjálfkrafa úr sambandi.

Þegar þið saumið á litlum hraða mun fóturinn lyftast og lækka í hverju spori til að halda við efnið á stingplötunni á meðan sporið verður myndað. Á meiri hraða “flýtur” saumfóturinn ofan á efninu á meðan saumað er. Þið færið efnið sjálf með höndunum.

Ef bilið á milli efnis og neðri brúnar á saumfæti er of mikið þegar þið saumið fríhendis, getur efnið flögrað upp og niður með nálinni og orsakað að vélín hlaupi yfir spor. Í slíkum tilfellum er hægt að lækka saumfótinn og minnka þar með bilið á milli fotsins og efnisins, og koma í veg fyrir að vélín hlaupi yfir spor.

Ath: Gatið þess þó að lækka saumfótinn ekki of mikið. Það verður að vera hægt að færa efnið frjállega undir saumfætinum.

Til að stilla hæðina á saumfætinum í fríhendis aðgerð, snertið þið stjórnhæðina fyrir fótarhæð



Fríhendis fljótandi fótartákn kemur í sauma ráðleggingar.


Ath: Ef fríhendis fljótandi er gert virkt, notið þið ekki gormafótinn, þar sem það gæti skemmt þann fót.

Ath: Gerið sporbreiddaröryggið virkt ef saumurinn þarfnast þess.

Ráðleggingar um sauma

Efst á skjánum sýnir vélin valið efni og virkt spor. Þar sjást einnig sauma ráðleggingar sem eru stilltar inn sjálfkrafa eftir því efni, virkum saum og núverandi stillingum. Eftirtaldar ráðleggingar eru sýndar þar: saumfótur, nálin, undirleggsefni og rennslisplötur. Ráðlegging um stingplötu fyrir beina sauma verður sýnd þegar fríhendis aðgerð með beinu spori er valin.

Ráð: Við mælum með því að þið notið þekkingar miðlun (knowledge center) í JoyOS ráðgjafa™ aðgerðinni og undirleggs leiðbeiningarnar fyrir nánari upplýsingar um hin ýmsu undirleggsefni.



1. Ráðlagður saumfótur
2. Ráðlögð nál
3. Valið spor
4. Ráðlagðar rennslisplötur
5. Ráðlagt undirleggsefni
6. Ráðlögð stingplata fyrir beina sauma

Vista saum

Til að vista skrána ykkar, snertið þið vistunar-hnappinn og þá kemur sprettigluggi á skjáinn. Í vistunar sprettiglugganum getið þið valið um að vista skrána í *mySewnet™* möppu í skýinu eða á USB tæki. Áður vistuð mynstur, saumar, forrit og/eða stafróf eru sýnd þar. Gefið skránni nafn með lyklaborðinu og snertið síðan OK hnappinn.

Ef þið viljið vista skrána í möppu, snertið hana þá og haldið til að opna hana, gefið skránni síðan nafn með lyklaborðinu og snertið síðan OK í sprettiglugganum til staðfestingar. Til að búa til nýja möppu, snertið þið einfaldlega hnappinn fyrir “hanna nýja möppu”, gefið henni nafn með lyklaborðinu og snertið síðan OK. Snertið síðan og haldið við möppuna til að opna hana og vista hana í nýju möppuna.


Snertið lista og smámynda skoðunar-hnappinn til að víxla á milli skráanna í listanum og smámynda-táknanna. Í lista-skoðun er sérhver skrá sýnd með skráarnafni og skráartegund. Í smámynda-skoðun er sérhver skrá sýnd með skráarnafni og smámynd af skránni.

Til að hætta við vistunarferlið, lokið þið sprettiglugganum með því að snerta “hætta við” (cancel). Vistunar sprettiglugginn lokast og þið farið yfir í sauma aðgerð.

Lesið meira um skipulagningu á vistuðum saumum í skráarstjórn.



Vistunar hnappur



- | | |
|---------------------|--|
| 1. Valflötur | 6. Lista og smámyndaskoðun |
| 2. Skráarnafn | 7. Vista á USB tæki |
| 3. Hætta við | 8. Vista í möppu <i>mySewnet™</i> í skýinu |
| 4. Staðfesta | |
| 5. Hanna nýja möppu | |

Snjall vistun

Ef þið viljið hætta við sauminn og vista hann og stillingar við hann snertið þið hnappinn fyrir snjall vistun. Sprettigluggi gefur til kynna að snjall vistun hefur átt sér stað og þá getið þið slökkt á vélinni.

Snjall-vistun man og geymir sauminn eða útsauminn og stillingar eins og þær voru þegar hann var saumaður þegar þið hættuð við hann. Sem þýðir að þið getið slökkt á vélinni og haldið áfram með sama verkefni seinna. Til að hlaða inn snjall-vistun, snertið þið hnappinn til að hlaða inn snjall-vistun í JoyOS *advisor™* aðgerðinni.

Snjall-vistunin verður vistuð þar til þið snertið hnappinn fyrir snjall-vistun á nýjan leik og vistið annað mynstur eða saum.



Hnappur fyrir JoyOS ráðgjafi aðgerð




Hnappur til að hlaða inn snjall-vistun

Umfangsmiklir saumar - Valmynd L

Valmynd L - umfangsmiklir saumar innihalda þrjár gerðir af saumum: applíkeringar, spretti og pallíettu eða doppu sauma (sequin). Í þessari valmynd eru einnig sameinaðir applíkeringar og sprettisaumar. Þar sem hver saumur fyrir sig er einstakur, hefur hver saumur um sig skrautleg áhrif og fara þau eftir því hvaða saumur er valinn og hvaða efni þið hafið valið.


Rád: Við ráðleggjum ykkur að nota JoyOS ráðgjafa™ aðgerðina og finna verkefnið fyrir umfangsmiklu saumana og fá leiðbeiningar um hvernig eigi að sauma umfangsmiklu saumana og fá um leið sjálfkrafa réttar stillingar



Dæmi um applíkeringar sauma

Þemu saumar - Valmynd M

Þemu saumar eru fallegir samstilltir saumar, fjórir í hóp, og hannaðir til að vera saumaðir saman í handahófskenndri blöndu. Snertið afturábak hnappinnframan á vélinni eða afturábak hnappinn á skjánum til að skipta yfir á næsta saum í hópnum. Ef þið snertið afturábak hnappinn tvisvar - hratt-þá hlaupið þið yfir næsta saum í hópnum.



Dæmi um Þemu sauma



Afturábak hnappur á skjánum


Skrautlegir saumar - Valmynd N

Þessir skrautlegu saumar eru þannig að þið getið breytt útliti þeirra eftir að hafa saumað þá og þannig náð fram sérstökum áhrifum. Þessa sauma er hægt að skreyta með kristal eða klipptir til að ná fram brúsk áhrifum.


Brúsk saumar eru saumaðir margoft með mislitum tvinna hver ofan á annan. Tvinnana er hægt að hafa eins og þeir koma fram eða klippa þá til að ná fram dálitlum þrívíddar áhrifum. Löngu sporin ætti að klippa út við jaðarinn og á réttunni. Notið sprettihnífinn til að klippa tvinnana.

Ráð: Fyrir grófari tvinna, er gott að nota aukalega fánlega kertakveiks fótinn (nr. 413 16 23-45), sem er betri fyrir flutning efna.

Kristal sauma er hægt að nota eins og þeir eru eða hægt er að nota þá til frekari skreytinga á saumaða hringi.



Dæmi um kristal sauma



Dæmi um brúsk sauma

“Tapering” (mjókkandi/breikkandi/) saumar - valmynd Q

Þessi valmynd verður sýnileg þegar saumur sem hægt er að mjókka/breikka er valinn. Snertið “tapering” valmyndina til að skoða horn og skáa fyrir byrjun og lok slíkra sauma. Veljið viðeigandi skáa með því að snerta hann á skjánum. Vélin saumar þá þann skáa og heldur síðan áfram með valinn saum. Þegar réttri lengd hefur verið náð snertið þið afturábak hnappinn. Þá mun vélin sauma scinni skáann og stöðvast.

Veljið “taper OFF” til að fjarlægja skásauma í byrjun eða lok saums. Ef þið veljið “taper OFF” bæði í byrjun og lok saums, verður saumurinn aftur venjulegur án nokkurra skáa.


“Taper” flatsaums æfingar

“Taper” saumurinn mjókkar flatsauminn sjálfkrafa á hornum og endum og hægt er að nota þessa sauma til að sauma flatsaums stafi. Prófið flatsaums æfinguna og saumið horn í flatsaum á efni með góðu undirleggi.

1. Veljið saum Q1
2. í valmynd Q - skrautlegir “taper” saumar.

Ath: Fyrir breiðari flatsaum, stillið þið sporbreiddina.

3. Gerið nálin stöðvist uppi/niðri virka á vélinni og byrjið að sauma. Vélin saumar nú skáann í byrjun og heldur síðan áfram með flatsauminn í þeirri breidd sem þið völduð.
4. Þegar þið hafið náð þeirri lengd á flatsaumnum, snertið þið afturábak hnappinn. Þá saumar vélin loka mjókkunina.
5. Snúið efninu til að halda áfram með næsta “taper” saum. Gerið STOP aðgerðinavirka til að endurtaka áður saumaða lengd, þar með talðar “taper” saumana í byrjun og enda saums.



Fjögurra átta saumar - valmynd S

4-átta saumarnir gerir ykkur kleift að sauma nokkra sterka sauma í fjórar mismunandi áttir. Þið getið valið um mismunandi fjögurra átta sauma. Þetta getur verið gott þegar þið eruð að bæta buxnaskálmur á friarmi vélarinnar. Fjögurra átta saumarnir eru forritaðir í ákveðnum lengdum og breiddum.

Fjögurra átta saumar - æfing

Efni: Ofin gróf, tvö efni - annað bútur.

Veljið: Ofið gróft í ykkar JoyOS *advisor*TM aðgerð, valmynd S - 4-átta saumar, saumur 8.

Notið Saumfót S og nál í grófleika 90 eins og mælt er með.


Saumið:

1. Setjið bútinna á stærra efnið og setjið efra vinstra hornið á bútnum undir saumfóti. Vélin saumar eftir efri brúninni frá vinstri til hægri eins og sýnt er á skjánum.
2. Saumið þversum yfir efri brúnina og snertið síðan afturábak hnappinn eða 4-átta hnappinn (afturábak hnappinn á skjánum) til að breyta um saumaátt. Saumaáttin á skjánum breytist. Stígið á fótstöðuna. Saumfóturinn fer sjálfkrafa niður.
3. Saumið nú niður eftir hliðinni á bótinni. Haldið áfram og saumið allar hliðar bótarinnar og snertið afturábak hnappinn eða 4-átta hnappinn til að breyta um saumaátt.
4. Snertið klippingar aðgerðina.

Rád: Til að sauma falleg horn með 4-átta saumunum, snertið þið STOP aðgerðina áður en þið breytið um saumaátt. Það hjúkurl við núverandi spor áður en þið breytið um saumaátt.



Hnappur fyrir fjögurra átta sauma (afturábak hnappurinn á skjánum)



8-átta saumar - Valmynd T

Það eru tveir mismunandi saumar, beint og styrkt beint spor í T valmyndinni. Snertið örvarnar til að velja eina af fyrirfram ákveðinni átt. Til að fínstilla áttina á sporinu, notið þið sporbreiddar og sporengdar hnappana. Forritið þessa sauma eina sér eða með skrautsaumum úr öðrum valmyndum til að búa til einstaka sauma eða bekk.

8-átta saumar - æfing



Efni: Ofið meðal og undirleggsefni

Veljið Ofin meðal í JoyOS *advisor*TM aðgerðinni, valmynd T - 8-átta saumar.

Notið Þræðið vélina með útsaumstvinna að ofan og notið útsaums undirtvinna á spóluna. Notið saumfót S og nál í grófleika 80 eins og mælt er með.

Saumið:

1. Snertið valmyndarhnappinn.
2. Veljið saum 1 í valmynd H - barnasaumar.
3. Veljið valmynd T og smellið þrisvar sinnum á beint spor hægra megin.
4. Veljið saum 1 í valmynd H
5. Veljið valmynd T og smellið þrisvar sinnum á beint spor hægra megin.
6. Veljið saum 1 í valmynd H
7. Veljið valmynd T og smellið þrisvar sinnum á beint spor vinstra megin.
8. Veljið saum 1 í valmynd H
9. Veljið valmynd T og smellið þrisvar sinnum á beint spor vinstra megin.
10. Snertið OK til að fara aftur í sauma aðgerð.
11. Setjið efnið og undirleggsefnið undir saumfótinn. Ýtið á hnappinn til að lækka saumfótinn og byrja að sauma forritaða sauminn.



1. Beint spor - hægri nálarstaðsetning
2. Beint spor - vinstri nálarstaðsetning

Sérstakir saumar fyrir aukalega saumfætur.

Valmynd P- sérstakir saumar-, þar á meðal sérstakir saumar eins og kertakveiks og jaðarsaumar. Þessir saumar gætu þurft á sérstökum saumfótum og aukahlutum að halda. Þetta er þá gefið til kynna með tákni fyrir aukalegan saumfót á skjánum.

Ráð: Ítarlegar upplýsingar um valinn saum verða nú sýndir á upplýsingum um sauma.



Skilaboð í sauma sprettigluggum

Undirtvinninn er að klárast

Þegar undirtvinninn er að verða búinn, kemur sprettigluggi á skjáinn og bendir á að bráðum þurfi að setja fulla spólu í vélina. Þetta gefur ykkur tækifæri til að undirbúa ykkur undir slíka skiptingu. Ef þið viljið halda áfram að sauma án þess að skipta um spólu, snertið þið fótmótstöðun og lokið ekki sprettiglugganum.

Athugið yfirtvinnann

Vélin stöðvast sjálfkrafa ef yfirtvinninn klárast eða slitnar. Þræðið vélina á ný, lokið sprettiglugganum og haldið áfram að sauma.

Fjarlægja “sensor” hnappagatafótinn.

Þessi “Sensor” hnappagatafótur er aðeins notaður fyrir saum á hnappagötum. Sprettigluggi kemur fram og bendir ykkur á að fjarlægja hnappagatafótinn.

Fjarlægið tvíburanál og slökkvið á tvíburanálum í stillingum.

Þessi sprettigluggi kemur fram þegar þið veljið saum sem hentar ekki fyrir tvíburanál.

Vélin er stillt fyrir beinan saum með nálarstöðu í miðju (sporbreiddar öryggi).

Þegar sporbreiddar öryggi er virkt, þá kemur þessi sprettigluggi fram þegar þið veljið saum sem ekki hentar sporbreiddar öryggi.

Athugið !

Ef vélin stöðvast og þessi sprettigluggi kemur á skjáinn þá þurfið þið að hætta að sauma. Bíðið andartak og snertið OK hnappinn þegar hann er virkur. Gætið að nálargrófleika og ástandi nálar. Yfirfarið þræðingu vélarinnar.

8 Útsaumur

Byrjað. að sauma út

Þegar vélin DESIGNER BRILLIANCE™ 80 byrjar verður JoyOS *advisor*™ aðgerðin gerð virk sjálfkrafa.

Veljið sérstakan útsaum eða snertið byrja á ný. Ef sérstök útsaumstækni er valin fáðið þið leiðbeiningar frá JoyOS *advisor*™ aðgerðinni. Þegar þið snertið byrja strax farið þið í útsaums aðgerð með valinn lit í bakgrunninum.


Lesið meira um þessa JoyOS *advisor*™ aðgerð.

Útsaums undirbúningur (edit) - yfirlit

Í útsaums undirbúningi getið þið stillt, sameinað, vistað og eytt mynstrum, saumum og leturgerðum. Þið getið undirbúið mynstur og sambland mynstra án þess að hafa útsaumsáhalðið

tengt við vélina. Innhlaðin mynstur eru sýnd á útsaumsfletinum.

Ráð: Minnkið valflötinn með því að snerta auka/minnka valflötinn til að nota allan skjáinn þegar þið eruð að vinna við mynstrin.



- | | | |
|--------------------------------|--|--|
| 1. Útsaumsflötur | 13. Forrit | 25. Kvarða |
| 2. Snúnings handfang | 14. Vista | 26. Mynstur - saumaröð |
| 3. Kvörðunar handföng | 15. Snjall-vistun | 27. Heildarfjöldi spora í mynsturröðinni |
| 4. Tvinnalitir - undirbúningur | 16. Senda mynstur | 28. Mynsturflokkar |
| 5. Stjórn hjól | 17. <i>mySewer™</i> Blogg | 29. Mynsturupplýsingar |
| 6. Súmm valkostir | 18. JoyOS <i>advisor™</i> Verkefna skoðari | 30. Skráarstjórn |
| 7. Val á ramma | 19. Afturkalla | 31. Mynstur valmynd |
| 8. Kista (Toolbox) | 20. Endurtaka | 32. Stafrófs valmynd |
| 9. Undirbúningur | 21. Staðsetning | 33. Sauma valmynd |
| 10. Mynstur applíkeringar | 22. Flakk | 34. JoyOS <i>advisor™</i> Verkefna valmynd |
| 11. Mynsturlögun | 23. Fara ú útsaums saumaskap | 35. Minnka/stækka valflötinn |
| 12. Breyta stærð | 24. Snúa | 36. Nafn á mynstur valmynd |

Hlaðið mynstri í vélina

Snertið og haldið mynstri í nokkrar sekúndur til að gera það virkt og dragið mynstrið síðan á útsaumsflötinn án þess að sleppa fingrinum af skjánum. Til að sleppa mynstrinu, sleppið þið fingrinum af skjánum og mynstrið verður sett á þann stað á útsaumsflötinn.

Rennið upp/niður á valfletinum til að rápa í gegn um mynstrin innan valins hóps. Rennið vinstri/hægri á valfletinum til að rápa og velja annan hóp af mynstrum. Þið getið einnig rennt fingrum frá vinstri eða hægri í listanum yfir hópana til að velja annan flokk til að skoða. Valflöturinn verður uppfærður og sýnir nú mynstur í völdum hóp. Þegar mynstur er valið, koma upplýsingar um mynstrið á flötinn fyrir það.

Ath: Þið getið einnig hlaðið inn vistuðum mynstrum úr mySewnet™ möppu í skýinu og frá USB tæki í skráarstjórn.



Hlaða inn saum

Snertið og haldið saum úr sauma valmynd í nokkrar sekúndur til að virkja það og draga það síðan á útsaumsflötinn án þess að sleppa fingrinum af skjánum. Til að staðsetja saum, sleppið þið fingrinum af skjánum og saumurinn verður settur þar á útsaumsflötinn.

Ath: Þið getið einnig hlaðið inn vistuðum saum frá mySewnet™ möppunni í skýinu og frá USB tæki í skráarstjórn.

Ath: Snertið saum til að fá upplýsingar um þann saum.



Hlaða inn stafrófi

Texta er hægt að setja saman bæði með útsaums stafrófi og sauma stafrófi. Veljið stafróf með því að opna stafrófs valmyndina og snertið síðan það letur á skjánum sem þið viljið nota. Ef þið veljið útsaums letur opnast glugginn fyrir forritið fyrir útsaums letrið. Ef þið veljið sauma letrið verður því hlaðið inn í forritið. Sauma-letur er sýnt í svörtu en útsaums-letur í lit. Hannaður texti verður svo hlaðinn inn á útsaumsflötinn. Ef þið viljið laga textann, veljið þið “text” og snertið hnappinn “laga til mynstur” (edit design) eða notið “snjall kistuna” (toolbox).

Ath: Þið getið einnig hlaðið inn vistuðu letri úr mySewnet™ möppunni í skýinu og frá USB tæki í skráarstjórn.



Skráarstjórn

Snertið hnappinn fyrir skráarstjórn til að opna skrána og finna mynstur, sauma eða letur sem þið hafið vistað. Í skráarstjórn getið þið hlaðið inn skráum frá *mySewnet™* möppu í skýjinu, innbyggð mynstur og mynstur frá USB tækjum. Snertið og haldið til að hlaða inn mynstri, saum eða letri. Til að hlaða inn nokkrum mynstrum og/eða letri gerið þið fjölvalið virkt og veljið skrárnar ykkar. Snertið og haldið við eitt af mynstrunum til að hlaða þeim öllum inn á útsaums flötinn.

Lesið meira um hvernig þið getið skipulagt mynstrin sem þið vitið í skráarstjórn.



Kista (Toolbox)

Í útsaums undirbúningi getið þið fundið nokkrar undirbúnings aðgerðir í kistunni. Snertið hnappinn til að opna kistuna og snertið hann aftur til að loka henni.

Ráð: Notið snjall-kistuna (smart toolbox) á skjánum til að opna flýtvísun fyrir sumar undirbúnings aðgerðirnar.



Fara í rammann

Rauður rammi kemur í kring um útsaums-svæðið ef mynstur er staðsett utan útsaumsrammans. Snertið þá “færa í rammann” til að færa mynstur sem eru utan rammans inn í hann. Mynstrið verður þá staðsett rétt inn við jaðar rammans.

Ráð: Ef þið viljið staðsetja mynstrið t.d. í efra vinstra horninu eins nálægt jaðri og hægt er, þá snertið þið og haldið til að draga mynstrið upp í efra vinstra hornið. Fullhissið ykkur um að mynstrið sé fyrir utan ramma svæðið. Snertið “færa í ramma” og mynstrið verður staðsett í efra vinstra horni ramma-svæðisins og eins nálægt jaðri rammans og hægt er.




Eyða

Þegar þið snertið “eyða” verður viðkomandi mynstri eða mynstrum eitt úr útsaumsfletinum. Ef fleiri en eitt mynstur eru snert, þá opnast sprettigluggi. Snertið OK til að staðfesta að eyða eigi öllum mynstrunum. Snertið og haldið til að eyða öllum mynstrum af útsaumsfletinum og snertið OK í sprettiglugganum til að staðfesta það.




Afrita

Snertið “afrita” til að búa til afrit af völdu mynstri eða mynstrum. Snertið og haldið afritunar hnappnum til að bæta afriti af völdu mynstri inn á flötinn. Lyklaborð kemur í ljós á skjánum þar sem þið getið skrifað inn fjöldann af afritunum sem þið viljið fá.



Hliðarspeglun og endaspeglun


Til að spegla mynstur lárétt, snertið þið hnappinn fyrir hliðarspeglun. Til að spegla mynstur lóðrétt, snertið þið hnappinn fyrir endaspeglun.



1. Hliðarspeglun
2. Endaspeglun

Sauma mynstrið núna eða seinna.

Til að breyta hvenær sauma á mynstrið án þess að þurfa að byrja á ný og hlaða mynstrið inn á ný, þá getið þið notað hnappana sauma mynstrið fyrr/eða seinna. Veljið mynstrið sem þið viljið sauma fyrr/eða seinna og snertið hnappana til að breyta því. Mynstrið færast til í valglugganum og sýnir breytta saumaröð. Lesið meira um mynstur saumaröð



1. Sauma mynstrið fyrr
2. Sauma mynstrið seinna

Hópa/afhópa

Ef þið hafið valið tvö eða fleiri mynstur og viljið sameina þau þannig að þau verði eitt mynstur, snertið þið hnappinn hópa/afhópa. Mynstur-rammi kemur í kring um hvert mynstur fyrir sig og þegar þau verða sett saman í eitt mynstur mun ramminn verða einn og utan um bæði eða öll mynstrin. Til að afhópa, snertið þið hnappinn hópa/afhópa aftur og þá verða öll mynstrin einstök mynstur á ný.



Velja allt

Ef þið viljið velja öll mynstrin, snertið þið einfallega hnappinn “velja allt”. Öll mynstrin á skjánum verða nú umkringd af ramma fyrir mynsturval. Nú getið þið framkvæmt breytingar á öllum mynstrunum. Ef þið viljið sameina öll mynstrin í eitt mynstur, snertið þið hópa/afhópa.



Fjölval


Fjölval gerir ykkur kleift að velja tvö eða fleiri mynstur á skjánum í einu. Snertið hnappinn fyrir fjölval og snertið síðan þau mynstur á skjánum sem þið viljið velja. Þið getið einnig valið smámyndirnar í valglugganum. Valrammi kemur nú í kring um valin mynstur, bæði smámyndirnar í valglugganum og mynstrin sem eru á útsaumsfletinum. Til að afvelja þetta, snertið þið mynstrin á ný og þá hverfur ramminn.



Hvernig á að velja mynstur

Þegar þið hlaðið fleiri mynstrum inn í útsaums undirbúning, þá er síðasta hlaðna mynstrið valið sem sjálfgefið mynstur.

Veljið eitt mynstur



Til að velja eitt mynstur þá getið þið annaðhvort snert mynstrið á skjánum eða opnað kistuna (toolbox) og snert smámyndina í valglugganum. Til að skoða í hvaða röð mynstrin verði saumuð, lesið um mynstur saumaröð.

Veljið mynstur æfingu

1. Snertið mynstur valmyndina í útsaums undirbúningi.
2. Snertið og haldið mynstri í mynstur valmyndinni til að gera það virkt, og dragið það síðan í útsaumsflötinn og sleppið því til að hlaða það. Gerið þetta fjórum sinnum við mismunandi mynstur.
3. Síðasta mynstrið verður með valramma í kring sem táknar að það mynstur sé valið.

4. Ef þið viljið velja fyrsta mynstrið sem þið settuð inn, snertið þið mynstrið á skjánum. Þið getið einnig snert kistuna og valið smámynd sem fyrsta mynstur í valglugganum.
5. Til að velja fleiri en eitt mynstur, snertið þið hnappinn fyrir fjölvalið. Snertið mynstrin sem þið viljið velja.
6. Þegar þið hafið valið mynstur, getið þið eytt því, afritað, staðsett, kvarðað, speglað og/eða snúið því. Þetta mun aðeins hafa áhrif á það mynstur sem er valið.



Velja allt

7. Ef þið viljið velja öll mynstrin, snertið þá hnappinn velja allt. Öll mynstur sem eru á skjánum verða þá valin og gefið til kynna með mynstur valramma. Nú getið þið gert breytingar á öllum mynstrunum í einu. Ef þið viljið sameina öll mynstrin í eitt mynstur, snertið þið hnappinn hópa/afhópa.




Val á ramma

Vélin mun velja þann ramma sem best hentar því mynstri sem þið völduð. Til að velja annan ramma, snertið þið hnappinn fyrir rammaval. Upp kemur listi fyrir rammaval, ásamt römmum sem hægt er að kaupa aukalega hjá HUSQVARNA VIKING® umboðinu.

Eftir að hafa valið ykkar ramma mun listinn lokast sjálfkrafa.

Ath: Þið getið stillt listann með því að velja einstaka ramma og setja þá í mínir rammar í útsaums stillingum. Valdír rammar verða þá sýndir efst á rammavals listanum.

Ath: Í ramma listanum sjáið þið að á eftir sumum rammastærðunum er bókstafur. Þetta eru sérstakir rammar. T.d. stendur E fyrir endalausan ramma, T fyrir vefnaðarúferðar eða textil ramma og M fyrir málm ramma.



Snerti aðgerðir

Þið getið staðsett, snúið, kvarðað og flakkað beint á skjánum með fingrunum. Snertið og haldið snerti-aðgerð til að læsa henni. Það kemur í veg fyrir að þið gerið aðra snerti-aðgerð. Virka af misgá þegar þið eruð að vinna á skjánum. Snertið hvaða snerti-aðgerð sem er til að aflæsa.

Staðsetning

Snertið og færið valið mynstur með fingri til að staðsetja það hvar sem er á útsaumsfletinum. Snerti aðgerðin, og staðsetning verða sjálfkrafa virkjaðar.

Þið getið einnig notað snerti aðgerðina “staðsetningu” til að gera staðsetningu virka og notað hjólið til að finnstilla staðsetninguna á völdu mynstri. Tölurnar fyrir ofan staðsetningar hnappinn sýnir lárétta og lóðrétta fjarlægð valins mynsturs frá miðju rammans í millimetrum. Snertið flötinn þar sem tölurnar eru sýndar til að opna fyrir lyklaborð og setja inn föst gildi. Ef ótæk gildi eru sett inn, mun liturinn á tölustöfunum breytast.

Snertið miðjuna á stjórnhjólinu til að staðsetja valið mynstur í miðjuna á rammanum.

Snertið og haldið við staðsetningar hnappinn til að læsa honum og koma í veg fyrir virkni á annari staðsetningar-aðgerð af mistökum. Hengilás gefur til kynna að aðgerðin sé læst. Snertið hvaða snerti-aðgerð sem er til að aflæsa.



Snerti aðgerðin - flakke - er læst




Snúið

Snúið völdu mynstri með því að snerta snúnings handfanginu sem er staðsett fyrir miðju fyrir ofan mynstur-valrammann og færið fingurinn til á skjánum. Snerti aðgerðin, “snúa” mun þegar í stað verða gerð virk.

Þið getið einnig snert snerti aðgerð “snúning” til að gera snúning virkan og notað örvarnar í hjólinu til að stilla snúninginn á völdu mynstri í einnar gráðu þrepum. Sérhver snerting í miðju hjólsins mun snúa völdu mynstri eða mynstrum um 90° réttshælis. Talan fyrir ofan snúnings hnappinn sýnir í gráðum núverandi skáa á mynstrinu. Snertið flötinn þar sem tölurnar eru sýndar til að opna fyrir lyklaborð og setja inn föst gildi. Ef ótæk gildi eru sett inn, mun liturinn á tölustöfunum breytast.

Snertið og haldið við snúnings hnappinn til að læsa honum og koma í veg fyrir óvart snerti aðgerð. Hengilás gefur til kynna að aðgerðin sé læst. Snertið hvaða snerti-aðgerð sem er til að aflæsa.



Kvarða

Með snerti aðgerðinni “kvörðun” getið þið stækkað eða minnkað viðkomandi mynstur um allt að $\pm 20\%$ án þess að breyta fjölda spora í mynstrinu.

Ath: Til að stækka eða minnka mynstur um meira en 20% notið þið hnappinn “breyta stærð”.

Kvarðið viðkomandi mynstur með því að snerta kvörðunar handföngin í hornunum á mynstur-valglugganum og færið fingurinn á skjánum. Snerti-aðgerðin “kvörðun” verður sjálfkrafa virkjuð. Þegar þið kvarðið mynstur verður 100% hnappurinn virkjaður. Snertið hnappinn til að kvarða mynstrið í sjálfgefna stærð.



Snertið flötinn þar sem tölurnar eru sýndar til að opna fyrir lykklaborð og setja inn föst gildi. Ef ótæk gildi eru sett inn, mun liturinn á tölustöfunum breytast.

Þið getið einnig valið snerti aðgerð “kvörðun” til að gera hana virka og nota örvarnar á hjólinu til að stilla stærðina á viðkomandi mynstri. Tölurnar fyrir ofan kvörðunar hnappinn sýna núverandi breidd og hæð í millimetrum.

Snertið og haldið kvörðunar hnappnum til að læsa honum og koma í veg fyrir óvart snerti aðgerð. Hengilás gefur til kynna að aðgerðin sé læst. Snertið hvaða snerti-aðgerð sem er til að aflæsa.

Hlutföllin í mynstrinu eru alltaf læst sem sjálfgefin gildi. Það er sýnt með lokuðum hengilás í miðjunni á hjólinu. Snertið hengilásinn í miðjunni á hjólinu til að aflæsa og gera kvörðun á breidd og hæð virka.

Ath: Í mynstur lögun og mynstur applíkeringum eiga tölurnar fyrir ofan snerti-aðgerðar skalann við mynsturlagið á línunni en ekki við lögun/applíkeringar mynstrið.



Flakk

Snertið og færið hvert sem er á útsaumsfletinum, en ekki á valið mynstur, til að flakka um á útsaumsfletinum í súmmaðri skoðun. Ef þið snertið og færið á völdu mynstri þá mun það gera staðsetningar aðgerðina virka og þið færið mynstrið í stað. Þess að flakka um útsaumsflötinn.

Snertið og haldið til að læsa flakkinu og koma í veg fyrir að þið gerið staðsetninguna óvart virka. Hengilás gefur til kynna að aðgerðin sé læst. Nú getið þið bara flakkað um og súmmað. Snertið hvaða snerti-aðgerð sem er til að aflæsa.

Þið getið einnig notað stjórnhjólið til að stilla skoðunina á útsaumsfletinum.

Ath: Þegar þið súmmið að í skoðunarglugganum geta mynstrin orðið mjög stór. Læsið snerti-aðgerðinni - flakke - og snertið og færið flakkið á ákveðinn hluta í mynstrinu. Þið getið einnig notað örvarnar á stjórnhjólinu til að finna þann hluta sem þið ætlið að vinna við.



Flakkið er ólæst




Flakkið er læst

Súmma

Súmma að með því að snerta með tveimur fingrum samtímis á skjáinn og, án þess að sleppa fingrunum - aukið þið bilið á milli fringranna til að færa flötinn nær. Súmma frá með því að snerta með tveimur fingrum samtímis á skjáinn og, án þess að sleppa fingrunum - minnkið þið bilið á milli fringranna til að færa flötinn fjær.

Ef þið súmmið á ákveðið mynstur þá gæti það virkjað staðsetningar aðgerðina og fært mynstrið í stað þess að súmma það. Snertið og haldið til að læsa flakkinu og koma í veg fyrir að gera staðsetningu óvart virka. Mynd af hengilás fyrir neðan hnappinn sýnir að aðgerðin er læst. Nú getið þið bara flakkað um og súmmað. Veljið hnappinn aftur til að aflæsa.




Súmm valkostir

Snertið súmm valkosti til að opna sprettiglugga, þar sem þið getið valið um súmm-sleða til að súmma að og frá á útsaumsfletinum, eða veljið súmma allt eða súmma að ramma.

Dragið sleðann til hægri til að súmma að og til vinstri til að súmma frá. Hægra megin við sleðann sjáið þið hversu mikið þið hafið súmmað.

1. Súmma allt sýnir öll mynstrin í útsaums-samsetningunni.
2. Súmma að ramma sýnir allan rammann á skjánum.



Afturkalla/ endurtaka

Snertið örina sem vísar til vinstri til að afturkalla síðustu aðgerð. Snertið aftur og aftur til að fara til baka í aðgerðinni.

Snertið örina sem vísar til hægri til að endurtaka síðustu aðgerð. Snertið aftur og aftur til að fara áfram í aðgerðinni. Endurtekning er aðeins virk eftir að afturköllun hefur verið snert.

Ath: Ekki er hægt að afturkalla allar stillingar. Hnapparnir eru gerðir gráleitir ef ekki er hægt að afturkalla/ endurtaka.



Afturkalla



Endurtaka

Saumaröð mynstursins

Þegar þið eruð að sauma sambland mynstra sem inniheldur nokkur mynstur getur verið gott að vita í hvaða röð þau verða saumuð. Veljið mynstur til að sjá í hvaða röð það mynstur verði saumað. 3(4) þýðir t.d. að valið mynstur sé þriðja mynstrið í röð fjögurra mynstra.



Heildarfjöldi spora í heildarmynstrinu.

Þið getið séð heildar sporafjölda í öllu mynstrinu við hliðina á blóminu í útsaums undirbúningi (edit).



Vista mynstur

Til að vista skrána ykkar, snertið þið vistunar-hnappinn og þá kemur sprettigluggi á skjáinn. Í vistunar sprettiglugganum getið þið valið að vista skrána í *mySewne*TM möppu í skýinu eða í USB tæki. Áður vistuð mynstur, saumar, forrit og/eða stafróf eru sýnd þar. Gefið skránni nafn með lyklaborðinu og snertið síðan OK til staðfestingar.

Ef þið viljið vista skrána í möppu, snertið þið einfaldlega og haldið við möppuna til að opna hana, síðan gefið þið skránni nafn með lyklaborðinu og snertið OK í sprettiglugganum til að vista hana. Til að búa til nýja möppu, snertið þið einfaldlega hnappinn fyrir “hanna nýja möppu”, gefið henni nafn með lyklaborðinu og snertið síðan OK. Snertið síðan og haldið við möppuna til að opna hana og vista hana í nýju möppuna.


Snertið lista og smámynda skoðunar-hnappinn til að víxla á milli skráanna í listanum og smámynda-táknanna. Í lista-skoðun er sérhver skrá sýnd með skráarnafni og skráartegund. Í smámynda skoðun er hver skrá sýnd með skráarnafni og smámynd af skránni.

Til að hætta við vistunarferlið, lokið þið sprettiglugganum með því að snerta “hætta við” (cancel). Vistunar sprettiglugginn lokast og þið farið aftur í útsaums aðgerð.

Lesið meira um skipulagningu á vistuðum skráum í skráarstjórn.



Vistunarhnappur í útsaums undirbúningi



1. Valflötur
2. Skráarnafn
3. Hætta við
4. Staðfesta
5. Hanna nýja möppu
6. Vixla á milli lista og smámynda skoðunar.
7. Vista á USB tæki
8. Vista í möppuna *mySewne*TM í skýinu

Snjall vistun

Ef þið viljið hætta að sauma og vista núverandi mynstur og stillingar snertið þið hnappinn fyrir snjall vistun. Sprettigluggi gefur til kynna að snjall vistun hefur átt sér stað og þá getið þið slökkt á vélinni.



Snjall-vistun man og geymir sauminn eða útsauminn og stillingar eins og þær voru þegar hann var saumaður þegar þið hættuð við hann. Sem þýðir að þið getið slökkt á vélinni og haldið áfram með sama verkefni seinna. Til að hlaða inn snjall vistun, snertið þið hnappinn “hlaða inn snjall vistun” í JoyOS *advisor*TM aðgerðinni.

Snjall-vistunin verður vistuð þar til þið snertið hnappinn fyrir snjall-vistun á nýjan leik og vistið annað mynstur eða saum.



TM Aðgerðar hnappur fyrir JoyOS ráðgjafa.



Hnappur til að hlaða inn snjall-vistun

Senda mynstur

Senda valið útsaumsmynstur beint á annað *mySewner*TM virkt tæki. Veljið eitthvað af þeim fyrirbyggjandi tækjum með því að snerta það. Sprettiglugginn lokast og valið mynstur er sent á tækið.

Ath: Þið getið aðeins sent mynstur á tæki sem eru tengd við mySewnerTM.



GO


Til að fara í útsaums saumaskap, snertið þið GO í neðra hægra horni á útsaums undirbúnings glugganum. Þegar þið snertið GO til að fara í saumaskap, kemur gluggi sem býður ykkur velkomin í útsaums saumaskap. Í þessum glugga sjáið þið yfirlit á stillingunum á núverandi útsaumi áður en þið haldið áfram. Farið yfir stillingarnar áður en þið haldið áfram.



Farið yfir núverandi mynstur eða texta


Þegar þið hafið hannað mynstur þ.e.a.s. lögun, applíkeringu eða texta verður hnappurinn fyrir athugun virkur. Ef þið viljið fara yfir og breyta mynstrinu sem þið hafið hannað, veljið þið mynstrið og snertið hnappinn til að fara yfir mynstrið (edit). Allt eftir tegund mynstursins sem þið hafið valið, farið þið í mismunandi glugga. Til dæmis, ef þið hafið valið mynstur með mikilli lögun, þá farið þið í gluggann fyrir mynsturlögun þar sem mynstrið er tilbúið fyrir breytingar.

Ráð: Breytingar aðgerðina finnið þið einnig í snjall keistunnief fyrir hendi.



Fara yfir og breyta hnappagati

Ef hnappagat er valið og breytingar-hnappurinn snertur kemur sprettigluggi á skjáinn. Í sprettiglugganum getið þið breytt sporbreiddinni, tölustærðinni og sporþéttleikanum. Snertið valkosts-reinina til að breyta sporþéttleikanum. Snertið OK í sprettiglugganum til að staðfesta breytingar gerðar í sprettiglugganum.




1. Sporbreidd
2. Tölustærð/sporþéttleiki

Breytingar á tvinnalitum

Snertið hnappinn fyrir breytingar á tvinnalitum til að skoða lista yfir tvinnalitina í völdu mynstri.

Ath: Aðeins verða sýndar litablokkir í völdu mynstri á listanum yfir tvinnaliti.



1. Tvinnalitir - undirbúningur
2. Velja allt

3. Velja jafnt
4. Fjölval

5. Skipt um tvinnalit

Skipt um tvinnalit

Þið getið breytt litunum í mynstrinu. Hverri litablokk er lýst í listanum yfir tvinnalitina. Snertið þá litablokk á listanum sem þið viljið breyta. Snertið hnappinn fyrir litaskipti til að opna sprettiglugga þar sem þið getið valið nýjan tvinnalit.

Snertið lita-hjólið til að velja nýjan lit eða snertið gráu reinina. Þegar þið veljið nýjan lit með litahjólinu kemur litarein fram þar sem þið getið valið nýja liti.

Áður valdir litir verða sýndir á litlum feringum fyrir neðan litareinina. Til að velja einhverja af fyrri litunum, snertið þið litaferninginn og hann verður þá sýndur sem nýr litur.



Sprettigluggi fyrir skipti á tvinnalit

Breyta fleiri en einni litablokk.

Til að breyta tvinnalit í fleiri en einni litablokk í einu, snertið þið fjölvals hnappinn, og snertið síðan þær litablokkir sem þið ætlið að breyta um lit á.



Snertið fjölvals hnappinn til að framkvæma breytingar á öllum litablokkum í einu. Fjölvals hnappurinn verður sjálfkrafa valinn.



Notið “velja jafnt” hnappinn til að breyta öllum litablokkum sem eru eins í einu lagi. Snertið litablokkina sem þið viljið breyta, og snertið síðan “velja jafnt” hnappinn til að velja allar litablokkir sem eru eins í listanum. Fjölvals hnappurinn verður sjálfkrafa valinn. Ef tvær eða fleiri litablokkir eru valdar, mun velja jafnt aðgerðin velja allar litablokkir af völdum litum.



Skjámynd af völdum og ekki völdum litablokkum.

Valdar litablokkir verða sýndar ásamt litunum í þeim á skjánum. Litablokkir sem ekki eru sýndar verða í gráum lit á útsaumsfletinum á skjánum til að auðvelda ykkur að sjá hvaða litablokkum verður breytt.

Snertið viðeigandi litablokk til að afvelja hana og sýna allar litablokkir í útsaumsfletinum á ný.


Forrita útsaums texta

Til að hanna texta, snertið þið letur valmyndina og veljið útsaums leturgerð á valfletinum. Notið lyklaborðið til að skrifa texta og snertið síðan OK til að hlaða textanum inn á útsaumsflötinn.

Þegar þið veljið útsaums leturgerð mun útsaums leturgerðarglugginn opnast sjálfkrafa. Ef þið viljið stilla fyrirbyggjandi texta í útsaums undirbúningi, veljið þið texta mynstrið og

snertið hnappinn fyrir undirbúa mynstur (edit). Þið getið einnig komist í undirbúning gegnum snjall kistuna (smart toolbox).

Ath: Ef leturgerð er valin, þá verður forritun opnuð í stað þess að undirbúnings hnappurinn (edit) sé snertur.



- | | | |
|----------------------|--|------------------------------------|
| 1. Textaflötur | 4. Bendils-örvar | 7. Fastur texta-skái. |
| 2. Veljið millibil | 5. Eyða | 8. Upplýsingar um valda leturgerð. |
| 3. Veljið textalögun | 6. OK, fara til baka í útsaums undirbúning | 9. Valflötur |

Hanna texta

Notið lyklaborðið og snertið þá stafi sem þið viljið bæta við textann. Textinn verður sýndur á útsaumsfletinum og á textafletinum fyrir ofan lyklaborðið.

Þið getið breytt letrinu og stærð alls textans með því að snerta aðra leturgerð í letur-valmyndinni. Textinn sem er skrifaður mun breytast yfir í nýju leturgerðina og/eða leturstærðina á útsaumsfletinum.

Bæta staf við

Notið bendla-örvarnar til að færa bendilinn á þann stað sem þið viljið bæta staf inn í textann. Snertið stafinn og honum verður bætt inn á þeim stað sem bendillinn er. Þið getið einnig snert með fingri á þann stað sem stafurinn á að koma.

Eyða staf

Til að eyða staf, setjið þið bendilinn fyrir aftan þann staf sem eyða á. Snertið eyðingar hnappinn. Ef þið viljið eyða öllum textanum, snertið þið og haldið við eyðingar-hnappinn. Stöfunum verður eytt, hverjum á fætur öðrum og með auknum hraða.

Textamótun

Þið getið mótað textann í alls konar form.

Velja textamótun

Snertið “velja textamótun” til að opna lista með ýmsum gerðum af mismunandi formuðum línunum. Snertið þá gerð af línu sem þið viljið nota og textinn ykkar birtist í þeirri lögun. Litla svarta örin gefur til kynna áttina sem textinn mun fara þegar nýjum stöfum verður bætt við.

Til að breyta stærð og lögun, snertið þið eitt af kvörðunar handföngunum í hornunum á mynstur-rammanum og dragið fingri eftir skjánum.



Veljið millibil

Snertið hnappinn fyrir “velja millibil” til að opna lista yfir valkosti fyrir millibil stafanna á textalínunni; jafnt millibil, vinstri jöfnun, miðjujöfnun eða hægri jöfnun. Jafnt millibil mun setja textann með jöfnu millibili á milli allra stafanna. Vinstri-jöfnun mun jafna textann út frá vinstri hliðinni. Miðju-jöfnun mun jafna textann út frá miðjunni á línunni. Hægri-jöfnun mun jafna textann út frá hægri hliðinni. Hægt er að auka eða minnka bilið á milli stafanna með millibils-sleðanum, nema þegar jafnt bil á milli stafa hefur verið valið.



Fastur texta skái

Snertið hnappinn fyrir fastan texta skáa til að hafa útlit allra stafanna eins á mótunar línunni. Afveljið skáann til að hafa alla stafi í skáa með afstöðu til línunnar.



Mynstur-form


Mynstur-form er einstakt ráð til að fara með hugmyndaauðgi ykkar á næsta stig. Notið fallegu mynstur forritin eða útsaums mynstrin til að búa til eitt eða fleiri form.

*Ráð: Notið **JoyOS ráðgjafa™** aðgerðina til að staðsetja JoyOS advisor™ verkefni í leiðbeiningum um mynstur-form og hvernig eigi að framkvæma það.*



Hnaðpur fyrir mynstur-form

Æfingar fyrir mynstur-form



- | | | |
|-----------------------------|--|-------------------------------|
| 1. Snúnings handfang | 6. Stillið fjölda mynstra | 10. Velja hliðar staðsetningu |
| 2. Kvörðunar handföng | 7. Eyðið síðasta/Eyðið öllu | 11. Skráarstjórn |
| 3. Mótunar-handföng | 8. Endurtaka samsetningu/afrita síðast mynstur | 12. Mynstur valmynd |
| 4. Veljið línu staðsetningu | 9. Fastur mynstur skái | 13. Sauma valmynd |
| 5. Veljið millibil | | 14. Mótunar valmynd |

1. Snertið hnappinn fyrir mynstur-mótuní mynstur undirbúningi til að byrja með nýja mótun.
2. Snertið mótunar valmyndina og veljið eitt af formunum á listanum. Mótunarlína kemur í ljós á skjánum. Litla svarta örin í valmyndinni gefur til kynna í hvaða átt mynstrið mun fara þegar þið bætið einhverju við á línuna.
3. Bætið mynstrum eða saumum á línuna frá mynstur valmyndinni, sauma valmyndinni eða úr skráarstjórn. Snertið og haldið við mynstur eða saum í nokkrar sekúndur til að hlaða þeim og draga inn á línuna án þess að sleppa fingrunum af skjánum. Sleppið fingrunum til að setja mynstrið eða sauminn á sinn stað á línunni.
4. Til að breyta stærð og lögun, snertið þið eitt af kvörðunar handföngunum í hornunum á mynstur-rammanum og dragið fingri eftir skjánum. Kvörðunar aðgerðin verður sjálfkrafa gerð virk. Til að snúa löguninni, snertið þið og haldið snúnings handföngunum á skjánum. Snúnings aðgerðin verður sjálfkrafa gerð virk.

Samtenging Endurtaka/Afrita síðasta mynstur.

5. Bæta við fleiri mynstrum á lögunina á tvo vegu með samtengingunni endurtaka/afrita síðstu mynstur aðgerð. Þegar sleðinn er staðsettur hægra megin og þið snertið + hnappinn mun mynstrum verða bætt við línuna í sama formi og þau sem eru þar fyrir. Þegar sleðinn er staðsettur vinstra megin og þið snertið + hnappinn mun vélin afrita síðasta mynstrið á línunni. Snertið númeraflötinn fyrir ofan + og - hnappana til að opna lyklaborð til að stilla fjölda mynstranna.
6. Snertið OK í mótunar-glugganum til að hlaða formaða mynstrinu inn í útsaums undirbúnings gluggann.



Samtenging endurtaka.




Afrita síðasta mynstur

Undirbúið fyrirbyggjandi form

- Ef þið viljið framkvæma einhverjar breytingar á fyrirbyggjandi form-mynstri í útsaums undirbúningi, veljið það og snertið hnappinn fyrir undirbúning í útsaums undirbúningi. Síðan farið þið aftur yfir í gluggann fyrir mynstur-lögun eða mynstur-form.

Ráð: Þið getið einnig komist í undirbúning í gegn um snjall kistuna. Snertið og haldið við mynstrið til að opna snjall kistuna.



Veljið millibil

Snertið hnappinn fyrir millibil til að opna lista yfir valkosti til að hafa millibil á milli mynstranna á mótunar-línunni: jafnt bil, út frá vinstri, miðjustíllt eða út frá hægri. Jafnt millibil er sjálfgefin stilling og setur jafnt millibil á milli allra mynstranna á línunni. Ef þið viljið vinstri jöfnun, þá byrja öll mynstrin út frá vinstri brún. Miðjujöfnun setur öll mynstrin út frá miðjunni. Ef þið viljið hægri jöfnun þá byrja öll mynstrin út frá hægri brún. Þið getið aukið eða minnkað bilið á milli mynstranna með millibils sledanum, nema þegar þið hafið valið - jafnt millibil -.



Veljið línu staðsetningu

Snertið hnappinn fyrir línu staðsetningu til að opna sprettiglugga með lista af valkostum til að staðsetja mynstrin ykkar lárétt og í hlutfalli við línuna: fyrir ofan, miðjusettt eða fyrir neðan.



Veljið hliðar staðsetningu

Snertið hnappinn fyrir hliðar staðsetningu til að opna sprettiglugga með lista með valkostum hvernig mynstrunum verður snúið á línunni: enginn snúningur, snúið um 90° réttsælis, snúið um 180°, eða snúið um 90° rangsælis.




Fastur mynstur skái

Snertið - velja mynstur skáa - til að jafna öll mynstrin í fastákveðinn lóðrétta snúning á mótunarlínunni. Afveljið til að halda núverandi ákveðnum halla eða skáa á mótunarlínunni.




Sjá földan af mynstrunum

Ef þið viljið stimpla inn heildarföldann af mynstrum sem þið viljið hafa á löguninni, snertið þá í töluflötinn fyrir ofan + eða - hnappana til að opna fyrir lyklaborðið. Færið inn þann fjölda af mynstrum sem þið viljið hafa með lyklaborðinu og snertið síðan OK.



Mynstur applíkering



- | | | |
|------------------------------|------------------------------------|--|
| 1. Mótunar valmynd | 5. Fjaðrandur flatsaumur (mjór) | 9. Kertakveiks saumur (breiður) |
| 2. Snúnings handfang | 6. Flatsaumur (mjór) | 10. OK, til baka í útsaums undirbúning |
| 3. Kvörðunar handföng | 7. Flatsaumur (breiður) | 11. Valflötur |
| 4. Kertakveiks saumur (mjór) | 8. Fjaðrandur flatsaumur (breiður) | |


Hannið fallega applíkeringu með mynstur applíkeringar aðgerðinni. Snertið hnappinn fyrir mynstur applíkeringar aðgerð til að byrja með nýtt applíkeringar mynstur.

*Ráð: Við málum með því að nota **JOyOS** **ráðgjafa**TM aðgerðina til að fá leiðbeiningar um hvernig eigi að hanna applíkeringar.*

Þegar þið hannið applíkeringar mynstur þá eru þrjú mismunandi skrautspor í tveimur mismunandi breiddum sem þið getið valið um til að sauma eftir jaðri applíkeringarinnar.

- Flatsaumur (mjór eða breiður) - Mjór eða breiður flatsaumur verður saumaður í kring um applíkeringuna.
- Fjaðrandi saumur (mjór eða breiður) - Mjór eða breiður fjaðrandi saumur verður saumaður í kring um applíkeringuna.
- Kertakveiks saumur (mjór eða breiður) - mjór eða breiður kertakveiks saumur verður saumaður í kring um applíkeringuna.

Þessir fallegu saumar munu hylja hráan jaðarinn á applíkeringunni.



Hnappur fyrir mynstur applíkeringu

Applíkeringar æfing

1. Snertið mynstur applíkeringar hnappinn í útsaums undirbúningi til að byrja á applíkeringu. Hægra megin í form valmyndinni finnið þið mismunandi form, stafi og tölustafi til að velja um þegar þið eruð að hanna applíkeringar mynstrið. Snertið form til að hlaða því inn.
2. Snertið einn af skrautsaumunum til að hlaða honum inn á form-línuna.
3. Til að breyta stærð applíkeringar snertið þið eitt af kvörðunar handföngunum í hornunum á mynsturfletinum og færið fingurinn á skjánum. Kvörðunar aðgerðin verður sjálfkrafa gerð virk. Til að snúa forminu, snertið þið snúnings handfanginu á skjánum. Snúnings aðgerðin verður sjálfkrafa gerð virk.
4. Snertið OK til að staðfesta mynstur-applíkeringuna og hlaða henni inn á útsaums undirbúnings gluggann. Snertið GO til að fara inn í útsaums saumaskap.

Saumaskapur

5. Í fyrstu litablokkinni saumar vélin fyrst útlínurnar með beinu spori á grunnefnið til að sýna hvar applíkeringin kemur á efnið.
6. Staðsetjið applíkeringarefnið ofan á útlínurnar sem saumaðar voru á grunnefnið. Fullvissið ykkur um að applíkeringarefnið hylji allar útlínur.
7. Í annari litablokkinni saumar vélin aftur útlínurnar með beinum sporum til að festa applíkeringarefnið við grunnefnið.
8. Klippið nú applíkeringarefnið eins nálægt beina sporinu og þið getið.
9. Saumarnir í litablokk þrjú munu hylja jaðarinn á applíkeringarefninu.


Breyta stærð

Minnkun getur minnkað útsaumsmyndur allt að fimm sinnum minna en upprunalega myndir er eða stækkað það allt að átta sinnum. Vélendurreiknar fjölda spora sem þarf í minnkað eða stækkað myndur og breytir honum þannig að sami sporþéttleiki haldist. Snertið ”breyta stærð” hnappinn til að opna viðeigandi glugga.

Ath: Til að minnka eða stækka myndur um minna en 20% notið þið kvörðunar aðgerðina. Kvörðunar aðgerðin breytir ekki sporafjöldanum í myndirinu.



Stillingar fyrir stærðarbreytingar.



1. Handföng fyrir breytingar á stærð
2. Halda eftir tegund af fyllingu

3. Breyta stærð
4. Fara aftur í upprunalega stærð

Til að breyta stærð á mynstrinu snertið þið eitt af handföngunum í hornunum og færið síðan fingurinn eftir skjánum. Þá verður aðgerðin fyrir breytingu á stærð gerð virk. Þegar þið breytið stærð, þá halda hlutföllin sér ávallt í hæð og breidd. Tölurnar fyrir ofan hnappinn sýna núverandi breidd og hæð í millimetrum. Fínstillið með stýriörvunum.

Þegar þið breytið stærð á mynstri verður 100% hnappurinn virkur. Snertið hnappinn til að fara til baka á upprunalega stærð.

Snertið og haldið við hnappinn til að breyta stærð til að læsa honum og koma í veg fyrir að snerta óvart aðra snerti-aðgerð. Hengilás gefur til kynna að aðgerðin sé læst. Snertið hvaða snerti-aðgerð sem er til að aflæsa.

Stillið staðsetningu mynstursins í rammanum með því að nota staðsetningu og/eða snúning.

Halda fyllingu

Öll fyllisvæði í útsaums-mynstri eru gerð með sérstakri fyllingu til að ná sem bestum árangri. Þegar þið stækkið eða minnkið mynstur, þá hefur það einnig áhrif á fyllingasporin. Aðgerðin við að halda í fyllingasporin er sjálfgefin, og hún mun halda í sömu gerð af sporum og voru upprunalega gerð.

Að halda í fyllingaspor gefur yfirleitt besta árangurinn. Ef mynstrið ykkar verður bjagað, reynið þá að breyta stærðinni án þess að halda í fyllingarsporin. Endurhlaðið upprunalega mynstrið, afveljið að halda í fyllingarsporin og breytið um stærð á mynstrinu.

Byrjið breytingu á stærð

Þegar þið eruð ánægð með stærð mynstursins og staðsetningu þá snertið þið OK. Glugginn lokast og breytti mynsturstærð er hlaðið inn í útsaums undirbúnings gluggann.

Snertið “hætta við” til að fara í útsaums undirbúning án breytinga á stærð.

Ath: Ekki er hægt að breyta stærð á innbyggðum saumum og sauma forritum.

Áríðandi upplýsingar um breytingu á stærð

Sum mynstur eru hönnuð fyrir ákveðna mynsturstærð, og það er áríðandi að íhuga eftirfarandi um breytingar á stærð á þeim. Saumið ávallt prufusaum af breyttu mynstri áður en þið saumið það á fatnað.

Breyting á stærð er alltaf hlutfallsleg. Ef þið minnkið mynstur um 30% þá verður það 30% minna á hæð og breidd. Ef mynstur er mjög nákvæmt gæti sumt af því glatast eða mynstrið orðið bjagað og/eða orðið mjög þétt. Sum mynstur og sérstaklega þau með mjög miklum smáatriðum ætti ekki að minnka um meira en 25%.
Hægt er að stækka mynstur þannig að þau verða stærri en valinn rammi. Eftir að hafa breytt mynstri verðið þið að gæta þess að það henti í þann ramma sem þið ætlið að nota, eða velja stærri ramma ef svo er ekki.
Ef þið stækkið mynstur of mikið, þá gæti það leitt til frávika eða misfella í mynstrinu. Ýtið á 100% hnappinn til að fara til baka í upprunalega stærð og stækkið mynstrið aðeins minna til að ná betri árangri. Notið (PC) útsaums hugbúnaðinn til að breyta stærð á mjög flóknum og nákvæmum mynstrum. Hann getið þið fengið hjá umboðsaðilanum.
Byrjað ávallt að breyta mynstri frá sinni upprunalegu stærð. Það er bara til að ná sem bestum gæðum sporanna. Ef þið vistið mynstri í breytti stærð, og reynið að breyta um stærð á því aftur, þá geta komið fram óregluleg spor.
Það skiptir ekki máli í hvaða röð þið framkvæmið aðgerðir til að breyta um stærð, staðsetja eða snúa mynstri. Þegar þið snertið OK, þá byrjar vélin á því að breyta stærðinni og bætir síðan hinum aðgerðunum við á eftir.
Við mælum með því að þið kvarðið í staðinn fyrir að nota aðgerðina að breyta stærð ef þið ætlið að stækka um minna en 20%. Við mælum einnig með kvörðun fyrir mynstur sem eru hönnuð með einföldum eða þreföldum sporum, eins og t.d. kross-saums mynstur. Í þeim tilfellum viljið þið ekki bæta sporum við mynstrið - þið viljið aðeins stækka eða minnka mynstrið eins og það er með því að stækka eða minnka upprunalegu sporin.

Sprettigluggar í útsaums undirbúningi

Hámarks fjöldi spora hefur þegar verið náð.

Mynstrið sem þið eruð að reyna að búa til er þegar með of mörg spor. Mynstur eða sambland af mynstrum geta haft að hámarki 500.000 spor.

Mynsturblandan er of flókin

Þessi sprettigluggi kemur upp af eftirtöldum ástæðum:


- Mynstrið inniheldur of margar litablokkir.
- Það eru of mörg mynstur í blöndunni.
- Eitt af mynstrunum hefur verið notað of oft, eða endurtekið of oft.

9 Útsaums saumaskapur (stitch out)

Útsaums saumaskapur - yfirlit

Til að sauma mynstrin farið þið í útsaums saumaskap með því að snerta GO hnappinn í útsaums undirbúningi. Áður en þið farið í útsaums saumaskap sjáið þið glugga sem býður ykkur velkomin í útsaums saumaskp og er þegar með allar stillingarnar ykkar. Farið yfir stillingarnar, framkvæmið

naúðsynlegar breytingar og snertið síðan “halda áfram” til að fara í útsaums saumaskap. Útsaumstækið þarf að sjálfsögðu að vera tengt við vélina til að geta farið í útsaums saumaskap. Setjið réttan ramma á tækið þegar þið eruð komin í útsaums saumaskap.



- | | | |
|-----------------------------------|---|--|
| 1. Útsaumsflötur | 10. JoyOS <i>advisor</i> TM Verkefna skjár | 19. Einn litur |
| 2. Litavalmynd | 11. Lítuð tvinnakefli | 20. Sameina litablokkir |
| 3. Súmm valkostir | 12. Fara aftur á útsaums undirbúning | 21. Flokka litablokkir |
| 4. Valinn rammi | 13. Fara spor fyrir spor / Fara á spor | 22. Auðkenna núverandi litablokk |
| 5. Valkostir um rammastaðsetningu | 14. Fjöldi spora í núverandi litablokk | 23. Valkostir þræðinga |
| 6. Kanna hornin | 15. Heildarfjöldi spora í öllum útsaumnum | 24. Litablokk |
| 7. Staðsetning mynsturs | 16. Útsaumstími sem eftir er í litablokkinni | 25. Minnka/stækka listann yfir litablokkir |
| 8. Tvinnaskömmtun/Tvinnaspenna | 17. Valinn útsaumsfótur | |
| 9. Snjall-vistun | 18. Valkostir lita | |

Velkomin í útsaums saumaskap

Áður en þið farið í útsaums saumaskaps aðgerðina kemur gluggi sem býður ykkur velkomin í útsaums saumaskapinn. Í þessum glugga sjáið þið yfirlit yfir núverandi útsaums stillingarnar. Farið yfir núverandi útsaums stillingarnar til að fullvissa ykkur um að allt sé eins og það á að vera.

Snertið ”halda áfram” í neðri hægra horninu til að fara yfir í útsaums saumaskap. Snertið “til baka” til að fara aftur í útsaums undirbúning.

Stingplata sem er á vélinni

Við mælum yfirlétt með beinsaums stingplötunni til að ná sem bestum árangri við útsauma. DESIGNER BRILLIANCE™ 80Vélin skynjar hvaða stingplata er á henni hverju sinni. Ef stingplatan sem vélin sýnir er ekki sú sem þið ætlið að nota, skiptið þið um stingplötu. Lesið um hvernig á að skipta yfir í stingplötu fyrir beina sauma.

Valinn rammi

Valinn rammi í útsaums undirbúningi er sýndur í glugganum. Ef þið viljið skipta um ramma, farið þið til baka í útsaums undirbúning. Þar getið þið skipt um ramma í val á ramma. Þegar þið setjið ramma á vélina, mun vélin skynja hvaða rammi er á henni og staðfesta að sá rammi sé sá sami og valinn var í útsaums undirbúningi.

Valkostir um liti

Stillið mynstrið ykkar á einn af valkostum fyrir litina: litaflokkun, sameina litaflokk eða bara einn lit. Þið getið einnig stillt þetta í útsaums saumaskap. Lesið meira um litaflokkun, sameina litaflokka eða sauma í einum lit.

Ath: þið getið notað bæði litaflokkun og sameina litaflokk ef þið viljið.

Valkostir um þræðingar

Veljið þræðingu saumið nokkur þræðispor til að festa efnið við undirleggsefnið. Þið getið valið að þræða í kring um efnið eða þræða í kring um rammavæðið eða hvorutveggja. Þræðingu er einnig hægt að gera virka í útsaums saumaskap. Lesið meira um þræðingar valkosti.

Valinn útsaumsfótur

Veljið hvaða útsaumsfót þið ætlið að nota fyrir útsauminn. “Sensor” Q-fóturinn og *deLuxe*™ saumakerfið er það sem mælt er með til að ná sem bestum árangri. Sá fótur sem þið hafið valið í bráðabirgða útsaums stillingum er sá fótur sem sýndur verður í glugganum. Þið getið breytt um fót í glugganum og þá breytir vélin um valinn útsaumsfót í bráðabirgða útsaums stillingunum.

deLuxe™ Stitch System

Allt eftir því hvaða útsaumsfót þið hafið valið í bráðabirgða útsaums stillingum þá verður *deLuxe™*saumakerfið gert virkt eða óvirkt. Mælt er með að sauma út með *deLuxe™*saumakerfinu og “Sensor” Q-fætinum því það gefur bestan útsaums-árangur. Lesið meira um *deLuxe™* saumakerfið .

Valkostir um tvinnaklippingar

Allar stillingar fyrir tvinnaklippingu í bráðabirgða útsaums stillingum verða sýndar í glugganum. Þið getið einnig breytt valkostum um tvinnaklippingar í glugganum.

Snúanlegur rammi - hliðarflokkun

Þessi valkostur verður aðeins sýndur ef DESIGNER™Majestic ramminn 360x350 er valinn í rammavalslistanum í útsaums undirbúningi. Ef þið viljið sauma út öll mynstrin í annarri hlið DESIGNER™Majestic rammans aður en þið snúið rammanum, þá veljið þið hliðarflokkunar valkostinn áður en þið snertið “halda áfram”.

Listi yfir litablokkir

Allir litir í hlöðnu mynstri eru sýndir í þeirri röð sem þeir verða saumaðir. Sérhver litur sýnir númer mynstursins og röð á litablokk. Þá er einnig sýnt framleiðandi tvinnans,grófleiki tvinnansog litanúmer hans. Stærðin á hverri litablokk gefur til kynna hversu mörg spor eru í litablokkinni.

Rennið fingri niður á við í listanum yfir litablokkirnar til að sjá allar litablokkirnar. Sömu upplýsingar verða sýndar um virka litablokk tvinnakeflunum á skjánum. Til að fara á aðra litablokk, snertið þið litablokk á listanum eða rennið fingri yfir tvinnakeflin á skjánum til að gera næstu eða síðustu litablokk virka á listanum yfir litablokkirnar.


Dæmi: 1:2 RaRa 40 2254 þýðir að þetta sé önnur litablokkin í fyrsta mynstrinu og saumað með Robison-Anton Rayon tvinna í grófleika 40 og litanúmerið sé 2254.

Ef þið viljið minnka listann yfir litablokkirnar, snertið þið hnappinn fyrir minnkun/stækkun en hann er í efra vinstra horninu eða snertið hnappinn fyrir valmynd litablokka.



Súmma

Súmmið aðmeð því að snerta með tveimur fingrum samtímis á skjáinn og, án þess að sleppa fingrunum af skjánum, færið þið þá í sundur til að teygja á mynstrinu. Súmmið frá með því að snerta með tveimur fingrum samtímis á skjáinn, og án þess að sleppa fingrunum af skjánum, færið þið fingurna saman til að þjappa mynstrinu saman.




Súmm valkostir

Snertið súmm valkosti til að opna sprettiglugga, þar sem þið getið valið um súmm-sleða til að súmma að og frá á útsaumsfletinum, eða veljið súmma allt eða súmma að ramma.

Dragið sleðann til hægri til að súmma að og til vinstri til að súmma frá. Hægra megin við sleðann sjáið þið hversu mikið þið hafið súmmað.

1. Súmma allt sýnir öll mynstrin í útsaums-samsetningunni.
2. Súmma að ramma sýnir allan rammann á skjánum.



Athugun á hornum

Notið “athugun á hornum” til að fara í öll hornin á mynstrinu til að sjá hvernig mynstrið verður saumað á efnið.

Sérhver snerting á “athugun á hornum” mun færa rammann á næsta horn og í eftirtalinni röð: efra vinstra horn, efra hægra horn, neðra hægra og neðra vinstra og síðan er farið aftur á núverandi spora staðsetningu.



Valkostir um staðsetningu ramma

Notið valkostina um staðsetningu rammans til að færa útsaumsarminn á mismunandi staðsetningar.



Núverandi spora staðsetning

Þegar þið viljið fara til baka á núverandi spora staðsetningu og halda áfram að sauma eftir að þið hafið breytt staðsetningu rammans, snertið þið “núverandi spora staðsetningu”. Þið getið einnig ýtt á start/stop hnappinn einu sinni til að fara til baka á núverandi spora staðsetningu og byrjað að sauma út.



Geymslustaða

Notið “geymslustöðu” þegar þið þurfið að færa útsaumsarminn frá ykkur eða þegar þið viljið ganga frá útsaumstækinu í geymslu.



Ath: Venjulega er útsaumstækið í geymslustöðu þegar þið eruð í útsaums undirbúningi eða sauma aðgerð.

Klippistaða

Klippistaða mun færa rammann fram á við að ykkur, sem gerir ykkur auðveldara að klippa efnið þegar þið eruð að sauma aplíkeringar.

Ráð: Þið getið einnig notað hnappinn nálín upp/ nálín niður á vélinni sem flýtleið til að færa rammann í klippistöðu.



Miðstaða/staða til að fjarlægja ramma

Þegar þú þarft að fjarlægja ramma þ.e.a.s. þegar skipta þarf um spólu, snertið þið miðstöðu / til að fjarlægja rammann. Þetta mun einnig sýna miðstöðuna á rammanum.

Ráð: Þið getið einnig notað hnappinn til að byrja spor á ný sem flýtleið til að færa rammann í miðstöðu/ til að fjarlægja rammann.



Mynstur staðsetning

Notið mynstur staðsetningar aðgerðina til að staðsetja mynstrið á nákvæman stað á efninu án þess að þurfa að spenna það á ný í ramma. Þetta getur einnig verið mjög gagnlegt þegar þið viljið staðsetja mynstur á nákvæmlega tiltekinn stað eða við hliðina á áður saumuðu mynstri.

Snertið hnappinn fyrir mynstur staðsetningu til að opna gluggann fyrir hana.



Til að færa mynstrið í rammanum án þess að velja neinn ákveðinn læstan stað, snertið þið og færið mynstrið þar til þið eruð ánægð með staðsetninguna. Þið getið einnig opnað kistuna og snert hnappinn til að staðsetja bendilinn í miðju, til á fljótlegan hátt að finna miðjuna á mynstrinu og færa það í miðju rammans ef þess gerist þörf.

Ráð: Ef þið viljið aðeins færa mynstrið til í rammanum, opnið þið mynstur staðsetningu og færið mynstrið með fingri á skjánum eða með því að nota stýrihjól.

Súmmið útsaumssvæðið til að fullvissa ykkur um að þið staðsetjið mynstrið nákvæmlega þar sem þið viljið hafa það, annaðhvort með því að snerta það með fingri eða nota súmm sleðann eða hnappinn súmma að bendli. Hægra megin við sleðann sjáið þið hversu mikið þið hafið súmmað.

Þið getið einnig notað klípa/teygja aðgerðina til að súmma að og frá.

Súmma að bendli

Snertið hnappinn fyrir súmm valkostina til að finna - súmma að bendli. Þegar þið notið súmmað að bendli mun það hámarka súmmið og flakka um útsaumsflötinn þannig að bendillinn sé í miðjunni á skjánum.



Stilla bendilspunkt


Opnið kistuna til að finna hnappana “stilla bendilspunkt”.
Færið bendilinn á eitthvað af völdum hornum eða í miðjuna á mynstrinu. Stillið bendilpunktinn - er hægt að nota til að fara eftir mynsturfletinum með því að snerta alla fjóra horna hnappana. Finnið miðjuna á mynstrinu með því að snerta hnappinn “stilla bendilspunkt í miðju”.




Staðsetjið og snúið mynstri

Í þessari æfingu lærið þið hvernig á að staðsetja mynstur með því að nota tvo tengipunkta.


Spor að spori nákvæmni er hægt að ná fram með því að læsa sig á einn tengipunkt og snúa í kring um þann punkt til að fullvissa ykkur um að þið séuð í flútti við næsta tengipunkt.



1. Útsaumsmyndur #3 í bútaþaums valmynd E. Fjarlægðu ramma af útsaumstækinu og efnið úr ramma.



2. Setjið efnið og undirleggsefnið aftur í ramma og þannig að rými sé í ramma fyrir nýtt myndur, og gangið úr skugga um að tengipunkturinn á fyrri myndrinu sé innan útsaums-flatarins.
Setjið ramma aftur á útsaumstækið.



3. Veljið staðsetningu fyrir nýja myndrið sem þið viljið tengja við fyrri myndrið.
Snertið hnappinn fyrir myndur staðsetningu til að opna gluggann fyrir hana. Veljið skref 1 og setjið bendilinn á punktinn í myndrinu á skjánum á móts við punktinn á myndrinu sem er á efninu.



4. Opnið súmm valkosti og veljið - súmma að bendli.




5. Veljið skref 2 til að stilla læsingar-punktinn.



6. Færið rammann með því að snerta örvarnar á hjólinu eða draga á skjánum þar til nálin er nákvæmlega fyrir ofan tengipunktinn á saumaða mynstrinu.

Snúið handhjólinu fram á við til að athuga hvort staðsetningin á nálinni sé ekki rétt. Notið hjólið til að fínstilla ef með þarf.



7. Veljið skref 3 og setjið bláa bendilinn á annan punkt í mynstrinu á skjánum þar sem þið viljið tengjast punkti í mynstrinu á efninu




8. Opnið súmm valkosti og veljið - súmma að bendli.
9. Fullvissið ykkur um að bendillinn sé staðsettur nákvæmlega þar sem þið viljið hafa hann. Fínstillið með hjólinu




10. Veljið skref 4 til að sannreyna staðsetningu seinni tengipunktanna..
- Ef nálin er nákvæmlega yfir seinni tengipunktinum í mynstrinu á efninu, snertið þið OK til að staðfesta stillinguna og fara aftur í útsaums saumaskap.
 - Ef ekki, notið þá örvarnar á hjólinu til að snúa mynstrinu á skjánum. Ramminn mun færest undir nálinni.



11. Þegar nálin er beint fyrir ofan seinni tengipunktinn í mynstrinu á efninu, snertið þið OK til að staðfesta stillingarnar og fara til baka í útsaums saumaskap.




12. Saumið mynstrið á ný. Þegar mynstrið er fullsaumað, snertið þið OK í sprettiglugganum. Þið getið nú fært efnið til í rammanum eins oft og þið viljið.




deLuxe™ Stitch System

Stjórnbúnaðurinn sem er sýnilegur í útsaums saumaskap mun breytast eftir því hvort *deLuxe™* saumakerfið er virkt eða ekki í bráðabirgða útsaums stillingum. Notið stjórnbúnaðinn til að stilla jafnvægið á milli yfir og undirtvinna t.d. þegar þið eruð að nota sérstakan og óvanalegan útsaumstvinna. Lesið meira um *deLuxe™* saumakerfið í bráðabirgða útsaums stillingum.



Trinnaskömmtnun



Trinnaspennan

Snjall vistun

Ef þið viljið vista vinnuna, þar með talið innhlaðinn saum, útsaumsmyndur, núverandi sporastaðsetningu og stillingar, snertið þið hnappinn fyrir snjall vistun. Sprettigluggi mun gefa til kynna að snjall vistun hefur átt sér stað og þið getið nú slökkt á vélinni eða byrjað á nýju JoyOS *advisor™* verkefni. Snjall vistun man og geymir allar breytingar og stillingar sem þið hafið framkvæmt á mynstrinu. Það gerir ykkur kleift að halda áfram með verkefnið seinna meir.



Til að hlaða inn síðustu snjall vistun, snertið þið hnappinn “hlaða inn snjall vistun” í JoyOS ráðgjafa™aðgerðinni.

Ath: Þegar þið snertið snjall vistun verður síðast vistaðri snjall vistun eytt.



Aðgerðar-hnappur fyrir JoyOS ráðgjafann™.



Hnappur til að hlaða inn snjall-vistun

Sjálfvirk snjall vistun

Þegar þið saumið út munDESIGNER BRILLIANCE™ 80vélin stöðugt og sjálfkrafa vista verkefnið sem þið eruð að vinna að, þar með talinn síðasti saumur, útsaumur, núverandi nálarstaða og stillingar. Ef straumur fer af á meðan þið eruð í útsaums saumaskap, kemur sprettigluggi á skjáinn þegar kveikt er aftur á vélinni. Í sprettiglugganum getið þið valið um að fara til baka í útsaums saumaskap og koma með mynstrið tilbúið til sauma. Mynstrið mun halda áfram hérumbil frá sama stað og það hætti þegar rafmagn fór af.

Ráð: Áður en þið byrjið á útsaumnum er ráðlegt að fara afturábak um nokkur spor með því að nota saumið spor fyrir spor aðferðina til að fullvissa ykkur um að tvinnarnir matist.

Litur á tvinnakeflumi

Allir litir á hlöðnu mynstri eru sýndir í þeirri röð sem þeir verða saumaðir. Fyrir neðan núverandi tvinnaspólur eru upplýsingar um númer mynstursins og litaröð. Einnig kemur þar fram framleiðandi tvinnans, grófleiki tvinnans og litanúmer. Strjúkið frá vinstri til hægri á tvinnakeflin til að gera fyrri eða næstu litablokk í listanum yfir litablokkirnar virkar.

Á meðan saumað er munu litabrigðin dofna sem gefur þá til kynna hversu mikið eigi eftir að sauma í þessari litablokk.

Dæmi: 1:2 RaRa 40 2254, þýðir að annar liturinn í fyrsta mynstrinu sem verið er að sauma sé frá Robinson-Anton, tvinninn er Rayon í grófleika 40 og litanúmer tvinnans er 2254.



Farið til baka í útsaums undirbúning.

Snertið hnappinn til að fara til baka í útsaums undirbúning þar sem þið getið stillt mynstrin.



Sauma spor fyrir spor / Fara á spor númer


Snertið + til að fara spor fyrir spor áfram og - til að fara aftur bak. Farið nokkur spor afturábak t.d. ef tvinninn slitnar eða klárast, til að fullvissa ykkur um að saumaðir tvinnar nái saman. Snertið og haldið til að fara hraðar í gegn um sauminn. Bendillinn á skjánum mun fara eftir sporunum á útsaumsfletinum.

Til að fara á ákveðið spor innan litablokkarinnar, snertið þið hnappinn - fara á spor. Lyklaborð kemur í ljós þar sem þið getið stimplað inn númer sporsins. Ef númerið sem þið sláið inn er of stórt mun vélin fara á síðasta sporið í núverandi litablokk.



Fjöldi spora í núverandi litablokk

Núverandi sporstaða í núverandi litablokk er sýnd við hliðina á tákninu fyrir litablokkina. Tölurnar í sviga sýna heildar sporafjölda í núverandi litablokk.




Fjöldi spora í mynstur samsetningunni

Núverandi sporstaða í útsaums samsetningu er sýnd við hliðina á blóminu. Tölurnar í sviga sýna heildar fjölda spora í mynstrinu eða samsetningunni.



Tími sem eftir er í litablokkinni

Áætlaður tími sem eftir er í núverandi litablokk er sýndur í klukkutímum og mínútum við hliðina á tákninu fyrir klukkuna. Ef “einn litur” er virkjaður, er heildartími útsaumstímans fyrir allt mynstrið sýndur.



Valkostir um liti

Notið valkostina um liti til að flýta fyrir og gera mynstrið auðveldara.

Snertið hnappinn fyrir litavalið til að opna lista af hnöppum fyrir tiltæka valkosti.



Raða litablokkum

“Raða litablokkum” raðar öllum litablokkum á skynsaman hátt þannig að t.d. litablokkir með sama lit verði hver á eftir annarri á listanum.

Ath: “Raða litablokkum” verður að framkvæma áður en þið byrjið að sauma mynstrið. Þegar þið hafið byrjað að sauma mynstrið, smá dofnar liturinn á hnappnum.



Hnappur til að raða litum



Hnappur til að sameina litablokkir



Hnappur fyrir einlit mynstrur

Sameina litablokkir

Gerið “sameina litablokkir” virkt til að koma í veg fyrir stopp á milli samlitra litablokka.


Ath: Útlit listans fyrir litablokkir verður áfram eins.

Einn litur

Snertið hnappinn til að gera einlitan útsaum virkan. Öll mynstur eru sýnd í gráum lit og vélir stoppar ekki fyrir breytingar á litablokkum. Til að gera einlitan útsaum óvirkan snertið þið hnappinn á ný.

Ath: Ef sjálfvirka tinnaklippingin og sjálfvirka stökkeðspors klippingin er valin í bráðabirgða útsaums stillingum verða stökkeðspörin samt klípt á milli litablokkanna.

Ráð: Þið getið einnig snert STOP aðgerðina á vélinni sem flýtleið yfir í einlitan útsaum.




1. Flokka litablokkir
2. Raða litablokkum og sameina litablokkir

Auðkennið núverandi litablokk

Snertið hnappinn og þá mun aðeins sú litablokk sem verið er að sauma verða sýnileg á útsaums fletinum. Litir í öllum öðrum litablokkum verða deyfðir.



Að auðkenna núverandi litablokk getur verið gagnlegt þegar litablokkir í mynstrinu samanstanda af mismunandi litabrigðum af sama lit, og sérstaklega ef þær eru nálægt hvorri annarri eða skarast á einhvern hátt.



Valkostir um þræðingar

Þræðing getur t.d. verið góð til að þræða efnið við undirleggsefnið. Það er sérstaklega gagnlegt þegar efnið sem verið er að sauma er ekki hægt að spennast í ramma. Þræðing er líka mjög nauðsynleg þegar verið er að sauma út á teygjanleg efni.

Snertið hnappinn fyrir þræðinga valkostinn til að opna sprettigluggann fyrir valkostina. Þræðinga valkostinn er einnig hægt að virkja í velkomin í útsaums saumaskap glugganum áður en þið farið í útsaums saumaskap.

Snertið þræða í kring um mynstrið til að bæta þræðisporum við í kring um útlínur mynstursins þar sem mynstrið verður staðsett.

Snertið þræðið í kring um rammann til að bæta þræðisporum við á innri jaðri rammans.

Þið getið valið báða valkostina til að gefa efni meiri stuðning þegar þið eruð að sauma á erfið efni og notið erfiða tækni.

Ath: Þegar þetta er gert virkt þá verða eingöngu litablokkir með þræðingu sýndar á listanum yfir litablokkir. Að lokinni þræðingu mun listinn yfir litablokkir sýna litablokkirnar í mynstrinu.

Ráð: Snertið FIX aðgerðina á vélinni til að gera þræðingu í kring um mynstrið virka.



Hnappur fyrir valkosti fyrir þræðingar

Skilaboð í sprettiglugga í útsaums saumaskap.

Það þarf að kvarða útsaumsarminn.

Þegar útsaumsáhalðið er á vélinni, kemur sprettigluggi í ljós til að minna ykkur á að renna rammanum af arminum og taka til í kring um vélina til að kvarða útsaumsarminn. Þið verðið einnig minnt á að setja heppilega útsaumsfót á vélina.



Það er mjög áhrifandi að fjarlægja rammann, því annars getur hann eða útsaumsáhalðið skemmt við kvörðunina.

Setjið rammann á arminn

Ef ramminn sem er á vélinni er ekki sá sami og er valinn og sýndur á skjánum, þá mun vélin ekki sauma. Þið verðið þá að skipta um ramma og setja þann sem sýndur er á skjánum eða fara til baka í útsaums undirbúning og velja þann ramma sem er á vélinni.

Ramminn verður að vera rétt settur á arminn til að vélin geti skynjað hann. Rennið ramma tengistykkinu í ramma tengingunaframan frá og aftur á bak þar til það smellur á sinn stað.

Undirtvinninn er að klárast

Þegar undirtvinninn fer að klárast, kemur sprettigluggi á skjáinn og gefur ykkur tímanlega viðvörðun um að þið þurfið að fara að skipta um spólu. Þetta gefur ykkur tækifæri til að undirbúa ykkur undir slíka skiptingu.

En það er líka hægt að sauma út alveg þar til undirtvinninn klárast. Án þess að loka sprettiglugganum snertið þið start/stop hnappinn eða snertið fótmótstöðuna til að halda áfram að sauma.

Snertið “hætta” til að stöðva á núverandi stað.

Snertið OK til að færa rammann í stöðunamiðja/fjarlægja rammann. Sprettigluggi fyrir ramma staðsetningu kemur á skjáinn. Setjið nú fulla spólu í vélina. Snertið núverandi stað í sprettiglugganum og togið aukalegan yfirtvinna aftur undan saumfætinum. Snertið start/stop hnappinn til að halda áfram að sauma mynstrið.

Athugið yfirtvinnann

Vélina stöðvast sjálfkrafa ef yfirtvinninn klárast eða slitnar. Þræðið vélina á ný frá byrjun, lokið sprettiglugganum og farið nokkur spor aftur á bak með því að nota fara spor fyrir spor til að tryggja að byrjað sé að sauma þar sem tvinninn slitnaði. Byrjið aftur að sauma

Skipt um tvinnalit

Vélina stöðvast þegar tími er kominn á að skipta um tvinnalit. Skiptið um tvinnakefli og þræðið vélina á ný. Ráðlagt litanúmer tvinnans kemur í sprettigluggann.

Klippið og fjarlægið tvinnaendann.

Eftir að hafa skipt um tvinna, saumar vélin nokkur spor og stöðvast síðan svo þið getið klippið tvinnaendann sem stendur upp úr efninu.

Ath: Þegar aðgerðirnar sjálfvirk tinnaklipping og sjálfvirk klipping stökkspora er valin í bráðabirgða útsaums stillingum, verður tinninn klippitur sjálfkrafa og engir tvinnaendar verða eftir. Einfaldlega fjarlægið tvinnaendana sem hafa verið klippir.

Mynstrið er fullsaumað

Sprettigluggi og hljóðmerki gefa til kynna að mynstrið sé fullsaumað. Þegar sprettiglugginn er lokaður verður mynstrið áfram hlaðið inn í útsaums saumaskap og þið getið saumað sama mynstrið á ný, auk breytinga ef þið hafið framkvæmt þær.

Útsaumsmynstrið endaði snögglega.

Viltu halda áfram að sauma það? (Sjálfvirk snjall vistun)

Ef rafmagnið hefur farið af koma skilaboð í sprettiglugga þegar kveikt hefur verið á vélinni á ný. Snertið OK í sprettiglugganum til að halda áfram í útsaums saumaskap. Þá verður mynstrinu hlaðið inn á ný og vélin tilbúin að sauma ca. frá þeim stað sem hún stöðvaðist þegar rafmagnið fór af.

Ráð: Áður en þið haldið áfram með mynstrið farið þið fyrst til baka nokkur spor með því að nota spor fyrir spor aðferðina til að vera viss um að ekki vanti spor í mynstrið.

Skipt um nál

Mynstur með klippivinnu og fílt mynstur þarfnast sérstakra nála sem fást aukalega hjá umboðinu. Í mynstrum með klippivinnu þarf að nota HUSQVARNA VIKING® útsaums nálapakka fyrir klippivinnu (920268-096) og fyrir fílt mynstur þarf að nota HUSQVARNA VIKING® Fílt útsaums pakka (920402-096).

Þegar vélin stöðvast og þessi sprettigluggi er sýndur, setjið þið viðeigandi nál í vélina. Snertið OK og ýtið á start/stop hnappinn til að halda áfram.

Mynstur með klippivinnu eru merkt með nálartákni fyrir klippivinnu og fyrir fílt mynstur þá eru þau líka merkt með nálartákni í DESIGNER BRILLIANCE™ 80bókinni með mynstrunum.

Ath: Mynstur fyrir klippivinnu er svo sem einnig hægt að sauma með venjulegum nálum. En þá þurfið þið að klippa götin handvirkir og þá sleppið þið litablokkinni fyrir sérstöku nálarnar fyrir klippivinnu.

Athugið !

Vélin stöðvast og þessi sprettigluggi kemur á skjáinn og þið getið ekki haldið áfram að sauma. Bíðið andartak og snertið OK þegar aðgerðin er virk á ný. Athugið nálarstærð og ástand og gætið að hvort vélin sé ekki örugglega rétt þrædd.

10

10 Forrit



Forrit - yfirlit


Þið getið blandað saman saumum, stafrófum og tölustöfum til að hanna saumaröð. Blandið saman ýmsum skrautsaumum og leturgerðum frá *mySewnet™* möppunni í skýinu eða frá USB minnislykli eða tæki.

Þið getið saumað forritaða sauma sem eru allt að því 500mm á lengd. Efst í glugganum getið þið séð hversu langt

saumaforritið er. Þið getið forritað bæði í útsaums og sauma aðgerðum.

Ráð: Ef sauma aðgerð er virk og sauma forritið tilbúið til saums, þá getið þið lokað glugganum með því að stíga á fótstöðuna eða með því að ýta á start/stop hnappinn.

Ath: Ekki er hægt að forrita alla sauma. Sprettigluggi látur ykkur vita ef ekki er hægt að forrita viðkomandi saum.



1. Lengd forrits
2. Farið á fyrra spor/farið á síðasta spor
3. Farið á næsta spor/farið á fyrsta spor
4. STOP skipanir
5. FIX skipanir
6. Skipanir um tvinnaklippingar
7. Afrita
8. Eyða

9. Bendill
10. Endaspeglun
11. Hliðarspeglun
12. Vista
13. Sporbreidd/sporstaða
14. JoyOS *advisor™* Verkefna skoðari
15. Opnalyklaborð
16. Hætta við forrit

17. OK, fara til baka í sauma aðgerð
18. Spurlengd/ sporbéttleiki
19. Skráarstjórn
20. Stafrófs valmynd
21. Sauma valmynd
22. JoyOS *advisor™* Verkefna valmynd
23. Minnka/stækka valflötinn

Hannanýtt forrit

1. Til að hanna nýtt forrit, snertið þið forritunar hnappinn til að opna forritunar gluggann.



2. Snertið sauma valmyndina eða leturgerðar valmyndina til að velja saum eða letur sem þið ætlið að nota.




Sauma valmynd



Stafrófs valmynd

3. Setjið inn sauma frá skráarstjórn eða sauma valmynd. Virk staða er sýnd með bendli og saumurinn eða stafurinn er auðkenndur. Innsettir saumar eða stafir verða valdir og staðsettir þar sem bendillinn er. Aðeins er hægt að stilla valinn saum eða staf. Þið getið fært bendilinn í gegn um saumaforritið með því að nota örvarnar “fara á fyrra spor/fara á næsta spor”.

Ath: Bein lína við örvaroddana gefur til kynna að “fara á síðasta/fara á fyrsta spor”.




Virk staða er auðkennd




Farið á fyrra spor/farið á næsta spor

4. Þegar stafróf er valið verður lyklaborð sjálfkrafa opnað þar sem þið getið skrifað textann ykkar. Minnkið lyklaborðið með því að snerta efra hægri hornið til að komast að OK hnappnum.



5. Snertið OK hnappinn til að hlaða forritinu inn í sauma aðgerð. Þið getið einnig hlaðið forritið með því að stíga á fótmótstöðuna eða snerta start/stop hnappinn á vélinni. Snertið “hætta við” til að hætta við forritið og loka forritunar glugganum.



Breyta eða laga hannað forrit.

Ef þið viljið breyta innhlöðnu forriti í sauma aðgerð, snertið þið hnappinn “breyta saumaforriti” og þá farið þið aftur í forritunar-gluggann. Þið getið einnig snert og haldið við forritið til að opna snjall kistuna til að komast að breytingar hnappnum (edit). Framkvæmið breytingarnar og snertið síðan OK í forritunar glugganum til að hlaða því inn í sauma aðgerð ásamt breytingunum ykkar. Snertið hnappinn “hætta við” í forritinu til að hætta við.



Breyta eða laga stafa forrit

Saum eða staf bætt inn í.

Færið bendilinn á þann stað sem þið viljið bæta inn saum eða staf og notið hnappinn - fara á fyrra spor / fara á næsta spor. Ef örin “fara á fyrra spor” er með línu undir þá færið þið bendilinn á byrjunina. Ef örin “fara á næsta spor” er með línu undir þá færið þið bendilinn á endann. Snertið viðkomandi saum í sauma valmyndinni eða í skráarstjórn til að bæta honum inn þar sem bendillinn er staðsettur.

Snertið letur valmyndina til að opna fyrir lyklaborðið og snertið staf til að setja hann inn þar sem bendillinn er staðsettur. Breytið um leturgerð með því að snerta aðra leturgerð á valfletinum. Lokið lyklaborðinu í efra hægra horninu. Ef þið snertið sauma valmyndina eða skráarstjórn þá lokast sjálfkrfa fyrir lyklaborðið. Þið getið opnað lyklaborðið á ný með því að snerta hnappinn fyrir lyklaborðið eða snerta leturgerða valmyndina.

Breyta eða stilla saum eða staf

Þið getið speglað, stillt lengdina, breiddina og staðsetninguna eða stillt sporþéttleikann á völdum saum og á sama hátt getið þið stillt sauma stillingarnar í sauma aðgerð.

Snertið og haldið yfir forritið á skjánum til að opna snjall kistuna. Snjall kistan gerir ykkur kleift að afrita, eyða eða spegla valinn saum eða staf í forritinu,

Eyða saum eða staf

Ef þið viljið eyða saum, færið þið bendilinn á sauminn eða stafinn sem þið viljið eyða (valinn saumur eða stafur verður þá blár) og snertið hnappinn fyrir eyðingu á skjánum eða í snjall kistunni. Snertið og haldið hnappnum fyrir eyðinguna til að eyða öllu forritinu.

Afrita saum eða staf

Til að afrita saum, færið þið bendilinn á sauminn eða stafinn (valinn saumur eða stafur verður þá blár) og snertið hnappinn fyrir afritun á skjánum eða í snjall kistunni.

Ath: Framkvæmið breytingar ykkar á saumnum áður en þið afritið og afritaður saumur mun þá einnig innihalda breytingar sem þið framkvæmduð.


Snertið og haldið til að nota lyklaborðið þar sem þið getið bætt inn nákvæmum fjölda eintaka sem þið viljið bæta inn.

Skipta um saum eða staf

Til að skipta um saum eða staf, veljið þið hann einfaldlega með því að nota skrunörvarnar til að velja sauminn eða stafinn sem þið viljið skipta um og snertið síðan “eyða”. Setjið nýja sauminn eða stafinn inn þar sem bendillinn er staðsettur.



Hnappur fyrir lyklaborð



- | | |
|---|------------------|
| 1. Færið á fyrra spor / fara á síðasta spor | 4. Eyða |
| 2. Færið á næsta spor/ fara á fyrsta spor | 5. Endaspeglun |
| 3. Afrita | 6. Hliðarspeglun |
| | 7. Bendill |

Stillið heildar mynstrið.

Til að stilla allt forritið farið þið aftur í sauma aðgerð með því að snerta OK hnappinn. Breytingar sem eru framkvæmdar hér munu hafa áhrif á allt forritið. Lesið um mismunandi sauma stillingar í sauma aðgerð sem mun hafa áhrif á allt forritið.




Skipanir í sauma forritum

Þið getið sett inn FIX, STOP og klippingar skipanir í sauma forritið Þessar skipanir verða í sauma forritinu og verða ávallt framkvæmdar þegar þið saumið forritið.


Færið bendilinn á þann stað sem þið viljið bæta inn skipun. Snertið “skipun (command)” og tákni verður bætt inn í forritaða sauma. Þetta staðfestir að skipun hefur verið bætt inn og sýnir einnig hvar þessi skipun verður framkvæmd í sauma forritinu.

Ath: Ef þið eruð að hanna sauma-forrit í útsaums aðgerð þá verður befestingum bætt inn sjálfkrafa í byrjun og lok saums, og þar á milli getið þið hannað sauma-forritið. Hægt er að fjarlægja skipanirnar.




Bætið inn STOP skipun með því að snerta STOP hnappinn á skjánum. STOP skipunin lætur vélina stöðvast á völdum stað í forritinu. Þetta kemur sér vel t.d. ef þið eruð að hanna forrit með saumum í og í nokkrum röðum.

Bætið inn FIX skipun með því að snerta FIX hnappinn á skjánum. FIX skipunin mun setja inn heftingu á völdum stað í forritinu. Þið getið sett inn FIX skipanir hvar sem er í forritinu.



Setjið inn skipun um tvinnaklippingu með því að snerta hnappinn fyrir tvinnaklippingar á skjánum. Bætið inn tvinnaklippingu þegar þið viljið að vélin hefti og klippi tvinnana.



Ath: Ef sjálfvirk tvinnaklipping er afvalin í bráðabirgða stillingum, þá mun vélin aðeins hefta fyrir og stöðvast þegar kemur að skipuninni yfir tvinnaklippingu.

Vistaforrit

Til að vista skrána ykkar, snertið þið vistunar-hnappinn og þá kemur sprettigluggi á skjáinn. Í vistunar sprettiglugganum getið þið valið að vista skrá í *mySewnet™* möppu í skýinu eða á USB tæki. Áður vistuð mynstur, saumar, forrit og/eða stafróf eru sýnd þar. Gefið skránni nafn með lyklaborðinu og snertið síðan OK hnappinn.

Ef þið viljið vista skrána í möppu, snertið þið einfaldlega og haldið við möppuna til að opna hana, síðan gefið þið skránni nafn með lyklaborðinu og snertið OK í sprettiglugganum til að vista hana. Til að búa til nýja möppu, snertið þið einfaldlega hnappinn fyrir “hanna nýja möppu”, gefið henni nafn með lyklaborðinu og snertið síðan OK. Snertið síðan og haldið við möppuna til að opna hana og vista hana í nýju möppuna.


Snertið lista og smámynda skoðunar-hnappinn til að víxla á milli skráanna í listanum og smámynda-táknanna. Í lista-skoðun er sérhver skrá sýnd með skráarnafni og skráartegund. Í smámynda skoðun er hver skrá sýnd með skráarnafni og smámynd af skránni.

Til að hætta við vistunarferlið, lokið þið sprettiglugganum með því að snerta “hætta við” (cancel). Sprettiglugginn lokast og þið farið aftur í forritunar aðgerð.

Lærið hvernig best er að skipuleggja vistaðar skrár í skráarstjórn.



Vistunarhnappur í útsaums undirbúningi



1. Valflötur
2. Skráarnafn
3. Hætta við
4. Staðfesta
5. Hanna nýja möppu
6. Vixla á milli lista og smámynda skoðunar.
7. Vista á USB tæki
8. Vista í *mySewnet™* möppu á skýinu

Saumið eða saumið út forritið.

Til að sauma sauma-forritið, hlaðið því í sauma aðgerð með því að snerta OK hnappinn í forritunar glugganum.

Ef þið hafið opnað forritið í útsaums undirbúningi, mun snerting á OK hnappinn hlaða því inn í útsaums undirbúning.

Ath: Forrit sem hannað er í útsaums aðgerð verður hlaðið og vistað sem mynstur og verður ekki hægt að sauma sem saum í sauma aðgerð.




Sprettiglugga skilaboð í forritun.

Ekki er hægt að forrita þennan saum

Suma sauma er ekki hægt að setja inn í forritun t.d. hnappagöt og sérstaka sauma eins og fjögurra átta sauma.

Hámarks fjölda spora hefur þegar verið náð.

Saumurinn sem þið eruð að reyna að bæta inn gerir heildar forritið of langt. Forritið getur verið allt að 500mm langt og getur verið með allt að 199 sauma og skipanir. Ef sauma forritið reynist vera lengra en hámarkslengd þá kemur sprettigluggi á skjáinn.



II Stillingar

Bráðabirgða sauma stillingar

Breytið bráðabirgða sauma stillingum þegar þið viljið breyta sauma tengdum stillingum í núverandi verkefni. Breytingar sem gerðar eru í bráðabirgða sauma stillingum verða endurstilltar við byrjun nýs JoyOS *advisor*TM verkefnis frá JoyOS *advisor*TM aðgerðinni. Þegar þið slökkið á vélinni verða allar bráðabirgða sauma stillingar settar aftur á sjálfgefin gildi.

Eftirfarandi stillingar er hægt að stilla í bráðabirgða sauma stillingum.

- *deLuxe*TM sauma kerfi
- Fótlyfting á “sensor” saumfæti
- Sjálfvirk tvinnaklipping
- Sjálfvirk FIX
- Valkostir saumatakmarkana
- Valkostir flytjara

deLuxeTM Stitch System

Þegar *deLuxe*TM sauma valkosturinn er valinn mun vélin sjálfkrafa velja heppilegustu aðferð á tvinnastillingu yfirtvinnans þ.e.a.s tvinnaskömmmtun eða tvinnaspennu, allt eftir því hvaða saum þið hafið valið og stillingar á vélinni. Tvinnaskömmmtun mælir stöðugt og sjálfkrafa þykkt efnisins sem verið er að sauma til að skammta rétt magn af tvinna fyrir valinn saum. Þegar þið notið tvinnaspennu þá munu skífurnar í yfirtvinnaspennunni halda rétttri og stöðugri spennu á yfirtvinnanum.

Til að ná sem bestum árangri mælum við eindregið með því að þið haldið þessum stillingum, nema þegar þið eruð að vinna einhver sérstök verkefni þar sem ekki er hægt að nota tvinnaskömmmtun. Afveljið *deLuxe*TM sauma kerfið í bráðabirgða sauma stillingum til að skipta yfir á tvinnaspennu.

Stýringin til að stilla tvinnaskömmmtun/tvinnaspennu er sýnileg í sauma aðgerð og breytist eftir því hvaða virkt spor er í vélinni og hvort *deLuxe*TM sauma kerfið er valið í bráðabirgða sauma stillingum.

Sjálfvirk fótlyfting.

Ef það er valið þá lyftir vélin saumfætinum ávallt í eftirtöldum aðstæðum:

- Þegar vélin stöðvast með nálina niðri þá lyftir vélin ávallt saumfætinum í fljótandi stöðu.
- Eftir tvinnaklippingu lyftir vélin saumfætinum í efri stöðu.

Ef tvinnaklipping er ekki valin verður saumfóturinn niðri.

Sjálfvirk tvinnaklipping

Þegar klippingar á tvinna er valið verður tvinninn klipptur við eftirtalдар aðstæður:

- Við skipanir á tvinnaklippingu í saumum og forritum.

- Eftir að hafa saumað einn ákveðinn saum t.d. staf eða kóssa

Ef þetta er afvalið mun vélin ekki klippa tvinnann.

Ath: Afveljið þegar þið eruð að nota einhver áhöld sem fest eru í tvö götin sem eru í stingplötunni rétt fyrir ofan lokið yfir gríparanum til að koma í veg fyrir skemmd á hnifnum fyrir tvinnaklippuna.

Sjálfvirk FIX

Þegar þetta er valið mun vélin sjálfkrafa gera FIX aðgerðina virka eftir að tvinnaklipping hefur átt sér stað og þegar nýr saumur er valinn.

Valkostir við að takmarka sauma

Stillið vélina annað hvort á sporbreiddar öryggi eða veljið millibilið á milli tvíburanálanna til að takmarka hliðarhreyfingar nálanna. Þetta minnkar áhættuna á því að brjóta nálarnar þegar þið saumið með aukahlutum sem ekki þola heildar breidd sporbreiddarinnar.

Sporbreiddaröryggi

Þegar það er valið, mun vélin aðeins leyfa beint spor og staðsetningu nálarinnar í miðstöðu til að koma í veg fyrir skemmd á nálinni, saumfætinum og stingplötunni. Veljið sporbreiddaröryggi þegar þið notið fylgihluti sem aðeins er hægt að nota með nálina í miðstöðu þ.e.a.s. saumfót fyrir beina sauma. Sporbreiddaröryggi verður sjálfkrafa valið þegar stingplatan fyrir beina sauma er sett á vélina og ekki er hægt að afvelja það þar til stingplatan fyrir beinu saumana er fjarlægð.

Þegar stingplatan fyrir beina sauma er fjarlægð getið þið valið um hvort þið haldið áfram með sporbreiddar öryggið eða afveljið það. Þegar sporbreiddar öryggið er virkt verða allar stillingar fyrir tvíburanál gerðar óvirkar þar sem ekki er hægt að nota þær ef öryggið er virkt.

Ath: Stillingin er endurstillt við upphaf nýs verkefnis í JoyOS ráðgjafaTM aðgerðinni. Gangið úr skugga um að fjarlægja þarf aukabúnað sem krefst þessarar stillingar eða veljið stillinguna aftur eftir að nýtt verkefni hefur verið valið.

Tvíburanál

Þegar tegund tvíburanál er valin, verður sporbreidd og nálarstaða takmörkuð í samræmi við valda nál til að koma í veg fyrir skemmd á nálinni, saumfætinum og stingplötunni. Í sauma aðgerð mun forskoðunin gefa til kynna að tvíburanál hefur verið valin. Þegar tegund tvíburanál er valin, mun sporbreiddaröryggið verða afvalið því ekki er hægt að nota það þegar tvíburanál eru notaðar.

Ath: Stillingin verður endurstillt við upphaf nýs verkefnis af JoyOS ráðgjafaTM aðgerðinni. Gangið úr skugga um að fjarlægja þarf aukabúnað sem krefst þessarar stillingar eða veljið stillinguna aftur eftir að nýtt verkefni hefur verið valið.

Valkostir fyrir flytjara

Þegar “auto” er valið (ráðlagt) þá setur vélin flytjarann sjálfkrafa í samband eða tekur hann aftur úr sambandi allt eftir þeim saum og þeim stillingum sem þið hafið valið. Til dæmis: Flytjarinn er tekinn úr sambandi þegar þið veljið “töluáfestingu” eða “fríhendis sauma”.

Bráðabirgða útsaums stillingar

Breytið bráðabirgða útsaums stillingum þegar þið óskið eftir því að breyta útsaums tengdri stillingu fyrir verkefnið sem þið eruð að vinna við. Breytingar sem gerðar eru í bráðabirgða útsaums stillingum verða endurstilltar þegar þið byrjið á nýju verkefni frá JoyOS *advisor*™ aðgerðinni. Þegar þið slökkvið á vélinni verða allar stillingar sem þið hafið framkvæmt í bráðabirgða útsaums stillingum settar aftur á sjálfgefin gildi.

Eftirfarandi stillingar er hægt að framkvæma í bráðabirgða útsaums stillingum.

- *deLuxe*™sauma kerfi
- Tegund af útsaumsfæti
- Valkostir tvinnaklippinga

deLuxe™ Stitch System

Þegar *deLuxe*™ saumakerfið er valið mun DESIGNER BRILLIANCE™ 80sjálfkrafa velja hentugustu tvinnaspennu fyrir það mynstur eða saum sem þið eruð að vinna með þ.e.a.s. tvinnamötuneda tvinnaspennu. Til að ná sem bestum árangri við útsauma mælum við eindregið með því að þið notið þessa stillingu og þegar þið notið gorma útsaums fótinn.

Þegar *deLuxe*™ saumakerfið er valið þá er tvinnaskömmun einnig notuð þegar þið notið gormafótinn við útsauma nema t. d. þegar virk litablokk á að saumast með nál fyrir klippivinnu eða filt vinnu.

Valkostir um tvinnaklippingar

Veljið á milli þriggja valkosta um tvinnaklippingar: engar klippingar, sjálfvirkar klippingar og sambland af sjálfvirkum klippingum og sjálfvirkum klippingum á stökksporum.

Afvelja

Þegar þetta er valið, munu engar sjálfvirkar klippingar eiga sér stað.

Ath: Afveljið klippingar þegar þið notið aukalega fylgihluti sem eru festir í götin tvö á stingplötunni sem eru rétt fyrir ofan gríparann, því þar eru tvinnaklippurnar staðsettar og hætta er á að þær gætu rekist í áhaldið eða festingarnar fyrir það.

Veljið “upp” og þá verður flytjarinn aftur settur í samband fyrir alla venjulega sauma. Veljið “niður” og þá verður flytjarinn tekinn úr sambandi.

Ath: Óbáð því hvaða valkostur er valinn þá mun vélin ávallt taka flytjarann úr sambandi þegar saumfætinum er lyft í aukalega hæð.

*Ath: Flytjarinn verður aftur settur sjálfkrafa í “auto” þegar þið byrjið á nýju verkefni úr JoyOS *ráðgjafa*™ aðgerðinni.*

Þegar *deLuxe*™ saumakerfið er afvalið og/eða útsaums fóturinn er fyrir fljótandi vinnu, þá verður tvinnaspenna valin fyrir öll þau mynstur og stillingar þeim tengdum.

Fyrir suma sérstaka saumataekni og fylgihluti sem ekki er hægt að sauma með tvinnaskömmun, verður að afvelja *deLuxe*™ Stitch System.

Tegund útsaumsfótar

Veljið annaðhvort Sensor Q-fótinn eða fljótandi fót. Það er nauðsynlegt að rétt stilling sé valin fyrir þann fót sem þið ætlið að nota.

Til að ná sem bestum árangri veljið og notið Sensor Q-fótinn og *deLuxe*™ saumakerfið. Við mælum eindregið með þessu. Við sumar sérstakar saumataekni-aðgerðir og/eða aukahluti er ekki hægt að nota Sensor Q-fótinn, t.d. við filtsauma.

Þegar þið notið Sensor Q-fótinn þá lækkar vélin fótinn alltaf svo fóturinn geti haldið við efnið á meðan nálin fer niður í gegn um efnið. Þegar fljótandi fótur er valinn þá lækkar vélin saumfótinn í fljótandi hæð rétt fyrir ofan efnið. Þegar þið notið fljótandi fót þá er hægt að stilla fóthæðina eftir þykkt efnisins sem þið eruð að vinna með og/eða grófleika tvinnans.

*Ath: Tegund útsaumsfótar verður sjálfkrafa sett aftur sem Sensor Q-fótur þegar þið byrjið á nýju verkefni í JoyOS *ráðgjafa*™ aðgerðinni. Fullvissid ykkur um að þið setjið þá Sensor Q-fót á vélina eða breytið stillingunum fyrir fljótandi fót (R-fótinn).*

Sjálfvirk tvinnaklippping

Þegar valið, þá mun vélin sjálfkrafa klippa tvinnana við eftirfarandi aðstæður:

- Yfirtvinninn er sjálfkrafa klipptur og saumfætinum lyft við tvinnaskipti.
- Undirtvinninn og yfirtvinninn verða sjálfkrafa klipptir og saumfætinum lyft þegar vélin hefur lokið við mynstrið.

Sjálfvirk klipping á stökksporum

Þegar þetta er valið verða klippingar sjálfkrafa framkvæmdar og yfirtvinninn togaður niður á rönguna. Þessi aðgerð kemur í veg fyrir að þið þurfið að klippa þessa enda eftir að útsaumnum er lokið. Yfirtvinninn verður klipptur og togaður niður á rönguna eftir að litaskipti hafa átt sér stað á fyrstu litablokkinni, og þegar vélin heldur áfram að sauma eftir stökkspor.

Tvinnaklippingar verða sjálfkrafa framkvæmdar í eftirtöldum aðstæðum:

- Yfirtvinninn er sjálfkrafa klipptur og saumfætinum lyft við tvinnaskipti.
- Við lok útsaums eru bæði undir og yfirtvinninn klipptir og saumfætinum lyft.
- Yfirtvinninn er sjálfkrafa klipptur við byrjun á stökkspori.
- Við klippiskipanir í mynstrum, saumum og forritum.

Ráð: Haldið í tvinnaendann í byrjun útsaums eða við litaskiptingar þannig að þið getið auðveldlega klipppt tvinnaendana með skærum í lok saums.

Ráð: Ef bæði réttan og rangan á mynstrinu verða sýnilegar slökkið þá á klippingum við stökkspor og klippið tvinnana með skærum í lok saums.

Ráð: Ef mynstrin ykkar eru mjög nálægt hvort öðru þ.e.a.s. letur eða forritaðir saumar, slökkið þá á sjálfvirkri klippingunum og klippið endana með skærum í lok saums.

Tvíburanál - valkostir

Þegar stærð tvíburanál er valin mun *deLuxe™* Stitch System sjálfkrafa nota tvinnaspennu. Þegar saumað er út með tvíburanál verður að fjarlægja stingplötuna fyrir beina sauma, því það er ekki hægt að nota hana með tvíburanál. Stilling

fyrir tvíburanál er sjálfkrafa stillt þegar þið ætlið að sauma verkefni með tvíburanál úr JoyOS *advisor™* valmyndinni.

Ath: Það er mjög áriðandi að gera tvíburanála stillinguna virka þegar þið saumið út með tvíburanál til að forða því að skemma vélina.

Sjálfgefnar stillingar

Stillingar sem framkvæmdar eru í sjálfgefnum sauma stillingum verða vistaðar, jafnvel þótt slökkt verði á vélinni.

deLuxe™ Stitch System - Sjálfgefið

Þegar *deLuxe™* saumakerfið er valið verður það sjálfkrafa valið í bráðabirgða sauma stillingum fyrir öll verkefni sem hlaðin eru inn úr þeirri JoyOS *advisor™* aðgerð. Varðandi frekari upplýsingar vísuð við á lýsingar í bráðabirgða sauma stillingum.

“Sensor” fótlyfting - sjálfgefin

Þegar valið - mun “sensor” saumfætinum verða lyft sjálfkrafa í bráðabirgða sauma stillingum fyrir öll verkefni sem hlaðin eru inn í þeirri JoyOS *advisor™* aðgerð. Frekari lýsingar er að finna í lýsingum í bráðabirgða sauma stillingum.

Sjálfvirk tvinnaklipping - sjálfgefin

Þegar valin - verða sjálfvirku tvinnaklippingarnar sjálfkrafa valdar í bráðabirgða sauma stillingum fyrir öll verkefni sem

hlaðin eru inn í þeirri JoyOS *advisor™* aðgerð. Frekari lýsingar er að finna í upplýsingum í bráðabirgða sauma stillingum

Sjálfvirkt FIX - sjálfgefið

Þegar valin - mun sjálfvirka FIX aðgerðin verða sjálfkrafa valin í bráðabirgða sauma stillingum fyrir öll verkefni sem hlaðin eru inn í þeirri JoyOS *advisor™* aðgerð. Frekari lýsingar er að finna í upplýsingum í bráðabirgða sauma stillingum.

Fríhendis valkostir - sjálfgefnir

Veljið á milli tveggja valkosta: fríhendis fljótandi eða fríhendis gorma aðferð. Þegar ein af fríhendis aðgerðunum er valin verður viðeigandi fríhendis aðgerð valin sjálfkrafa í sauma aðgerð fyrir alla þá sauma sem þið veljið í JoyOS *advisor™* henni.

Það er mælt með því að þið veljið ekki valkost fyrir fríhendis í sjálfgefnum sauma stillingum, veljið heldur valkost í sauma aðgerð.

Frekari lýsingar er að finna í upplýsingum í fríhendis valkostum í sauma aðgerð.

Sjálfgefnar útsaums stillingar

Allar stillingar sem framkvæmdar eru í sjálfgefnum útsaums stillingum verða vistaðar, jafnvel þótt slökkt verði á vélinni.

deLuxe™ Stitch System - Sjálfgefið

Þegar deLuxe™sauma kerfið er valið verður það sjálfkrafa valið í bráðabirgða útsaums stillingu fyrir öll ný verkefni sem eru valin í JoyOS *advisor*™ aðgerðinni. Nánari upplýsingar er að finna í lýsingunni í bráðabirgða útsaums stillingum.

Valkostir um tvinnaklippingar - sjálfgefnar

Þegar þeir eru valdir munu tvinnaklippinga valkostir alltaf verða opnaðar í bráðabirgða útsaums stillingum fyrir öll ný verkefni sem hlaðin eru inn frá JoyOS *advisor*™ aðgerðinni. Nánari upplýsingar er að finna í bráðabirgða útsaums stillingum.

Útsaums sveifluhæð - sjálfgefið

Ef útsaums sveifluhæð er valin í sjálfgefnum útsaums stillingum þá verður hún sjálfkrafa stillt á þetta gildi í bráðabirgða útsaums stillingum fyrir öll ný verkefni sem hlaðin verða inn í þessari JoyOS *advisor*™ aðgerð. Nánari upplýsingar er að finna í lýsingunni í bráðabirgða útsaums stillingum.

Mínir rammar

Valdir rammar verða sýndir fyrst í ramma listanum.

Þegar þið hlaðið inn mynstri í fyrsta sinn, þá mun vélin velja heppilegasta rammann af þeim sem þið hafið sett inn í “mínir rammar”.

Ath: Í ramma listanum sjáið þið að á eftir sumum rammastærðunum er bókstafur. Þetta eru sérstakir rammar. T.d. stendur E fyrir endalausan ramma, T fyrir vefnaðaráferðar eða textíl ramma og M fyrir málm ramma.

Véla stillingar

Allar stillingar sem gerðar eru í véla-stillingum verða vistaðar, jafnvel þótt slökkt verði á vélinni.

Tungumál

Veljið það tungumál sem þið viljið nota á skjánum. Öllum textum í vélinni verður breytt yfir í það tungumál.

Hljóðstyrkur

Breytið hljóðstyrknum með því að nota hljóðsleðann. Ef hljóðstyrk er breytt mun það hafa áhrif á öll hljóð vélarinnar. Þegar hljóðsleðinn er lengst til vinstri þá er þaggað niður í hljóðinu.

Sjálfvirk endurtekning

Þegar það er virkt, þá verða sum hljóð eða hljóðviðvaranir eða sprettiglugga-skilaboð endurtekin með millibilum þar til sprettiglugganum er lokað.

Gælunafn fyrir vélina

Snertið “velja gælunafn fyrir vélina” Þetta getur komið sér vel ef þið eigið fleiri en eina vél, til að aðgreina eina vél frá annarri þegar þið vinnið í “mySewnet”. Nafnið verður birt á skjávaranum.

Læsið skjánum

Ef þið eigið það til að snerta skjáinn óvart og með því breyta stillingum sem voru á honum, þá getið þið auðveldlega læst skjánum

Þegar það er valið, þá verður skjánum sjálfkrafa læst í hvert sinn sem hann er óvirkur í tíu sekúndur. Sprettigluggi kemur á skjáinn og skjáinn verður læstur þar til þið snertið OK í sprettiviðvörðuninni.

Birtustilling á díóðu ljósinu

Þið getið stillt birtuna á díóðu ljósinu og stillt það í samræmi við birtuna umhverfis ykkur. Færið sleðann einfaldlega til hægri til að gera birtuna meiri eða til vinstri til að minnka birtuna frá ljósinu.

Mæli-einingar

Snertið millimetra eða tommur til að velja þá mælieiningu sem þið viljið nota.

Stillingar á klukkunni

Í stillingum fyrir klukkuna finnið þið mismunandi stillimöguleika sem tengjast klukkunni. Veljið hvernig þið viljið hafa hana (sýnileg á efstu stikunni er 12 - eða 24 tíma snið) og hvort þið viljið að klukkan sé uppfærð sjálfkrafa eða handvirkt.

Þarna stillið þið einnig inn á tímabeltið þar sem þið eruð stödd. Klukkan er stillt á UTC stillingu (samhæfðan alheims tíma). Sem dæmi þá er UTC tími fyrir London +/- 0 klt, fyrir New York er UTC -5 klukkutímar og Sydney +10 klt. Skrunið í gegn um tímabeltin til að finna það tímabelti sem þið eruð á.

Klukkan aðgerðir

Ef þið hafið kosið að láta klukkuna sjást á efri stikunni, snertið þá klukkuna til að opna frekari klukku aðgerðir. Þar getið þið stillt vekjaraklukku, fundið skeiðklukku og séð hve lengi vélin hefur saumað síðan þið endurstilltuð klukkuna síðast. Snertið hnappinn til að endurræsa skeiðklukkuna og/ eða saumatímann.

Notkun

Sýnir fjölda klukkutíma sem þið hafið saumað og saumað út á vélina frá því að þið stilltuð klukkuna síðast. Þið getið endurstillt telarann með því að snerta “endurræsa” (reset).

WiFi stillingar

Veljið WiFi stillingarnar á vélinni. Í WiFi stillingum getið þið gert WiFi á vélinni virkt eða óvirkt, leitað að tiltækum netum og tengt vélina við þau. Ef þið eruð tengd netaðgangi verður síðasta vélbúnaðar uppfærsla einnig aðgengileg. Þegar WiFi er tengt og þið hafið skráð ykkur inn á *mySewnet*TMskýið, verða allar vistaðar skrár í vélinni samstilltar við *mySewnet*TMskýið.

Lesið meira um möguleikana með WiFi tengingar við vélina í WiFi kaflanum.

*mySewnet*TM Stillingar

Í *mySewnet*TMstillingum getið þið skráð ykkur inn á *mySewnet*TMskýið eða breytt um notanda að vélinni. Þið getið

einnig skráð þar nýjan notanda. Með *mySewnet*TMaðgang að reikningi getið þið fengið aðgang að allri *mySewnet*TMþjónustu.

Lesið meira um möguleikana með *mySewnet*TMí *mySewnet*TMþjónustu.

Upplýsingar um vélina


Upplýsingar um vélina innihalda tæknilegar upplýsingar eins og framleiðslunúmer vélarinnar, MAC adressu vélarinnar og núverandi stýribúnað. Í upplýsingum um vélina getið þið einnig hreinsað út notendareikning og skrár.

I2 Skráarstjórn

Skráarstjórn - Yfirlit

Skráarstjórn er notuð til að opna skrár, leturgerðaskrár og saumaskrár. Geymið vistaðar skrár í *mySewnet™* möppunni í skýinu eða á USB tækisem hægt er að tengja við vélina ykkar.

Snertið svörtu örina á skráarstjórnar hnappnum til að stækka skráarstjórnina á skjánum og snertið hana á ný til að minnka hana.



1. Núverandi mappa
2. Færa upp um eitt þrep
3. Skráarstjórn
4. Valflötur
5. Endurskíra skrá eða möppu
6. Hanna nýja möppu

7. Klippa
8. Afrita
9. Líma
10. Eyða
11. Sía skrár
12. Skráar upplýsingar

13. Listi / Smámyndir
14. Fjölval
15. USB tæki
16. Innbyggð mynstur
17. *mySewnet™* Mappa í skýinu

Skráarsnið

Vélin getur hlaðið inn eftirtalin skráarsnið:

- .VP3, .SHV, .DHV, .VIP, .HUS, .PEC, .PES, .PCS, .XXX, .SEW, .JEF, .EXP, .10 og .DST (útsaums skrár).
- .SH7 (Sauma skrá)
- .VF3 (Útsaums leturskrá)
- .JOS (JoyOS *advisor*TM verkefna skrá)

Ath: Sumar útgáfur af útsaums skráum eru ekki studdar af vélinni.

Skoðið skráarstjórnina

Til að opna skráarstjórn, snertið hnappinn fyrir skráarstjórn. Snertið hnappinn á ný til að stækka skráarstjórn á skjánum.

Geymið mynstur, leturgerðir og sauma í *mySewnet*TM möppunni í skýinueda á USB tæki sem tengt er við USB tengilinn. Hnappurinn fyrir USB tækin er aðeins fyrir hendi þegar USB tæki er tengt við vélina.

Til að sýna innihaldið, snertið þið einhvern af eftirtöldum hnöppum *mySewnet*TM möppu í skýinu, innbyggð mynstur eða USB tæki. Strjúktu með fingri frá hægri til vinstri til að skruna og skoða innihaldið. Mynstur skrár og leturgerðar skrár eru sýndar eins og smámyndir eða með táknum.



Hnappur fyrir skráarstjórn



mySewnetTM mappa í skýinu



Innbyggð mynstur



USB tæki



Tákn fyrir sauma skrár



Tákn fyrir mynstur skrár

Opnið skrá eða möppu

Snertið skrá til að lesa upplýsingar um hana á upplýsingafleti fyrir skrár. Snertið og haldið við skrána til að hlaða henni inn.

Ef þið hlaðið útsaums leturgerðar skrá verður henni hlaðið inn í forrita útsaumaðan texta. Ef þið hlaðið sauma leturgerð, verður henni hlaðið inní forritun.

Snertið og haldið við möppu til að opna hana. Innihald möppunnar verður sýnt á valfletinum. Slóð opinnar möppu er skráð í núverandi möppusvæði.

Fjölval

Ef þið viljið velja nokkur mynstur, sauma eða letur í einu, þá snertið þið hnappinn fyrir fjölval. Á meðan fjölval er valið, snertið þið skrárnar sem þið viljið nota. Afritið og límið valdar skrár t.d. í aðra möppu í skráarstjórn.

Ath: Ef þið reynið að hlaða inn samblandi af skráum/ möppum sem ekki er hægt að hlaða inn á sama stað, þá kemur sprettigluggi á skjáinn.



Farið upp um eina möppu.

Notið "fara upp um eina möppu" til að fara upp í gegn um öll möppuþrepin. Hægt er að fara alla leið upp að fyrstu möppunni. Á valfletinum sjáið þið skrárnar og möppurnar í hverju þrepi um leið og þið færið ykkur upp. Snertið og haldið við möppu til að opna hana.



Skoðun á listum/smámyndum

Snertið skoðunarhnappinn fyrir lista og smámyndirnar til að vixla á milli til að skoða lista eða smámyndatáknin. Í lista-skoðun er sérhver skrá sýnd með skráarnafni og skráartegund. Í smámynda skoðun er hver skrá sýnd með skráarnafni og smámynd af skránni.




mySewnet™ Mappa í skýinu

Vistið mynstur, sauma og letur í skrána í *mySewnet™* skýja möppuna í vélinni. Ef þið eruð tengd við *mySewnet™* reikningykkar í skýinu og tengd við *mySewnet™* verða allar skrár samstilltar sjálfkrafa við *mySewnet™* skýið. Lesið meira um *mySewnet™* skýið í *mySewnet™* kaflanum yfir skýið.



Innbyggð mynstur

Innbyggðir skrautsaumar eru saumar sem eru innbyggðir og eru varanlega í minni vélarinnar. Ekki er hægt að fjarlægja eða bæta neinum saumum við minni innbyggðu saumanna. Þið getið einnig nálgast þessa sauma í mynstur valmyndinni.



USB tæki

USB hnappurinn er aðeins virkur þegar eitthvað USB tæki er tengt við vélina. Snertið USB hnappinn til að skoða tengd USB tæki. Snertið USB tæki til að skoða það.



Skipuleggja

Hér fyrir neðan eru leiðbeiningar um hvernig á að skipuleggja skrárnar í skráarstjórn.

Hanna nýja möppu

Snertið hnappinn “hanna nýja mölppu” til að hanna nýja möppu á núverandi stað. Sprettigluggi kemur upp þar sem þið getið skrifað nafn á nýju möppunni.



Endurskíra skrá eða möppu

Til að breyta nafni á skrá eða möppu, snertið þið hana og snertið síðan hnappinn “endurskíra skrá eða möppu”. Sprettigluggi kemur á skjáinn þar sem þið getið skráð nýtt nafn á skrá eða möppu.




Færa möppu eða skrá


Notið “klippa og líma” til að færa skrár eða möppur á aðra staði.

Veljið skrárnar eða möppurnar og snertið síðan hnappinn “klippa” (cut). Opnið möppuna þar sem þið viljið staðsetja það sem þið völduð. Snertið hnappinn “líma” (paste). Skrárnar eða möppurnar eru nú fjarlægðar frá upprunalegum stað og eru nú komnar í nýja möppu.

Ath: Gerið fjöl val virkt til að geta valið og fært fleiri en eina skrá eða eina möppu samtímis.



Klippa



Líma

Afrita skrá eða möppu


Notið “afrita og líma” til að afrita skrá(r) eða möppu(r) og færa þær á annan stað.

Veljið skrárnar eða möppurnar og snertið síðan hnappinn “afrita”. Opnið möppuna þar sem þið viljið staðsetja það sem þið völduð. Snertið hnappinn “líma” (paste). Skrárnar eða möppurnar eru nú geymdar í nýrri möppu og upprunalegu skrárnar eða möppurnar eru einnig í fyrri möppunni.

Ath: Gerið fjöl val virkt til að geta valið og fært fleiri en eina skrá og/ eða möppu samtímis.



Afrita



Líma

Eyða skrá eða möppu

Til að eyða skrá eða möppu snertið þið eyðingar hnappinn. Sprettigluggi kemur á skjáinn þar sem þið getið staðfest aðgerðina. Ef möppu er eytt, þá eyðast um leið allar skrár sem eru í viðkomandi möppu.

Til að eyða öllum skráum og möppum í viðeigandi möppu, snertið þið og haldið eyðingar-hnappnum í nokkrar sekúndur. Sprettigluggi kemur fram þannig að þið getið staðfest eyðinguna.



Víxlið á milli “breytinga” (edit) og “síu” (filter) skoðunar


Ef þið stækkið skráarstjórn á skjánum, þá verða allir hnappar sem hægt er að nota fyrir skipulagningar sýndir á sama tíma í neðri hlutanum í skráarstjórn.

Ef skráarstjórn er ekki stækkuð á skjánum, snertið þá víxl-hnappinn til að fara á milli hnappa sem notaðir eru fyrir breytingar og undirbúnings og hnappa til að sía með. Ef síu-hnappur hefur verið valinn og rofinn er stilltur á undirbúnings skoðun, þá birtist upphrópunarmerki til að minna ykkur á að skrár hafa verið síaðar og afleiðingin er sú að allar skrár í núverandi möppu verða kannski ekki allar sýnilega.



Sía skrár

Ef þið hafið mikið magn í möppu þá getið þið síað tiltekna skrár í núverandi skoðun. Snertið einn eða fleiri af síu hnöppunum t.d. til að sýna aðeins mynstur og/eða sauma. Það sem sýnt verður á skjánum mun breytast eftir því hvaða hnappur er valinn.



- | | |
|----------------|--|
| 1. Sía möppur | 4. Sía letur |
| 2. Sía sauma | 5. Sía JoyOS <i>advisor</i> TM verkefna skrár |
| 3. Sía mynstur | |

Sprettið gluggar í skráarstjórn

Viltu eyða ?

Þegar þið eyðið skrá eða möppu, þurfið þið að staðfesta eyðinguna í sprettið glugga sem kemur á skjáinn. Þetta kemur í veg fyrir að þið eyðið einhverju fyrir mistök.

Mappan er þegar fyrir hendi.

Þið getið ekki gefið nýrri möppu sama nafn og er á eldri möppu á sama þrepi. Hannið möppuna á öðru þrepi eða gefið henni annað nafn á hinu þrepinu.

Fyrirliggjandi rými á *mySewnet*™ skýinu er lítið.

Þegar lítið rými er eftir, lætur vélin ykkur vita tímanlega. Ef þið haldið áfram að hlaða inn á minnið, minnir hún ykkur ekki aftur, fyrr en minnið er alveg fullt. Færið skrárnar á USB tæki með því að nota klippa og líma aðferðina til að losa um rými.

Sambland af völdum skráar-tegundum er ekki hægt að hlaða inn.

Sumar blöndur af skráum er ekki hægt að hlaða inn á sama stað með því að nota fjöl-val.

I3 Viõhald

Vélin hreinsuð að utan

Til að halda vélinni í góðu lagi þurfið þið að hreinsa hana oft. Ekki þarf að smyrja þessa vél.

Strjúkið vélina að utan með hreinum og mjúkum klút til að hreinsa ryk og ló af henni.


Hreinsið skjáinn eingöngu með hreinum, mjúkum og aðeins rökum klút.

Fjarlægið stingplötuna og hreinsið gríparasvæðið



Takið neðri flytjarann úr sambandi með því að lyfta saumfætinum í sína efstu stöðu. Slökkið á vélinni.

- Fjarlægið saumfótinn og lokið yfir gríparanum.
- Setjið skrufjárn undir stingplötuna eins og sýnt er á myndinni og snúið því varlega þar til stingplatan smellur upp.
- Hreinsið tennur flytjarans með burstanum sem fylgir með vélinni.



Hreinsað undir spólusvæðinu

Hreinsið svæðið undir spólunni í hvert sinn sem þið hafið notað vélina í nokkur skipti eða í hvert sinn sem þið sjáið að óhreinindi og ló hafa safnast fyrir þar.

- Fjarlægið hölduna fyrir spóluhúsið (A) með því að lyfta því upp.
- Fjarlægið spóluhúsið (B) með því að lyfta því upp.
- Hreinsið svæðið með burstanum.




Farið varlega í svæðinu í kring um tvinnaklökkurnar (C).

- Setjið spóluhúsið og hölduna fyrir það aftur á sína staði.

Ath: Notið aldrei loft til að blása inn í þetta svæði. Þá getur lóin og óhreinindin bara farið lengra inn í vélina.


Ath: Þegar þið eruð að nota aukabluti HUSQVARNA VIKING® útsaums gatasaums nálar eða HUSQVARNA VIKING® fílt útsaums settið er nauðsynlegt að hreinsa gríparasvæðið eftir hverja notkun.

Ath: Hreinsið svæði oftast þegar þið eruð að nota þessa aukabluti. Hreinsið svæðið ávallt ef þið þurfið að fjarlægja stingplötuna.



Stingplatan sett á sinn stað

- Með flytjarann úr sambandi setjið þið stingplötuna þannig á vélina að hún falli að hakinu aftanvert (A).
- Þrýstið á stingplötuna þar til hún smellur á sinn stað.
- Setjið lokið aftur yfir gríparann.



Gangtruflanir og ráð við þeim

Hér getið þið e.t.v. fundið lausn á þeim vandamálum sem upp geta komið. Ef ykkur vantar frekari upplýsingar hafið þá samband við HUSQVARNA VIKING®Pfaff þjónustuna sem mun reyna að hjálpa ykkur.

Ath: Fyrir vandamál sem tengjast tengingu við netið og mySewnet™ þjónustuna biðjum við ykkur að fara í kaflann “troubleshooting” í innbyggðu leiðbeiningunum.

Almenn vandamál

Spóluviðvörðunin virkar ekki	Hreinsið ló úr gríparasvæðinu og notið aðeins réttar HUSQVARNA VIKING®spólur sem eru viðurkenndar fyrir þessa vél.
Tvinnaklippurnar klippa ekki tvinnana	Fjarlægið stingplötuna og hreinsið svæðið í kring um spólusvæðið. Gerði tvinnaklippurnar virkar í stillivalmyndinni (settings menu).
Vélin flytur ekki efnið.	Athugið hvort vélin hefur verið stillt á fríhendis sauma. Athugið hvort flytjarinn hefur verið tekinn úr sambandi í stillivalmyndinni.
Rangur saumur - óreglulegur eða of mjór saumur.	Stilling fyrir tvíburanál í sambandi, sporbreiddaröryggið í stilli valmyndinni.
Nálin brotnar	Setjið nálin rétt í nálarhölduna eins og ráðlagt er - sjá Skipt um nál, bls. 31. Notið nál sem hentar fyrir efnið sem verið er að sauma. Sjá Val á réttum tvinna / og réttri nál fyrir þann tvinna., bls. 33.
Vélin saumar ekki	Athugið hvort allir tenglar séu rétt settir í vélina og veggtegilinn.
Lélegur sauma og/eða útsaumsárangur.	Notið eingöngu fylgihluti sem hafa verið hannaðir fyrir þessa DESIGNER BRILLIANCE™ 80 vél. Farið eftir öllum ráðleggingum á skjánum.

Hnapparnir á skjánum eða aðgerðarhnapparnir virka ekki þegar þeir eru snertir.	Tenglarnir og aðgerðarhnapparnir á vélinni geta verið viðkvæmir fyrir stöðurafmagni. Ef hnapparnir virka ekki við snertingu slökkvið þá á vélinni og kveikið á henni aftur. Ef vandamálið hverfur ekki, hafið þá samband við HUSQVARNA VIKING® Pfaff þjónustuna.
Þegar þið saumið þykk og þéttofin efni getur verið að vélarhljóðið verði einnig þyngra.	Þessi hljóð eru ekki merki um að eitthvað sé að vélinni. Vélin er með sérstakan titrandi elektrónískan útbúnað sem gefur nálinni aukalegan kraft þegar hún verður fyrir mótstöðu eins og þegar hún þarfa að stinga í gegn um þétt og þykk efni. Hljóðin koma einnig frá því þegar nálin kemur upp úr efninu og lyftir saumfætinum. Aukið þrýstinginn á saumfótinn ef og þegar saumfóturinn lyftist. Ef hljóðið virðist ekki vera í sambandi við titrandi nálarkraftinn, hafið þá samband við HUSQVARNA VIKING®Pfaff þjónustuna.

Vélin hleypur yfir spor

Er nálin rétt sett í nálarhölduna?	Setjið nálina rétt í nálarhölduna eins og ráðlagt er - sjá Skipt um nál , bls. 31.
Er röng tegund af nál í vélinni?	Notið nálar 130/705H. Notið nál sem hentar völdu efni og völdum tvinna. Sjá Val á réttum tvinna / og réttri nál fyrir þann tvinna., bls. 33.
Er nálin bogin eða oddlaus?	Setjið nýja nál í vélina.
Er vélin rétt þrædd?	Fjarlægið tvinnann og þræðið vélina á ný. Láréttur keflispinni, bls. 31.
Er réttur saumfótur á vélinni?	Setjið réttan saumfót á vélina.
Er nálin of fín fyrir tvinnann sem þið notið?	Skiptið um nál.
Hreyfist efnið upp og niður með hreyfingu nálarinnar þegar þið eruð sauma frihendis eða að sauma út?	Setjið “Sensor” Q-fótinn á vélina.

Yfirtvinninn slitnar

Er nálin rétt sett í nálarhölduna?	Setjið nálina rétt í vélina, sjá Skipt um nál , bls. 31.
Er röng tegund af nál í vélinni?	Notið nálar 130/705H. Notið nál sem hentar völdu efni og völdum tvinna. Sjá Val á réttum tvinna / og réttri nál fyrir þann tvinna., bls. 33.
Er nálin bogin eða oddlaus?	Setjið nýja nál í vélina.
Er vélin rétt þrædd?	Fjarlægið tvinnann og þræðið vélina á ný. Láréttur keflispinni, bls. 31.
Er nálin of fín fyrir tvinnann sem þið notið?	Setjið réttan grófleika af nál í nálarhölduna.
Eru þið að nota hnökróttan eða gamlan og þurran tvinna?	Skiptið og notið HUSQVARNA VIKING® hágæða tvinna.
Er besta staða fyrir tinnakeflið notuð?	Reynið aðra stöðu fyrir tvinnakeflið.
Er gatið. á stingplötunni skemmt?	Skiptið þá um stingplötu.
Er tvinnaspennan e.t.v. of há fyrir valinn tvinna?	Losið um tvinnaspennuna í litlum skrefum þar til vandamálið er leyst.

Undirtvinninn slitnar

Er rétt tegund af spólu í vélinni?	Notið eingöngu spólur sem eru fyrir þessa vél.
Er spólan rétt sett í vélina?	Yfirfarið undirtvinnann.
Er gatið. á stingplötunni skemmt?	Skiptið þá um stingplötu.
Er ló og óhreinindi í gríparasvæðinu?	Hreinsið ló úr gríparasvæðinu og notið eingöngu spólur sem eru fyrir þessa vél.
Er rétt spólað á .spóluna?	Spólið á nýja spólu.

Sporin í saumnum eru ójöfn

Er tvinnaspennan rétt?	Athugið spennuna fyrir yfirtvinnann. Fjarlægið tvinnann og þræðið vélina á ný. Láréttur keflispinni, bls. 31.
Er tvinninn sem þið eruð að nota of grófur eða lélegur?	Skiptið um tvinna
Er undirtvinninn jafnt spólaður á spóluna?	Yfirfarið.
Er rétt nál notuð?	Setjið nýja nál í vélina, sjá Skipt um nál , bls. 31. Notið nál sem hentar fyrir efnið sem verið er að sauma. Sjá Val á réttum tvinna / og réttri nál fyrir þann tvinna., bls. 33.

Vélin flytur efnið óreglulega eða alls ekki

Er vélin rétt þrædd?	Fjarlægið tvinnann og þræðið vélina á ný. Láréttur keflispinni, bls. 31.
Hefur ló eða óhreinindi safnast á milli tannaraða flytjarans?	Fjarlægið stingplötuna og hreinsið á milli tannaraðanna með burstanum.
Er frihendis stillingin á?	Afveljið frihendis stillinguna í sauma aðgerð.
Er flytjarinn kannski úr sambandi?	Athugið hvort flytjarinn hefur verið tekinn úr sambandi í stillivalmyndinni.
Er réttur saumfótur á vélinni?	Setjið réttan saumfót á vélina.

Tvinnalykkjur koma niður á rönguna á útsaumsmyndun

Hafa sporin í útsaumnum kannski hlaðist upp undir saumfætinum?	Setjið “Sensor” Q-fótinn á vélina. Ef þið eruð að nota R-fót, aukið þá aðeins við sveifluhæðina í smáum þrepum í stillivalmyndinni þar til vandamálið er leyst.
--	--

Útsaumurinn er bjagaður.

Eru efnin rétt spennt í rammann?	Efnin verða að vera rétt spennt í rammann. Notið rammaklemmur þegar þið notið stærri ramma.
Er innri ramminn rétt settur í ytri rammann?	Spennið efnið þannig í rammann að innri ramminn spennist rétt í ytri rammann.
Er ekkert á svæðinu í kring um útsaumsarminn og rammann?	Hreinsið allt svæðið í kring um útsaumsáholdið.
Er ramminn rétt settur á útsaumsarminn?	Fullvissið ykkur um að tengistykki rammans sé sett alla leið inn í mótstykkið á rammahöldunni á útsaumsarminum.

Útsaumurinn rykkist.

Notið þið rétt eða gott undirleggsefni?	Fullvissið ykkur um að þið notið rétt undirleggsefni fyrir þá tækni og efni sem þið eruð að sauma.
---	--

Vélin vill ekki sauma út

Er útsaumsáhalðið rétt sett á vélina?	Fullvissið ykkur um að útsaumsáhalðið sé rétt tengt við tengilinn á vélinni.
Notið þið réttan ramma?	Setjið réttan ramma á útsaumstækið.

Tengjanleiki - bilanagreining

Vélin tengist ekki við WiFi netkerfi.

Vélin vill ekki tengjast við WiFi netkerfi.	Fullvissið ykkur um að WiFi sé tengt við vélina ykkar. Snertið WiFi hnappinn á toppstikunni eða farið í WiFi stillingar. Fullvissið ykkur um að vélin nái sambandi við merki frá WiFi netkerfi. Ef þið fáið ekkert merki, færið vélina þá nær WiFi beininum (router). Fullvissið ykkur um að þið hafið valið WiFi netkerfi.
Vélin er ekki með neitt netsamband.	Fullvissið ykkur um að WiFi beinirinn sé með samband við netið.
WiFi nettenging þarfnast aðgangsorðs.	Fullvissið ykkur um að þið hafið valið rétt WiFi netkerfi og stimplað inn rétt aðgangsorð. Ef þið hafið gleymt aðgangsorðinu, hafið þá samband við þann sem stjórnar því.

Vélin getur ekki tengst mySewnet™ skýinu

Vélin getur ekki tengt skrárnar mySewnet™ við skýið	Fullvissið ykkur að þið séuð með WiFi tengingu Fullvissið ykkur um að þið hafið tengst mySewnet™ reikningi ykkar. Nýir mySewnet™ reikningar eru skráðir í vélinni eða hjá husqvarnaviking.mysewnet.com. Fullvissið ykkur um að nægjanlegt rými sé í mySewnet™ skýinu. Ef mySewnet™ skýið er ekki til reiðu þrátt fyrir að þið hafið athugað WiFi tenginguna ykkar, þá gæti netþjónninn verið upptekinn eins og er. Reynið aftur seinna.
---	--

Þjónusta

Látið umboðsaðila fara yfir vélina með reglulegu millibili.

Ef þið hafið farið yfir þessar leiðbeiningar og hafið enn við vandamál að stríða hafið þá samband við umboðið. Það er alltaf gott að láta sýnishorn af efni og tvínnanum sem þið notið fylgja með vélinni. Einnig er gott að fá sýnishorn af vandamálinu ef það er hægt. Saumað sýnishorn getur oft sagt meira en þúsund orð.

Hlutir og aukahlutir sem ekki eru frá PFAFF

Ábygd vélarinnar getur fallið niður ef þið notið hluti frá öðrum framleiðendum.

Tæknilegar upplýsingar

DESIGNER BRILLIANCE™ 80vélin

Fyrir spennu	100-220V/240V, 50-60Hz
Venjuleg rafmagnsnotkun	allt að 100W
Ljós	Díóðuljós
Saumhraði	hámark 1050 spor á mínútu
Fótmótstaða tegund	FR5
Tegund öryggis	II
WiFi forritseining	
Tíðni	2.4GHz band 802.11 b/g/n
Sendistyrkur	+17 dBm
Móttökunæmi	-97 dBm
Nettó þyngd - aðeins vélin í kg.	10
Nettó þyngd - aðeins útsaumsáhalðið í kg.	3,7
Mál á vél:	
Lengd (mm)	485
Dýpt (mm)	249
Hæð (mm)	300

- Réttur áskilinn til að breyta öllum tæknilegum atriðum án fyrirvara.

14 ÁRÍÐANDI

ÁRÍÐANDI ÖRYGGIS LEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28 og UL1594.

Þegar þið notið rafmagnstæki ætti ávallt að gæta grundvallar öryggisatriða og þar á meðal eftirfarandi:

Lesið allar leiðbeiningar áður en þið byrjið að nota saumavélina. Geymið allar leiðbeiningar á hentugum stað og nálægt vélinni. Munið að láta þriðja aðila fá allar leiðbeiningar með vélinni ef þið lánið vélina.

HÆTTA — TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR RAFMAGNSSTUÐ:

- Saumavél á aldrei að skilja eftir í sambandi við rafmagn nema þið getið fylgst með henni. Takið véina ávallt úr sambandi við rafmagn eftir notkun og einnig áður en þið ætlið að hreinsa hana, fjarlægja lok, smyrja hana eða þegar þið ætlið að framkvæma einhverjar stillingar sem getið er um í leiðbeiningunum.

VIÐVÖRUN — TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR HÆTTU AF BRUNA, ELDI, RAFMAGNS- STUÐI EÐA SLYSI Á FÓLKI:

- Leyfið engum að nota vélina sem leikfang. Þið þurfið að fylgjast vel með þegar saumavélin er notuð af eða nálægt börnum.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísi vélarinnar og notið eingöngu þá fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar og lýst er í þessum leiðbeiningum.
- Notið vélina aldrei ef ramagnsleiðslur eða klær á þeim eru skemmdar, né ef vélin hefur skemmst eða dottið í vatn. Komið vélinni þá sem allra fyrst til næsta umboðsaðila til athugunar, viðgerðar eða stillinga.
- Notið saumavélina aldrei ef loftraufarnar á henni eru ekki vel opnar. Gætið þess vel að engin ló eða önnur óhreinindi safnist fyrir í loftraufum vélarinnar eða fótómótstöðunnar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið ávallt viðeigandi stingplötu. Röng plata getur orsakað að nálin brotni.
- Notið aldrei bognar nálar.
- Togið ekki eða ýtið á efnið þegar þið saumið — það gæti orsakað að nálin rekist í málmlhuti vélarinnar.
- Notið jafnvel öryggisgleraugu.

- Slökkvið ávallt á vélinni (“0”) þegar unnið er nálægt nálarsvæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipta um nál, saumfót eða spólu.
- Gætið þess að engir smáhlutir detti í gegn um raufarnar inn í vélina.
- Notið vélina aldrei utanhúss.
- Notið vélina ekki þar sem verið er að nota údaefni (spray) eða þar sem unnið er með súrefni.
- Til að aftengja vélina setjið þið allar stillingar á (“0”) stöðu, og takið rafleiðsluna síðan úr sambandi við vegg tengil.
- Aftengið vélina ekki við rafmagn með því að toga í leiðsluna — takið um klóna en ekki leiðsluna.
- Fótómótstaðan er notuð til að stjórna hraða vélarinnar. Setjið aldrei hluti ofan á fótómótstöðuna.
- Notið vélina aldrei ef hún er rök eða blaut.
- Ef díóðu lýsingin (LED) er skemmd eða brotin verður viðurkenndur þjónustuaðili framleiðanda að skipta um hana.
- Það sama á við um rafleiðslurnar í mótstöðuna — viðurkenndur þjónustuaðili framleiðanda á að skipta um hana.
- Saumavél þessi er með tvöfalda einangrun. Sjá nánar leiðbeiningar um viðgerðir á tækjum sem eru með tvöfalda einangrun.

GEYMIÐ LEIÐBEININGARNAR

EINGÖNGU FYRIR EVRÓPU:

Börn 8 ára og eldri svo og aðilar með líkamlega eða andlega skerta starfsemi eða skynjun mega nota saumavélina ef þau hafa fengið tilsögn í notkun hennar og skilja hættunarnar sem af svona vél geta stafað, og/eða ef fylgst er með þeim þegar þau nota hana. Börn eiga þó aldrei að nota vélina sem leikfang. Hreinsun og annað viðhald eiga þó eingöngu fullkomnir að framkvæma.

Hávaðastig í venjulegri notkun er minni en..

Vélina má eingöngu nota með fótómótstöðu framleidda af Shanghai Binao Precision Mould Co., Ltd.

EINGÖNGU FYRIR LÖND UTAN EVRÓPU:

Þessi saumavél er ekki ætluð til notkunar þeirra (börn þar með talin) sem eru líkamlega eða andlega skert eða með skerta skynjun, eða sem ekki hafa fengið til þess kunnáttu eða reynslu, nema því aðeins að þau hafi fengið leiðbeiningar og kennslu um notkun saumavélarinnar hjá aðila sem er ábyrgur fyrir öryggi þeirra.

Hávaðastig í venjulegri notkun er minni en..

Vélina má eingöngu nota með fótómótstöðu framleidda af Shanghai Binao Precision Mould Co., Ltd.

ÞJÓNUSTA Á RAFTÆKJUM MEÐ TVÖFALDA EINANGRUN

Í tækjum með tvöfalda einangrun eru tvö kerfi af einangrun í stað jarðtengingar. Engin jarðtenging er notuð á tækjum með tvöfalda einangrun, og ekki má jarðtengja slík tæki. Þjónustu við tæki með tvöfalda einangrun mega eingöngu þeir framkvæma sem hafa til þess þekkingu og réttindi. Varahlutir í tæki með tvöfaldri einangrun verða ávallt að vera nákvæmlega

eins og hluturinn sem var í tækinu. Tæki sem er með tvöfalda einangrun eru merkt með orðunum 'DOUBLE INSULATION' eða 'DOUBLE INSULATED'.

Licenses

Placeholder for links to licence documents.

Þið hafið eignast nýttísku uppfæranlega sauma og útsaumsvél Þar sem við framkvæmum reglulega uppfærslur bæði á vélbúnaði og hugbúnaði þá er sá möguleiki fyrir hendi að lýsingarnar í þessum leiðarvísi séu ekki alveg eins og vélin ykkar. Hafið samband við söluaðila HUSQVARNA VIKING® ykkar, og athugið að heimsækja heimasíðu okkar www.husqvarnaviking.com til að fylgjast með nýjustu breytingum í hugbúnaði og leiðbeiningum okkar.

Við áskiljum okkur rétt til að breyta fylgihlutum og fjölda þeirra án fyrirvara eða gera smávægilegar breytingar á vélbúnaði og útliti vélarinnar. Slíkar breytingar munu hinsvegar ávallt koma eigendum og notendum vélanna til góða.

INTELLECTUAL PROPERTY (EIGN Á HUGVERKI)

Einkaleyfi sem verja þessa vél eru á lista sem er á miða undir vélinni.

DESIGNER BRILLIANCE, EINSTAKT NEMAKERFI, MYSEWNET, VIKING, KEEPING THE WORLD SEWING og Design eru skráð vörumerki Singer Sourcing Limited LLC.

HUSQVARNA og “H” krónan eru vörumerki Husqvarna AB. © 2018 Singer Sourcing Limited LLC. Allur réttur áskilinn.



Vinsamlegast athugið að þegar þessu tæki verður fargað að það verði þá gert í samræmi við viðeigandi reglugerðir í því landi sem það á sér stað. Fargið aldrei rafmagnstækjum með venjulegu sorpi - komið þeim í endurvinnslu. Hafið samband við opinbera aðila til að afla upplýsinga um endurvinnslustöðvar. Þegar þið kaupið nýja vél þá gæti vel verið að seljandi vélarinnar sé skyldugur að losa ykkur við gamla tækið án kostnaðar.

Ef rafmagnstæki eru urðuð með venjulegu heimilissorpi er hætta á því að hættuleg spilliefni komist út í fæðukeðjuna sem getur orðið hættulegt heilsu manna.

Manufacturer

VSM GROUP AB

Drottninggatan 2, SE-56184, Huskvarna, SWEDEN

